



Sauðburður byrjaði snemma á Hlíðarbæ II í Þingvallasveit



Oddvitinn þrjónaði peysur á öll nýfædd börn



Valgerður Guðjónsdóttir er Íslandsmeistari í blómaskreytingum

Bændablaðið

9. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 8. maí ● Blað nr. 418 ● 20. árg. ● Upplag 31.000

Íslenskar landnámshænur vinsælar í Danmörku

– Um 100 félagar í klúbbi um íslenskar hænur á danskri vefsíðu

Halldór Guðlaugsson, sem er fæddur í Hvammi í Eyjafirði, býr nú í þorpinu Nymark á Fjóni í Danmörku ásamt eiginkonunni Dorthe Havmøller Nielsen og Héðni, nýfermdum syni þeirra. Halldór starfar nú sem fjósamaður á Fjóni þar sem mjólkurkýrnar eru eitthvað á þriðja hundraði en sinnir ræktun á íslenskum landnámshænsnum í frístundum sínum.

„Ég keypti fyrsta parið hér í nágrenninu, vorið 2010. Við eftirgrennslan seinna komst ég

að því að þetta par átti ættir að rekja til innflutnings af nokkrum eggjum frá Valgerði á Húsatóftum. Sá innflutningur átti sér stað einhverjum árum fyrr, ég veit ekki nákvæmlega, en eggin voru vottuð af dýralækni svæðisins. Frá þessu pari er stór hluti minna hænsna kominn, en auk þess fékk ég tvær hænur og seinna hana gegnum kunningja hér. Öll þau hænsni koma frá búi Jóhönnu Harðardóttur, fyrirverandi formanns ERL. Ég er búinn að missa tölu á því hve margir hafa fengið fugla frá mér. En það

gætu verið um 30 manns, sem síðan hafa selt áfram frá þeim stofni. Ég veit líka um aðra einstaklinga sem hafa fengið egg frá Íslandi á síðustu árum og hafa verið með til að dreifa stofni íslenskra hænsna hér í Danmörku. Það eru nú að verða 100 félagar í klúbbum um íslenskar hænur hér á netinu. Sumir þessara einstaklinga eru ekki búsettir í Danmörk en svo eru aftur á móti nokkrir sem ég veit um að hafa fengið egg/dýr frá mér, sem ekki eru með í „Íslandske Landnamshøns i Danmark“, eins og vefsíðan heitir. Ég hef líka verið í sambandi við sams konar félagsskap í Svíþjóð og það hafa verið send egg héðan frá Danmörk til að hjálpa þeim með ræktunina,“ segir Halldór.

Halldór hefur lagst í töluverðar rannsóknir á íslensku hænunum og gerir nú m.a. tilraunir með að hreinrækta úr sínum stofni ákveðin litaafrögð. Telur hann að þessar tilraunir sýni meðal annars að hvítu litaafrögðin í stofninum séu eðlileg afbrigði út frá brúnum hænum en stafi ekki af blöndun í fortíðinni við hvítar ítalskar hænur eins og gjarnan hefur verið haldið fram. Hann segir þó erfitt að fullyrða nokkuð um uppruna og hreinleika þess stofns sem menn kalla nú landnámshænur, en eigi að síður sé það skammtilegt viðfangsefni að rækta þær. /HKR.



Ein af hamingjusömu hænum Halldórs af íslenskum uppruna með ungana sína. Þeir skriðu úr eggjum um páskana. Mynd / HKR.



Halldór Guðlaugsson með stoltan svartan landnámshana af íslenskum uppruna. Innfellda mynd Halldórs er af fyrsta parinu sem hann eignaðist 2010. Mynd / HKR.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Bændasamtök Íslands vinna að framtíðarlausnum á vanda vegna fugla:

Móta aðgerðaráætlun til að bregðast við ásókn álfra og gæsa í ræktarlönd bænda

Fundað var í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á þriðjudag um mótun aðgerðaráætlunar vegna ágangs álfra og gæsa á ræktarlönd bænda. Þar voru meðal annars kynntar hugmyndir um að hleypa af stað könnun á næstu vikum meðal bænda þar sem ætlunin er að skrásetja umfang vandans í sveitum landsins.

Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri á skrifstofu landgæða í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, segir að talsvert hafi verið unnið að því hvernig draga megir sem mest úr tjóni bænda vegna ágangs frá stækkandi fuglastofnum. Vandinn sé hins vegar sá að tjónið hafi ekki verið metið og því sé erfitt að skilgreina og skipuleggja viðbrögð þar sem skortur sé að góðum upplýsingum um vandamálið. Með þeirri könnun sem nú er verið að hleypa af stokkunum sé ætlunin að



Jón Geir Pétursson.

hefðu verið mættir fulltrúar ráðuneytis, Umhverfisstofnunar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Bændasamtaka Íslands. Fyrr í vetur hefur sami hópur hist á nokkrum fundum ásamt fulltrúum Fuglaverndar og Náttúrufræðistofnunar. Sagði hann að fulltrúar BÍ hafi þar viðrað hugmyndir um að virkja gagnagrunn „Bændatorgs“, jörð.is, þar sem skráðar eru allar upplýsingar bænda

bæta úr þessu svo hægt sé að gera viðbragðsáætlun.

Öflugur gagnagrunnur

Jón Geir sagði fundinn á þriðjudag hafa verið mjög gagnlegan. Þar

um landnýtingu á sínum jörðum. Með því að gera umbætur á því kerfi ættu bændur að geta skilgreint og skráð allt tjón sem þeir verða fyrir af völdum villtra fugla og á hvaða spildum tjón verður.

Sagði Jón Geir að það skráningarkerfi sem þarna er væri miklu betra og umfangsmeira en hann hafi gert sér grein fyrir. Því væri kjörið að endurbæta það í samstarfi bænda og umhverfisvirkvalda svo það gæti nýst bændum og þá stjórnvöldum um leið til að halda utan um allt tjón af völdum álfra, gæsa, eða annarra fugla á ræktarlöndum bænda. Því þyrfti ekki að leggja út í flókna vinnu við að upphugsu nýtt kerfi til að halda utan um þessa hluti til framtíðar.

„Niðurbrot á upplýsingum sem þarna eru þegar til staðar er hreint frábært og öll framsetning. Í þessum

gagnabanka eru kortagrunnar og tölur er skipt upp í spildur þar sem ræktun margvíslegra tegunda er nákvæmlega skráð.“

Jón Geir telur einnig að mögulegt ætti að vera að setja upp í kerfinu skilgreiningu á því hvaða varnir bændur nýti sér á einstökum spildum. Þannig gæti gagnagrunnurinn líka nýst til að meta hvernig best sé að bregðast við ásókn fugla á mismunandi svæðum.

„Eflaust eru til margvíslegar lausnir til að bregðast við vandanum og ekki víst að ein lausn henti öllum. Nýta mætti skráningar í grunninn til að meta slíkt.

Inn á þessa gátt ættu bændur svo að geta fært inn upplýsingar um tjón sem þeir verða fyrir í sumar og haust. Þannig ættum við strax að geta fengið upplýsingar sem við þurfum til að geta stillt nánar upp aðgerðarpakka

til að taka á vandanum og vinna að lausnum hans til framtíðar. Könnunin sem nú er meiningin að setja í gang í samstarfi BÍ og Umhverfisstofnunar verður því um leið hluti af gagnvirkum upplýsingakerfi.“

Verið að móta lausn til framtíðar

„Þetta á því ekki að verða neitt átakswerkefni í eitt skipti, heldur vilja stjórnvöld leggja upp með viðvarandi viðfangsefni til framtíðar. Það ætti því að verða hvati fyrir bændur að skrá þarna inn allar upplýsingar svo við getum sett fram skynsamlegan aðgerðarpakka til að vinna eftir. Með þessu er verið að skipuleggja og setja viðbrögð við ásókn villtra fugla í ræktarlönd bænda í samræmi við annað stuðningskerfi landbúnaðarins,“ segir Jón Geir Pétursson. /HKR.

Fréttir



Landspítali: Blóm bönnuð á nokkrum deildum

Nokkrar deildir Landspítalans hafa bannað að sjúklingum séu færð blóm. Er það einkum gert vegna sýkingarhættu en einnig vegna hættu á ofnæmisviðbrögðum sjúklinga. Bannið tekur ekki yfir spítalann allan en sýkingarvarnardeild hans hefur bent á að blómum geti fylgt ákveðnir áhættuþættir og beint tilmælum til gesta um að sleppa slíkum gjöfum.

Samkvæmt því sem kemur fram í svari frá Gæða- og sýkingarvarnardeild spítalans við fyrirspurn Bændablaðsins eru afskorin blóm ekki dauðhreinsuð heldur fylgja þeim bakteríur og sveppir. Séu blómin látin standa í vatni skapast aðstæður fyrir þessar örverur til að fjölga sér og þaðan geta þær borist í sjúklinga og valdið sýkingu. Blóm í mold eiga ekki erindi inn á sjúkradeildir, þar sem í moldinni er mikið af ýmiss konar sveppum og jarðvegsbakteríum sem geta valdið sýkingum í sjúklingum, sérstaklega sjúklingum sem haldnir eru ónæmisbældum sjúkdómum. Þá eru margir með ofnæmi fyrir blómum, einkum lyktarsterkum blómum.

Með hliðsjón af þessum ábendingum hafa því nokkrar deildir bannað að sjúklingum séu færð blóm eins og áður segir. /fr

Lífland: Hvítlauksolía gegn jógurbólgu

Alli um - hvítlauksolía er ný vara frá Líflandi sem m.a. vinnur gegn jógurbólgu og bætir heilsufar búfænaðar.

Allium-hvítlauksolía hefur einnig fælingarmátt á flugur og gildir það jafnt fyrir kýr og hross, en flugnager getur valdið miklum óþægindum og streitu hjá búfænaði. Allium-hvítlauksolía inniheldur hvítlauksextrakt, sem er ríkt af allísíni, en það er virka efnið í hvítlauknum. Allísín vinnur gegn bakteríum sem geta valdið jógurbólgu.



20 milljónir lítra mjólkur mun vanta verði ekkert að gert

– Aukin eftirspurn eftir mjólk kallar á fjölgun í kúastofninum, aukna nyt og uppbyggingu

Búast má við að eftirspurn eftir mjólk aukist um 20 milljón lítra á næstu sex árum og miðað við svipaða þróun og verið hefur í mjólkurframleiðslu hér á landi síðustu ár mun vanta 20 milljónir lítra upp á að framleiðslan anní eftirspurn árið 2020. Þá eru mörg fjós í landinu orðin gömul og munu úreldast á næstu árum. Ef mat á úreldingarhraða þeirra stenst má gera ráð fyrir að á milli 6.000 og 6.500 básar verði horfnir úr notkun árið 2026. Því er ljóst að mikillar uppbyggingar er þörf á næstum árum, bæði til að koma í stað þeirra bása sem hverfa úr notkun og einnig ef takast á að auka mjólkurframleiðslu í landinu.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu ráðgjafarfyrtækisins Alta, sem gerð var fyrir Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda. Í skýrslunni er reynt að varpa ljósi á þau tækifæri og þær takmarkanir sem íslenskir kúabændur standa frammi fyrir varðandi aukna mjólkurframleiðslu.

Mikil tækifæri en einnig takmarkandi þættir

Búast má við að eftirspurn eftir mjólk aukist um 20 milljón lítra á næstu sex árum, bæði vegna aukinnar neyslu innanlands sem og vegna fjölgunar ferðamanna. Framleiðslukvóti ársins í ár var ákveðinn 123 milljónir lítra en samkvæmt spám er búist við að eftirspurn verði 126 milljónir lítra. Gefið hefur verið út að greitt verði fullt afurðastöðvaverð fyrir alla mjólk, bæði á yfirstandandi ári, sem og á næsta ári. Árið 2020 verður eftirspurn eftir mjólk orðin 146 milljónir lítra samkvæmt spá Mjólkursamsölnunnar. Til þess að ná að anna þeirri eftirspurn þarf að ráðast í róttækar aðgerðir í mjólkurframleiðslu. Það eru því gríðarleg tækifæri til staðar en jafnframt mörg ljón í veginum.

Guðný Helga Björnsdóttir, varaformaður stjórnar Lands-sambands kúabænda, meðlimur í fagráði í nautgriparékt og stjórnarmaður í stjórn Bændasamtaka Íslands segir skýrsluna mikilvægt plagg til framtíðar stefnumörkunar innan greinarinnar. Þá sé hún ekki síður gagnleg fyrir kúabændur til að styðjast við í uppbyggingu á sínum búum.

Fjölga kúm, auka nyt og byggja fjós

Samkvæmt greiningu Alta eru einkum þrír þættir sem vinna þarf að til að auka mjólkurframleiðslu á næstu árum. Þeir eru fjölgun í kúastofninum, aukin meðalnyt og uppbygging fjósa. Fjölgun í stofninum næst með því að auka meðalendingu mjólkurkúa og með því að fyrstakálfs kvígur beri fyrr. Til að auka meðalnyt þarf að bæta fóðrun og aðbúnað, bæði kúnna sjálfra sem og í uppeldi. Þá hafa kynbætur áhrif á afurðamagn og til þess að ná þeim fram þarf að auka notkun sæðingana. Varðandi uppbyggingu fjósa er ljóst að til þess að af slíkri uppbyggingu geti orðið þarf að koma til lánsfjármagn í umtalsverðu mæli næstu ár. Þá er mikilvægt að fjós sem ekki eru fullnýtt í dag verði nýtt til fullnustu.

Auka þarf endingu mjólkurkúa

Til að stækka kúastofninn í landinu og færa hann úr þeim jafnvægisfasa



Greinilegt er að kúabændur landsins mega gefa hressilega í ef takast á að anna eftirspurn eftir mjólk. Myndir / HKr.



Guðný Helga Björnsdóttir

sem hann hefur verið í þarf þrennt að koma til. Í fyrsta lagi þarf að seinka slátrun á mjólkurkúm, í öðru lagi þarf að sæða kvígur fyrr og þriðja lagi þarf að setja flesta eða alla kvígukálfa sem fæðast á.

Í skýrslu Alta kemur fram að fyrir hverja 100 daga sem meðalending mjólkurkúa myndi aukast næðist 3,3 prósent vöxtur í stofninum. Út frá fyrirbyggjandi gögnum er ljóst að óhjákvæmilegt er að slátra 2/3 hluta þeirra kúa sem slátrað er, til að mynda vegna veikinda eða slysa. Eftir stendur því 1/3 hluti sem hægt væri að láta lifa lengur en þeim kúm er slátrað af ýmsum orsökum, svo sem vegna lélegra afurða, vegna galla í mjöltum, vegna spena og jógurgalla auk annars.

Guðný Helga segir að það að auka endingartíma stofnsins með því að halda lengur í þessa gripi sé að sumu leyti tvíbent. „Það hefur líklega áhrif á meðalnytina sökum þess ástæða þess að mörgum þessa kúa er einmitt litlar afurðir, hvort sem er vegna erfða, hás aldurs eða annarra orsaka. Þá má ekki heldur líta framhjá því að í sumum tilfellum er um að ræða gripi sem eru erfiðir í mjöltum eða umgengni og geta aukið vinnuálag í fjósum. Þá henta sumir þessara gripa alls ekki í fjósum þar sem eru mjaltþjónar, til dæmis kýr sem eru með jógurgalla. Það er auðvitað hugsanlegt að menn láti frá sér slíka gripi í önnur fjós þar sem eru til dæmis mjaltabásar og hægt að mjólka erfiða gripi. Við höfum heyrt um að slíkt hafi verið gert.“

Aðbúnaður lykilatriði

Varðandi það að sæða fyrr kvígur er bent á í skýrslunni að meðalaldur við fyrsta burð sé nú 2,48 ár. Væri burði flýtt um um það bil fimm og hálfan mánuð myndi kúastofninn vaxa um 1,36 prósent milli ára. Guðný segir að fagráð í nautgriparékt hafi um langt skeið lagt áherslu á að flýta sæðingum fyrsta kálfs kvíga. „Það þýðir hins vegar að því samhengi verða menn að byrja frá grunni,

alveg frá því að kálfurinn fæðist, með góðum aðbúnaði og góðri fóðrun. Það er mikilvægt að bændur komi sér upp góðri uppeldisaðstöðu eða jafnvel að senda frá sér kvígur á svokölluð kvíguhótel sem hefur verið kannað hvort ástæða sé til að koma upp.“ Hvað varðar það að setja á allar kvígur sem fæðast segir Guðný að hún telji að miðað við þá miklu eftirspurn sem verið hefur og að greitt sé fullt verð fyrir alla umframmjólk þá hljóti að vera afar lítið um að kvígukálfum sé lógað í dag.

Fjöldi fjósa að úreldast

Í skýrslu Alta er jafnframt farið yfir þær forsendur sem fyrir hendi þurfa að vera varðandi fjölda bása í fjósum til að hægt sé að auka mjólkurframleiðsluna. Vísað er í könnun Landssambands kúabænda frá því í febrúar síðastliðnum um framleiðsluáðstöðu. Miðað við þær forsendur sem gefnar eru komast skýrsluhöfundar að því að ríflega 1.800 básar séu vannýttir í fjósum landsins. Þó er tekið fram að um grófar áætlanir sé að ræða. Þá er vísað í mat Baldurs Helga Benjamínssonar framkvæmdastjóra Landssambandsins á úreldingarhraða eldri fjósa. Að mati Baldurs má gera ráð fyrir að úreldingarhraði fjósa sem byggð eru fyrir 1960 verði 15 prósent á ári og þau verði því öll fallin út árið 2020. Ef sú spá rætist þýðir það endurnýjunarþörf um 432 bása á ári næstu sex ár ef halda á í óbreyttan básafjölda. Þá er gert fád fyrir að frá og með árinu 2020 falli 15 prósent fjósa sem byggð eru á árunum 1960 til 1970 út á ári. Það þýðir endurnýjunarþörf upp á 650 bása á hverju ári. Ef þetta mat gengi eftir yrðu því 6.492 básar komnir úr notkun eftir 12 ár. Rétt er að taka fram að þessar tölur eru háðar mörgum utanaðkomandi þáttum, svo sem viðhaldi og endurnýjun og því einungis um mat að ræða.

Fjármálastofnunum kynnt tækifæri í mjólkurframleiðslu

Guðný segir að ekki sé ólíklegt að þeir básar sem vannýttir voru í fjósum þegar könnun Landssambandsins var gerð séu nú nýttir í meiri mæli. „Það er samt ljóst að við stöndum frammi fyrir því að þörf er á talsverðri uppbyggingu, bæði vegna þeirra fjósa sem úreldast á næstu árum en eins til að ná þeim aukna básafjölda sem þörf er á til að geta fjölgað kúm og aukið framleiðslu.“ Guðný Helga segir að um þessar mundir séu fulltrúar Landssambands kúabænda að funda með fulltrúum fjármálastofnana og kynna þeim stöðuna í greininni, til að sýna fram á þau miklu tækifæri sem felast í aukinni eftirspurn.

Bændur þurfa að nýta sér ráðgjöf

Varðandi aukna nyt í kúm er í skýrslunni bent á til þess að ná henni fram þurfi að koma til bætt og markviss fóðrun, bættur aðbúnaður, bætt ræktun og kynbætur. Aukin nyt geti þó haft ókosti sem hver bóndi þurfi að vega og meta, til að mynda sé jógurbólga algengari hjá afurðaháum kúm og neikvætt samband sé á milli aukinnar nýtar og efnainnihalds. Guðný Helga bendir aftur á að með því að auka endingartíma kúa geti meðalnyt lækkað. „Þá er líka alveg spurning hvaða svigrúm þeir bændur sem eru með afurðaháar kýr hafa til að auka meðalnyt hjá sér. Hins vegar hljóta að vera tækifæri hjá ýmsum bændum til að auka meðalnyt hjá sér. Númer eitt, tvö og þrjú hjá bændum núna tel ég vera að þeir sækji sér ráðgjöf, hvort heldur sem er varðandi ræktun, fóðrun, aðbúnað, vinnulag, kynbætur eða hvað sem vera kann. Með faglegri ráðgjöf er hægt að ná árangri í þessum efnum og það ættu bændur að nýta sér.“

Ein sviðsmynd af þremur sýnir vöxt umfram eftirspurn

Í skýrslu Alta er brugðið upp þremur sviðsmyndum, lágspá, miðspá og háspá. Í lágspánni er gert ráð fyrir að meðalending kúa aukist um 20 daga en meðalnyt og básafjöldi standi í stað. Miðað við þá spá verður 20 milljóna lítra vöntun á mjólk árið 2020. Miðspáin gerir ráð fyrir að meðalendinga kúa aukist um 50 daga, meðalnyt vaxi um 1 prósent á ári og básum í fjósum landsins fjölgi um 100 á ári. Árið 2020 mun þó enn vanta 4 milljónir lítra upp á að framleiðsla anní eftirspurn ef spá þar um gengur eftir.

Háspáin er eina sviðsmyndin þar sem næst að anna eftirspurn eftir mjólk og vel það. Í henni er gert ráð fyrir að meðalending kúa aukist um 80 daga, meðalnyt vaxi um 2 prósent á ári og básum fjölgi um 200 á ári. Gangi sviðsmyndin eftir yrði mjólkurframleiðsla orðin 153 milljónir lítra árið 2020 sem er 7 milljónum lítra yfir eftirspurnarspánni.

Spurð hvort hún sé bjartsýn á að náist að uppfylla háspána er Guðný Helga á báðum áttum. „Ég er bjartsýn á að hægt sé að gera gangskör að því að auka afurðirnar en hvort að við náum svona mikilli aukningu veit ég ekki. Það er líka hreinlega spurning hvað kýrin okkar hefur bolmagn til að gera. Það hafa komið upp umræður, bæði hjá fagráði og hjá bændum varðandi kynbætur á stofninum. Eins hefur Landssamband kúabænda ályktað um innskot erfðaefnis í kúastofninn. Það er ljóst að skyldleiki er að aukast í íslenska kúastofninum og það stendur okkur fyrir þrífum.“ /fr



Viltu vinna íbúð?

Nýtt happdrættisár framundan
og heill milljarður króna
í skattfrjálsum vinningum

► **Prisvar á happdrættisárinu verður dregið um stóra vinninginn:**

- 3 íbúðir að verðmæti 30 milljónir krónur hver á tvöfaldan miða
- 15 milljónir á einfaldan miða

Drögum út 47 þúsund vinninga á árinu.
Heildarverðmæti vinninga á mánuði allt að 107 milljónir!

Miðaverð 1.300 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða
og 2.600 fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.



Taktu þátt í Facebook-leiknum.
Vegleg verðlaun í boði.

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

Fréttir



Frá Hrafnseyri við Arnarfjörð á þeim tíma er einstaklingur rak þar myndarlegt sauðfjárnú. Mynd / Valdís Veturliðadóttir

Aðalfundur Búnaðarfélags Auðkúluhrepps: Ályktað um atvinnumál

Aðalfundur Búnaðarfélags Auðkúluhrepps, haldinn í Mjólkár-virkjun á sumardaginn fyrsta 23. apríl 2014, samþykkti eftirfarandi ályktanir um atvinnumál.

Landbúnaður – það þarf að opna landið fyrir fólkinu

Ríkisjarðir á Vestfjörðum, sem ekki eru nýttar í dag, verði auglýstar lausar til ábúðar eða notkunar í ýmsu atvinnuskyni. Stjórnvöld beiti sér einnig ákveðið fyrir því að jarðir í einka eign, sem ekki eru í notkun, verði nýttar á ýmsan markvissan hátt. Kemur þar margt til greina sé rétt að staðið. Það hefur til dæmis verið sannað, að hægt er með ótrúlegum árangri að rækta bleikju og regnbogasilung í hinum ísköldu vestfirsku ám og vötnum. Meira að segja í bæjarlæknum. Hér gæti orðið um vistvæna vestfirska stóriðju að ræða ef menn vilja. Tækifærin blasa við öllum sem vilja sjá. Það þarf að opna landið fyrir fólkinu.

Sjávarútvegur – fiskvinnslufólkið á sinn rétt

Fundurinn krefst þess að sjávarútvegsráðherra skili til baka hluta af frumburðarrétti Vestfirðinga. Það gengur ekki upp að útgerðarmenn, að þeim ólöstuðum, ráði því hvar byggð skuli haldast á Íslandi. Fiskvinnslufólkið á sinn rétt.

BÍ sendir rafræna reikninga

Bændasamtökin munu framvegis einungis senda út reikninga fyrir seldar vörur og þjónustu í rafrænu formi. Um er að ræða reikninga fyrir forrit BÍ, auglýsingar í Bændablaðinu, hestavegabréf, ýmsar áskriftir og fleira. Rafrænir reikningar verða

Hann hefur verið af því tekinn. Ef ekkert er fast í hendi með útveg frá vissum stöðum, leggst byggð þar af. Þar duga ekki neinar gustuka- eða miskunnarúthlutanir. Þetta vita allir. Ef menn vilja breyta þessu verðum við að afhenda þessum stöðum aðgang að óveiddum fiski í sjónum til frambúðar. Svo einfalt er það.

Kapp er best með forsjá

Fundurinn fagnar þeirri uppbyggingu sem nú á sér stað í sjókvíaelði í vestfirskum fjörðum. Jafnframt varar fundurinn við því að menn fari of geyst í þeim efnum. Litið verði vel til allra átta áður en það er of seint. Kapp er best með forsjá.

Óargadýrin

Aðalfundur Búnaðarfélags Auðkúluhrepps, haldinn að Mjólkár-virkjun 23. apríl 2014, mótmælir þeim samningi sem Ísafjarðarbær hefur gert við Félag refa og minkaveiðimanna í Ísafjarðarbæ, nú síðast árið 2013, þar sem allt fjármagn sem Ísafjarðarbær leggur til í veiðar á ref og mink, skal greitt til Félags refa- og minkaveiðimanna í Ísafjarðarbæ. Aðalfundurinn gerir þá kröfu til Ísafjarðarbæjar að allir þeir sem veiða ref og mink innan bæjarmarkanna, fái greidd sömu skotlaun, hvort sem þeir eru í fyrrnefndu félagi eða ekki. /HS

aðgengilegir viðskiptavinum undir rafrænum skjólum í heimabönkum. Þeir sem óska eftir að fá senda reikninga útprentaða með gamla laginu þurfa að hafa samband við Bændasamtökin með tölvupósti á netfangið jl@bondi.is.

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða:

Lýsti yfir stuðningi við Hollvinasamtök Lbhí

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða var haldinn í Heydal 25. apríl síðastliðinn. Á fundinn komu gestir, þeir Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Guðmundur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Búnaðar-samtaka Vesturlands.

Kynnti Guðmundur m.a. mjög áhugavert verkefni sem BV er farið af stað með, það er Starfsumhverfi bænda, öryggismál og heilsuvernd, en Guðmundur Hallgrímsson er verkefnisstjóri.

Ýmis málefni voru rædd á fundinum s.s. málefni LBHÍ, en fundurinn lýsti m.a. yfir stuðningi við Hollvinasamtök Landbúnaðarháskóla Íslands og íbúa Borgarbyggðar sem berjast fyrir málefnum Landbúnaðarháskólans. Rætt um verndun ræktarlands, bann við innflutningi á fersku kjöti svo og



Frá aðalfundi BSV í Heydal. Mynd / Jóhanna María Sigmundsdóttir

innflutningi á erfðafni í nautgripi, viðhald og niðurrif varnargirðinga og samræmingu gjaldskrár vegna refa- og minkaveiða innan Fjórðungssambands Vestfjarða.

Ákveðið var að halda bændadag á komandi sumri, í tengslum við bæjarhátíð á svæðinu, líkt og gert hefur verið sl. tvö ár, og hefur mælst vel fyrir, þar verða einnig veitt Hvatningarverðlaun BSV. Auglýsing um viðburðinn er væntanleg síðar.

Tómataframleiðsla dróst saman í fyrra – veðurfar og hátt orkuverð helstu orsakirnar

Eftir nokkurra ára uppgang í tómataframleiðslu á landinu kom bakslag á síðasta ári og minnkaði framleiðslan úr 1.716 tonnum árið 2012 niður í 1.559 tonn. Á sama tíma jókst innflutningurinn um 75 prósent.

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, segir ástæður samdráttarins vera margþættar, en tvær orsakir séu afgerandi. „Önnur er sú að veðurfar hafði áhrif á ræktun þeirra sem ekki eru með raflýsingu til framleiðslu allt árið. Þeirra uppskera hefst yfirleitt í maí mánuði en vegna rigningar og dumbungs varð uppskeran minni yfir sumarmánuðina þar sem í slíkri ræktun skiptir verulegu máli hvers mikil inngæisun er frá sólinni. Hin ástæðan er enn alvarlegri; að vegna aukins kostnaðar við framleiðslu hefðbundinna tómata líta framleiðendur frekar til annar gerða tómata svo sem kirsuberjatómata til þess að bæta rekstur sinn.“

Bjarni segir það óheillaþróun að framleiðendur snúi sér frá framleiðslu á hefðbundnum tómötum, en jafnframt ánægjulegt að þeir einbeiti sér líka að öðrum tómötum. „Æskilegast væri auðvitað að þetta fari saman. Ef íslenskir framleiðendur hefðu framleitt það sem var innflutt á síðasta ári, eða um 780 tonn, þá hefði verið hægt að spara þjóðarbúinu um 156 milljónir króna í dýrmatan gjaldeyri. Ég veit ekki hvort einhver hafi hætt



framleiðslu, en það er frekar þannig að þeir nýta hús sín í aðra framleiðslu samhliða ræktun á hefðbundnum tómötum.“

Hægt að framleiða töluvert meira af grænmeti og berjum

„Ég tel að hægt sé að framleiða töluvert meira af grænmeti og berjum hér á landi en gert er,“ segir Bjarni. „Garðyrkjubændur hafa í langan tíma lagt fram rök fyrir því að greinin fengi hagkvæmari kjör á dreifingu orkunnar sem er stóra vandamálið. Þar er RARIK við að etja sem einokunarfyrirtæki í dreifingu en til að breyting eigi sér stað þá þarf pólitískt hugrekki en ekki síst sýn á að framtíðin verði önnur. Sú sýn á, að okkar mati, að vera að auka innlenda framleiðslu grænmetis og auka neysluna með dugmiklu átaki til að auka hana frá því sem nú er. Ég minni á að öll rök hniga að því að neyslan sé aukin og eru heilsufræðilegu rökinn

einna sterkust. Í stjórnsáttmála ríkisstjórnarinnar er meðal annars ákvæði um slíkt. Ef okkur tekst að auka neysluna upp í viðmið um æskilega neyslu mun verða verulegur sparnaður í heilbrigðiskerfinu. Vandamálið er að sú breyting kemur ekki fram á næsta ári eða því þar næsta heldur tekur það 10-20 ár að koma fram, en þá gerist það í stórum skrefum. Þetta er svona svipað og þegar átakið hófst gegn reykingum Sú barátta hefur tekið áratugi og hefur árangurinn loks farið að koma í ljós í bættri heilsu. Það er von mín að núverandi stjórnvöld beri gæfu til þess að sýna djörfung og ganga í málið með dug og þor. Slíkt átak þarf ekki að kosta miklar fúlgur en það mun margborga sig þegar fram í sækir.“

Bjarni telur að spara hefði mátt þjóðarbúinu 1,5 til 2 milljarða króna ef þær grænmetis- og berjategundir sem hægt er að rækta hér hefðu verið ræktaðar af íslenskum bændum en ekki fluttar inn. /smh

Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda haldinn á Selfossi:

Mótmæla gjaldtöku vegna skimunar á varnarefnum

Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda var haldinn 29. apríl á Hótel Selfossi. Fundurinn var sögulegur þar sem á undanfórnum árum hefur átt sér stað mikil vinna við endurskipulagningu félagskerfis garðyrkjubænda. Meðal annars er kosið beinni kosningu til stjórnar og var það gert í fyrsta sinn á þessum fundi. Einnig hefur verið lögð mikil vinna í stefnumótun til framtíðar til þess að tryggja að framtíðarsýn garðyrkjunnar til að takast á við breytt umhverfi í landbúnaði.

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda (SG), segir að stefnumótunin sé liður í að takast á við þá breytingu sem boðuð er af ráðherra með frumvarpi um afnám skylduaðildar að Bændasamtökum Íslands (BÍ) og þar með að afnema þær tekjur sem SG hefur í gegnum búnaðargjaldið. „SG hefur verið að skoða landslagið inn á við með könnun meðal félagsmanna um viðhorf þeirra til SG og hagsmunagæslunnar sem rekin er. Það er ljóst að við afnám skylduaðildar munu einhverjir félagsmenn ekki verða áfram í SG og það sama á við í BÍ og öðrum búgreinafélögum. Við þurfum að svara ýmsum spurningum. Með könnuninni meðal félagsmanna var verið að fá fram hvaða brotalamir eru á starfseminni til þess að geta brugðist við og þar af leiðandi fækkað þeim sem ekki vilja vera í SG eftir breytinguna. Það er mikilvægt fyrir SG að hjálpa félagsmönnum að svara því hvers vegna þeir eigi að vera í félaginu.

Að auki er það afar mikilvægt að staldra við þegar búið er að breyta félagskerfinu og horfa til framtíðar. Hvað vill garðyrkjan? Hvert á að stefna? Það gerir starfið markvissara að hafa stefnu í þessum málum.“



Frá aðalfundinum á dögum.

Gjaldtöku mótmælt

Tvær tillögur til ályktunar voru síðan kynntar og afgreiddar með samhljóða stuðningi undir liðnum önnur mál. Í annarri ályktuninni er nýjum álögum á grænmetisræktun mótmælt, en fyrirhugað er að leggja gjald á greinina vegna skimunar á varnarefnum í grænmeti. Helstu rökin gegn kostnaði er að skimunin sé neytendamál og því ætti ríkið að standa undir þeim kostnaði hér eftir sem og hingað til. Hin ályktunin var vegna afgreiðslu stjórnar Framleiðnisjós á stuðningi við stofnútsæðisræktun kartaflna. Stjórn sjóðsins virðist hunsa þá einföldu staðreynd að sjóðurinn tók við því hlutverki að standa undir þeim kostnaði sem þetta mikilvæga verkefni er – að viðhalda heilbrigðum stofnum af íslenskum kartöfluafrbrigðum.

Stjórn Sambands garðyrkjubænda hafði skipað sérstaka kjörnefnd fyrir aðalfundinn til þess að gera tillögu til stjórnarsetu. Fyrst var kosið til formanns og gaf Sveinn

Sæland kost á sér til endurkjörs. Ekkert annað framboð kom fram og var hann því kjörinn samhljóða með lófaklappi. Kjörnefndin lagði fram tillögu um eftirfarandi einstaklinga til setu í stjórn: Þorleifur Jóhannesson, grænmetisframleiðandi á Flúðum, Gunnar Þorgeirsson, blóma- og kryddjurtaframleiðandi á Ártanga, Vernharður Gunnarsson, garðplöntuframleiðandi í Storð, og Óskar Kristinsson, kartöflubóndi í Þykkvabæ. Þar sem engir aðrar tilnefningar komu fram var kosið um ofangreinda aðila og voru þeir samþykktir samhljóða.

Óskar Kristinsson, kartöflubóndi í Þykkvabæ kemur því nýr inn í stjórn í stað Bergvins Jóhannssonar kartöflubónda í Eyjafirði.

Kjörnefnd lagði einnig fram tillögu um varamenn í stjórn og kosningu hlutu þær Sigrún Pálsdóttir, grænmetisframleiðandi á Flúðum, og Helga Ragna Pálsdóttir, garðplöntuframleiðandi í Kjarri.

/smh



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX

LÁTTU REYNA Á'ANN

ISLUNDA SÍMISÍÐI 66090514



Hilux er fjallkóngurinn yfir Íslandi í leik og starfi enda harðduglegur vinnubjarkur sem hefur sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Nýhönnun á sætum og innra byrði gefur einstök þægindi í akstri innan bæjar sem utan. Sterkbyggð grind og ríkulegur öryggisbúnaður skapa meira öryggi ofan á óhagganlegan stöðugleika með öflugri fjöðrun og góðri hæð yfir vegi. Þú færð ekki annan eins styrk og öryggi á betra verði. Hilux fæst með hjóðlátri 2.5l eða 3.0l dísilvél sem bíður þess að komast þangað sem þig langar.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Verð frá 5.490.000 kr.



Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Tími þess nýja

Nú hefur veturinn látið undan síga fyrir vorinu. Það er alltaf skemmtilegur tími í sveitum þegar grænkar á ný. Vorverkin felast meðal annars í því að huga að girðingum ástandi túna, vinnslu og sáningu í flög og fleira. Hjá sauðfjárbændum er sauðburður víðast hvar hafinn eða að hefjast með tilheyrandi vökunóttum. Sauðburðurinn er mesti álagstími í sauðfjárræktinni en samt líka einn sá ánægjulegasti að flestra mati, þó dagarnir séu langir.

Mikilvægt að hafa áfallasjóð

Í fyrravör varð mikið kal í tünum norðan- og austanlands. Margir bændur urðu þá fyrir verulegu tjóni og þurftu að endurrækta tún og afla sér fòðurs annars staðar. Bjargráðasjóði voru þá tryggðir fjármunir til að greiða batur og fyrir það ber að þakka. Það skiptir verulegu máli að fyrir hendi sé sjóður til að mæta áföllum sem þessum og öðrum náttúruhamförum, hvort sem þau bitna sérstaklega á bændum eða öðrum. Nú er í smíðum frumvarp í forsætisráðuneytinu um svokallaðan Hamfarasjóð sem m.a. er ætlað að endurskipuleggja tjónabætur vegna náttúruhamfara. Miklu máli skiptir að þar verði hugað að því sem upp getur komið í landbúnaðinum.

Sem betur fer eru vísbendingar um það núna að þessi áföll muni ekki endurtaka sig nú í vor. Það er auðvitað ekki fyllilega ljóst ennþá, þar sem tún eru enn víða undir snjó, en það sem þegar liggur fyrir bendir ekki til þess að tún komi illa undan vetri. Helstu kalskemmdir sem komnar eru ljós núna virðast vera á knattspyrnuvöllum á höfuðborgarsvæðinu. Vonandi gengur vel að koma því í samt lag þó að þar verði líklega að nota önnur ráð en við endurræktun túna.

Tjón af völdum álfta og gæsa

Búnaðarþing 2014 ályktaði meðal annars um tjón sem álftir og gæsir valda á ræktarlöndum bænda. Í ályktuninni er meðal annars farið

fram á að safnað verði frekari upplýsingum um tjónið og á grundvelli þeirra gagna verði ákveðið hvort heimildarákvæði verði sett í lög um tímabundna skotveiði á álft og gæs í tilraunaskyni á ræktarlöndum bænda.

Þetta mál sem ítrekað hefur verið til umræðu á búnaðarþingi er nú komið í fastari farveg en áður og samráðshópur Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Umhverfisstofnunar og Bændasamtaka Íslands hefur ákveðið að þegar í vor skuli safnað með skipulegum hætti upplýsingum frá bændum um tjón af völdum þessara fugla. Samstaða hefur náðst um að nýta Bændatorgið, rafræna gátt bænda til þess að safna þessum upplýsingum og að þær verði greinanlegar með sama hætti og aðrar upplýsingar um ræktun og tjón.

Nú er afar mikilvægt að bændur skrái skipulega hjá sér það tjón sem þeir verða fyrir og komi þeim upplýsingum inn á Bændatorgið þegar opnað hefur verið fyrir skráningu þar, sem vonandi verður í júní. Skráning bænda á þessu tjóni er alger forsenda fyrir þeim aðgerðum sem stjórnvöld kynnu að ráðast í, í framhaldinu, hugsanlegum bótum, eða sérstöku leyfi til fælingar.

Landbúnaðarþjófskyldan

Að undanförmu hefur verið unnið að því að stofna samtökin „Landbúnaðarklasann“. Hvað felst í því kann einhver að spyrja. Verkefnið á sér fyrirmynd í Sjávarklasanum sem starfað hefur um nokkurra ára skeið og markmið þess er að ná saman fyrirtækjum og félögum sem starfa beint og óbeint við landbúnað. Auk bænda sjálfra er afar fjölbreytt starfsemi tengd landbúnaði. Fyrst má þar auðvitað telja afurðafyrirtækin sem taka á móti afurðum bænda, vinna úr þeim og dreifa þeim á markaði heima og erlendis í framhaldinu. Fjölmargir þjónustuaðilar byggja jafnframt starfsemi sína á landbúnaði að meira eða minna leyti. Þar má til dæmis nefna vélasala, fòðursala,

áburðarsala og aðra sem annast sölu og dreifingu aðfanga í landbúnaði. Þá eru ótaldir fjölmargir þjónustuaðilar sem tengjast greininni beint eða óbeint, svo sem dýralæknar, iðnaðarmenn, fyrirtæki í matvælarannsóknum og margt fleira. Til viðbótar starfa margskonar félög í greininni, búgreinafélög, svæðisfélög eða ræktunarfélög.

Tilgangur klasans er að draga fram þá fjölbreyttu starfsemi sem tengist landbúnaðinum og vinna að sameiginlegum hagsmunum greinarinnar. Verkefnisstjórn undir forystu Haraldar Benediktssonar, fyrrverandi formanns BÍ, hefur starfað frá því í haust að undirbúningi. Verkefnisstjórnin hefur þegar haft samband við nokkurn fjölda fyrirtækja og samtaka. Undirtektir voru góðar og þessum aðilum var meðal annars boðið að vera við setningu Búnaðarþings í Hörpu í mars síðastliðnum. Það var ákaflega vel heppnað enda komu 21.000 manns í Hörpuna þennan dag í tengslum við setninguna, kokkakeppni Food and Fun og matarmarkað Búrsins sem fram fór á sama tíma.

Nú hefur verið ákveðið að boða til formlegs stofnfundar klasans föstudaginn 6. júní næstkomandi. Fundurinn verður haldinn á Hótel Sögu og hefst klukkan 15. Þar verður gerð nánari grein fyrir verkefninu og lagðar fram tillögur að starfsháttum klasans. Samtökin verða opin öllum fyrirtækjum og félögum sem tengjast landbúnaði og vilja vinna að sameiginlegum hagsmunum greinarinnar. Forsvarsmenn fyrirtækja og samtaka sem vilja tengjast þessu verkefni eru hvattir til að taka þennan dag frá en fundurinn verður nánar boðaður síðar.

Það er mikilvægt fyrir landbúnaðinn að eiga vettvang þar sem að allir þeir sem byggja starfsemi sína á greininni geta rætt sameiginleg mál og ekki síst til að draga alla þá fjölbreyttu starfsemi fram í dagsljósið. Hún er meiri en margan grunar. Fyrirmyndin er eins fram kemur að framan fengin frá Sjávarklasanum, sem hefur unnið merkilegt starf í þeim geira. /SSS

LOKAORÐIN

Með ólíkindum

Ísland er auðugt land á margan hátt og þá ekki síst þegar kemur að möguleikum á framleiðslu á vistvænni orku. Því er hreint með ólíkindum að við skulum ekki bera gæfu til að nýta þá orku til að stórefla framleiðslu á vistvænum afurðum á borð við tómat. Þess í stað er hafin stórsókn í að eyða dýrmætum gjaldeyri í að flytja inn tómat til að anna sívaxandi eftirspurn.

Höfum við virkilega ekkert lært af efnahagshruninu? Erum við virkilega svo vitlaus að halda að verðmætin verði til í bönkunum og að það kosti ekkert að nota erlendan gjaldeyri sem að mestu er tekinn að láni?

Eins og Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, hefur margsinnis bent á stendur slagurinn um það að stórnotendur á raforku á borð við ylæktarbændur njóti stærðarhagkvæmni í innkaupum á raforku. Þrátt fyrir áralanga baráttu íslenskra garðyrkjubænda eru þeir enn að greiða orkuverð sem er langt frá því að vera viðunandi. Þó er alls ekki verið að fara fram á að ylæktin njóti sömu hlunninda og erlendastóriðjufyrirtæki sem hér starfa. Þegar útlendir stóriðjufurstar koma að borðinu leggjast íslenskir stjórnmalamenn hins vegar marflatr og bjóða fram ómælda meðgjöf.

Nýverið greindi Bjarni frá þeirri ótrúlegu staðreynd að innflutningur á tómötum jókst um heil 75% á árinu 2013. Á sama tíma minnkaði innlend tómatframleiðsla um 9% vegna þess hversu orkuverðið er hátt. Það samsvarar nú um 20-30% af rekstrarkostnaði við framleiðsluna. Finnst Íslendingum þetta í alvöru vera í lagi?

Á meðan ekki er skilningur á að efla íslenska framleiðslu á matvælum þrátt fyrir fallegar ræður þar um á tyllidögum verða menn líka að átta sig á því að án aukinnar innanlandsframleiðslu stefnum við þjóðfélaginu enn á ný lóðbeint fram af hengiflugu. Við kaupum ekki endalaust vörur frá útlöndum fyrir peninga sem við eigum ekki til.

Peningar eru ekkert annað en ávísun á framleiðsluverðmæti og það er alveg ljóst að þau verðmæti eru ekki búin til í bönkunum þó að annað mætti ætla af nýjustu fréttum. Þar voga menn sér að varpa fram hugmyndum um að byggja nýjan loftkastala yfir starfsemi Landsbankans! Samt er sagt að Íslendingar hafi ekki efni á að reisa nýjan Landspítala. Allt er þetta þó reiknað upp úr sömu vösum almennings. Getur verið að menn telji þetta eðlilegt? /HKR.

Umferð á Þjóðvegi 1 jókst um ríflega 12% í apríl

Umferðin á Hringveginum í apríl jókst verulega mikið, um ríflega 12 prósent, sem er mesta aukning frá því að skráning hófst árið 2005. Þessu var reyndar spáð og skýrist að einhverju leyti af tímasetningu páskanna.

Fram kemur í frétt á vef Vegagerðarinnar að þessi mikla aukning komi ekki á óvart, þar sem gert hafi verið ráð fyrir henni. Mest eykst umferðin um Norður- og Austurland, um rétt rúm 30%, en minnst í grennd við höfuðborgarsvæðið, um rúm 6%.

Samdráttur fyrir austan

Nú hefur umferð aukist um 4,1% frá áramótum miðað við sama tímabil á síðasta ári. Ef frá er talið síðasta ár þarf að leita aftur

til ársins 2007 til að finna meiri aukningu miðað við árstíma. Umferðin hefur aukist mest um Suðurland frá áramótum, um 6,3%. Minnst hefur umferðin aukist um Austurland, en um mælipunkt á því svæði er 1,2% samdráttur. Austurland er eina svæðið sem sýnir samdrátt frá áramótum en taka verður tillit til þess að umferð er almennt ekki mikil yfir þau mælisnið samanborið við hin svæðin.

Nú sýna fjórir fyrstu mánuður ársins að líkur eru til þess að umferðin um 16 lykilsnið á Hringvegi verði u.þ.b. 1,5% meiri en hún var á síðasta ári. Verði þetta raunin er það heldur minni aukning en var á milli áruna 2012 og 2013. Komandi sumarmánuðir munu þó ráða mestu um það hver aukningin verður.

Varðliðar umhverfisins

Föstudaginn 25. apríl fékk Hvolsskóli í Rangárþingi eystra viðurkenningu Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Varðliðar umhverfisins. Er það fyrir verkefnið Jökulmælingar, en undanfarin haust hefur 7. bekkur farið að Sólheimajökli og mælt hversu mikið hann hafi hropað á árinu.

Fyrsti árgangurinn sem tók þátt í þessu verkefni er að ljúka 10. bekk í vor. „Frá fyrstu mælingu að þeirri næstu hropaði jökullinn um 43 metra, það næsta um 39 metra en í haust hafði hann einungis hropað um 8 metra. Mikil ævintýraferð var farin í haust til að mæla en þá fór Björgunarsveitin Dagrenning með hópnum því stórt stöðuvatn hefur myndast framan við jökulinn og þurfti að fara á þátt til að merkja næsta GPS-punkt,“ segir Jón Stefánsson, verkefnisstjóra Grænánans hjá Hvolsskóla. „Það er frábært fyrir skólann, bæði þá nemendur og kennara sem tekið



Nokkrir nemendur Hvolsskóla við mælingar við Sólheimajökul, ásamt Jóni Stefánssyni, verkefnisstjóra Grænánans.

hafa þátt í verkefninu að hljóta þessa viðurkenningu og óskar sveitarfélagið Hvolsskóla innilega til hamingju með þennan árangur,“ segir

Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra.

/MHH

Líf og starf



Heiðarbær II.

Myndir / HLJ



Sveinbjörn F. Einarsson.

Sauðburður byrjaði snemma á Heiðarbæ II í Þingvallasveit

Í Heiðarbæ II í Þingvallasveit hófst sauðburður snemma í ár og þar voru þegar komin nokkur lömb í heiminn þegar komið var við á bænum á sumardaginn fyrsta. Í spjalli við Sveinbjörn Einarsson bónda sagðist hann láta gemlingana alltaf byrja snemma að bera og einnig um 150 af fullorðnu. Svo er tekið hlé í hálfan mánuð fyrir aðal sauðburð í maí.

Þegar komið var inn í fjárhúsin var það fyrsta sem fyrir augu bar tvær nýbornar þrílembur með fallega skrápótt lömb. Það var greinilegt að önnur ærin var af forustukyni miðað við útlit og lögun horna. Sveinbjörn þurfti að gefa lömbunum undan annarri líf og eftir það tókum við smá spjall.

Býr einn með um 540-550 fjár á vetrarfóðrum

Sveinbjörn býr einn á Heiðarbæ, ekur börnum í skóla á veturna og er með á milli 540 og 550 fjár á vetrarfóðrum.

„Ástæðan fyrir að ég læt bera svona snemma er aðallega til að dreifa álaginu, svo eru lömbin örlítið þyngri á haustin, en aðallega geri ég þetta til að dreifa álaginu.“

Spurður hvort hann sé einn við sauðburðinn sagði hann að hann fengi alltaf vinnumann fyrsta maí og svo fengi hann hjálp frá þrem konum stæðu næturvaktirnar til skiptis að launum fyrir að fóðra fé fyrir þær.

„Þessar konur eiga á þriðja tug fjár hjá mér sem eru hér á veturna og í staðin hjálpa þær til í sauðburði með því að skipta milli sín næturvöktunum.“



Nýbornir þrílembingar í leit að spena hjá þessari forystuættuðu móbildóttu á.



40 einkastofur á fæðingardeildinni í gömlu hlöðunni á Heiðarbæ II.



Meðalið gefið.



Mikið er af lituðu fé hjá Sveinbirni.



Fyrstu sporin eru alltaf erfið.

Ánægður með frjósemi og heimtur af fjalli

Spurður um frjósemi sagðist Sveinbjörn vera ánægður með hana, en hann reyndi eftir megni að venja þrílembinga undir einlembur svo að sem flestar ær væru með tvö lömb yfir sumarið.

„Heimtur eru nokkuð góðar en þó er alltaf eitthvað um að það tapist eitthvað sem verður fyrir bílum á Þingvallaveginum, en hættan er mest í ágúst þegar féð er byrjað að síga heim eftir sumar á fjalli. Megnið af mínu fé gengur í sumarhaga fyrir norðan Þingvallaveg og alltaf er eitthvað um slys á svona hröðum vegi eins og Þingvallavegi.“

/HLJ

MÆLT AF MUNNI FRAM

Síðasti vísnaþáttur var helgaður Vorfagnaði Karlaðórsins Hreims, þar sem hagrörðingarnir Björn Ingólfsson Grenivík, Friðrik Steingrímsson Mývatnssveit og Hjálmar Freysteinnsson Akureyri fluttu samkomunni kveðskap milli söngatriða. Vakti hagrörðingunum talsverða athygli stjórnunarstíll Steinþórs Þráinssonar. Friðrik fyrrverandi hreppungi Steinþórs orti:

Höndum sveiflar ansi ýkt eins og brjáluð kona. Fé er jafnan föstri líkt; faðir hans var svona.

Þess er að geta að faðir Steinþórs, Þráinn Þórisson á Skútustöðum, var kunnur kórstjórnandi meðan lífði. Steinþór stjórnandi og Hjálmar Freysteinnsson spila saman bridge vikulega, og sitja þar eðlilega hvor mót hinum. Því var Hjálmari ánægjuleg tilbreyting að skoða baksvipinn:

Þrekinn um herðar og bakið er breitt sem blasir hér öllum við. Ég get ekki sagt að ég sakni þess neitt að sjá ekki andlitið.

Þótt stjórnandi góður Steinþór sé stíllinn sumum blöskrar: Eins og keppandi í karate, svo kemur að því hann öskrar.

Nokkurrar furðu gætti með það ráðslag skemmtinefndar kórsins að sækja alla aðfengnu skemmtikraftana innanfyri Vaðlaheiði. Þegar að var þó gáð reyndust þeir flestir brottfluttir Þingeyingar. Friðrik Steingrímsson orti:

Enga finna eystra má sem eitthvað hafa af viti. Vitleysingar vestan frá voru neyðarbiti.

Björn Ingólfsson tók til varna:

Nefndarmennirnir voru í vafa um vinsældir kórsins austur þar og urðu þess vísir að yrði að hafa eitthvað líka til skemmtunar.

Þraut er að hlusta á Þingeyinga þekkest ei verra hér á jörð, því verður að sækja vitleysinga vestur jafnvel í Eyjafjörð.

Eftir talsverðar tilfæringar tókst það, þá blasir sú skelfing við að þeir eru líka Þingeyingar þessir sem fengu verkefnið.

Hjálmar limraði á liðið af þessu tilefni:

Við Eyjafjörðinn finna má frægasta skemmtikrafta og þá er þykja bestir. Þeir eru flestir ættaðir hér austan frá.

Hagrörðingarnir gerðu svo lauslega grein fyrir þeim mun sem væri á karlkyns- og kvenkynsstjórnanda karlaðórs. Friðrik taldi muninn augljósan:

Þótt svo bæði þessi og hinn þykist geta séð‘ann, mér finnst aðal munurinn meira svona að neðan.

Hjálmar var hins vegar fullkomlega á gati:

Illu gengur mér að muna mun á hlutum yfirleitt, því eru göt í þekkinguna; um þetta veit ég ekki neitt!!

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir

Flúðir:

Hugmyndir um nýu holu frísbíggjlfvöll

„Já, það er rétt, við erum að skoða það að láta setja upp nýu holu frísbíggjlfvöll á Flúðum. Hugmyndin er að hafa hann á svæðinu fyrir neðan Félagsheimilið og í hluta af Bæjargarðinum á Flúðum. Ef vel tekst til gæti þetta orðið góð affreying fyrir unga sem aldna sem og íbúa og ferðamenn.

Önnur hugmynd sem verið er að huga að er uppbygging skólalóðarinnar og búið er að samþykkja að láta hana hana. Þar

er eitt verkefni sem trúlega er hægt að klára auðveldlega sem er að útbúa svæði fyrir „mini skatepark“ við hlið sparkvallar og er það komið í vinnslu. Ef vel tekst til getur þetta orðið bragabót fyrir brettakrakka og í leiðinni aukið á gæði affreyningar hér á Flúðum,“ segir Jón Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps þegar hann var spurður hvort það stæði til að setja upp frísbíggjlfvöll á Flúðum.

/MHH



Jóna Sveinbjörnsdóttir heilsaði upp á Hvíta Gauta eftir uppboðið og var stolt af því að geta stutt nýju göngudeildina með hálfri milljón króna framlagi.

500.000 króna kálfurinn Hvíti Gauti: Mættur í Húsdýragarðinn

Sunnlenski sveitadagurinn fór fram á Selfossi laugardaginn 3. maí en hápunktur dagsins var uppboð á kvígukálfinum Hvíta Gauta frá Læk í Flóahreppi.

Nafngift kálfsins er til heiðurs eiginmanni Guðbjargar Jónsdóttur á Læk, Gauta Gunnarssyni bónda, sem lést fyrir stuttu úr krabbameini aðeins 43 ára. Það var Jóna Sveinbjörnsdóttir, 87 ára frá

Uppsölum í Hrunagerðishreppnum hinum forna, sem nú býr á Selfossi, sem bauð hæst í kálfinn, eða 500.000 krónur. Ágóðinn rennur til nýrrar göngudeildar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, sem opnuð verður í byrjun næsta vetrar. Hvíti Gauti er nú kominn í Húsdýragarðinn í Reykjavík þar sem framtíðarheimili hans verður.

/MHH



Í Bretlandi, Danmörku, Noregi, Sviss, Þýskalandi og víðar hefur lífræna mjólkurframleiðslan blómstrað í samræmi við kröfur markaðarins. Myndir / ÖRD

Vantar lífrænt vottaða mjólk

– Áskorun til Landbúnaðarháskóla Íslands

Í Bændablaðinu 9. febrúar sl. var vakinn athygli á aukinni þörf fyrir lífræna mjólkurframleiðslu hér á landi. Búnaðarþing 2014 ályktaði um lífræna framleiðslu og hvatti bændur til að huga að þessum vaxtarbroddi í samræmi við óskir neytenda og nýlega hafa komið upp hugmyndir um innflutning slíkrar mjólkur frá Danmörku.

Neytendadrifin þróun

Á seinni árum hefur eftirspurn eftir lífrænt vottuðum mjólkurafurðum aukist verulega hér á landi en um alllangt árabíl hefur hún blasað við í nágrannalöndum okkar. Síðan farið var að hvetja íslenska bændur til að huga að þessum vaxtarbroddi, í leiðbeiningum frá Bændasamtökum Íslands um 20 ára skeið, hefur oft verið sagt frá slíkum búskaparhátum hér í blaðinu. Sjálfur hef ég sem ráðunautur BÍ um þessi efni heimsótt kúabú í Bretlandi, Danmörku, Noregi, Sviss og Þýskalandi en í öllum þessum löndum og víðar hefur lífræna mjólkurframleiðslan blómstrað í samræmi við kröfur markaðarins. Hér á landi hefur þróunin verið mun hægari, en nú, þegar við blasir að mjólkina vantar, a.m.k. 100.000 lítra, til að svara brýnustu eftirspurn sem fer stöðugt vaxandi, er eðlilegt að spurt sé: Eftir hverju er verið að bíða?



Nú, þegar við blasir að mjólkina vantar, a.m.k. 100.000 lítra, til að svara brýnustu eftirspurn sem fer stöðugt vaxandi, er eðlilegt að spurt sé: Eftir hverju er verið að bíða?

búskaparhátta hér á landi annast Vottunarstofan Tún ehf. Auk þess að vera félagar í BÍ eiga lífrænir bændur sameiginlegan vettvang í

óhagstæðari hér, kaldara og erfiðara að rækta belgjurtir á borð við smára, en samt sem áður tel ég engan vafa leika á því að íslenskir kúabændur

eigi að kynna sér möguleikana og svara kalli markaðarins. Hér gæti m.a. Landbúnaðarháskóli Íslands sýnt gott fordæmi á búi sínu á Hvanneyri. Þar er rekið myndarlegt kúabú við ágætast aðstæður í húsakosti á jörð sem þekkt er fyrir mikil landgæði, ekki síst til nautgriparæktar. Auk mikils landrýmis, vel gróins úthaga, góðs ræktunarlands og

„Því skora ég á Landbúnaðarháskóla Íslands að hefja lífræna aðlögun á Hvanneyrarjörðinni og þar með á kúabúinu, strax í vor, um leið og ég óska skólanum gleðilegs sumars.“

Aukin fjölbreytni mjólkurvara

Þeir fáu mjólkurframleiðendur hérlandis, sem hafa tekið upp lífræna búskaparhætti, og hafa jafnvel áratuga reynslu af lífrænum kúabúskap, hafa sýnt og sannað að um valkost er að ræða, a.m.k. á sumum jörðum og við ákveðnar aðstæður. Slíkt verður að meta á hverju býli fyrir sig en auk verðmætrar reynsluþekkingar bændanna sjálfra eru tiltækar leiðbeiningar, bæði hjá BÍ og RML byggðar á faglegum grunni. Þá hefur einkum verið horft til nágrannalöndanna. Íslensku mjólkurkúrnar henta þrýðilega, heilsufar kúnna er að jafnaði gott en ljóst er að erfiðasti þröskuldurinn sem þarf að yfirstíga við aðlögun er öflun nægilega mikils vetrarfóðurs þegar hætt er að nota tilbúinn áburð. Reikna má með að aðlögunin taki a.m.k. tvö ár en vottun lífrænna

félaginu Vor-verndun og ræktun sem hefur starfað með vaxandi krafti síðan 1993. Þótt hægt hafi gengið að auka framleiðsluna, hefur fjölbreytni lífrænna afurða, t.d. mjólkurvara, aukist verulega á seinni árum.

Lífræn mjólkurframleiðsla á Hvanneyri?

Á liðnu sumri hélt NJF, félag norrænna búvísindamanna, glæsilegt málþing um framþróun lífræns landbúnaðar, nánar tiltekið að Bredsten á Jótlandi í Danmörku dagana 21.-23. ágúst. Í tengslum við málþingið var m.a. farið í heimsókn á lífrænt kúabú sem er unnt er að ná mikilli sjálfbærni með vel skipulagðri sumarheit og vetrarfóðrun með háu hlutfalli gróffóðurs úr lífrænni ræktun. Aðstæður eru að sumu leyti

stórta túna eru þar mjög notadrjúgar flæðiengjar sem vitað er að geta auðveldað öflun nægilegs vottaðs vetrarfóðurs fyrir væna kúahjörð. Því skora ég á Landbúnaðarháskóla Íslands að hefja lífræna aðlögun á Hvanneyrarjörðinni og þar með á kúabúinu, strax í vor, um leið og ég óska skólanum gleðilegs sumars.

Tilvísanir:

1. Búnaðarþing 2014, mál nr. 21 um lífrænar landbúnaðarvörur.
2. Magnús Óskarsson og Ólafur R. Dýrmondsson, grein um nýtingu engja til heyskapar, m.a. á Hvanneyri, í Frey, 4. tbl. 1997, bls. 252-254.

Ólafur R. Dýrmondsson Ph.D. Ráðunautur Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap (ord@bondi.is, 563-0300 og 563-0317, www.bondi.is)

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

SAUÐBURÐARVÖRUR – GOTT ÚRVAL

Hér er lítið sýnihorn

MERKILITIR

BURÐARSLÍM OG JOÐ

SPRAUTUR

PELLAR OG LAMBATÚTTUR

RÚNINGS- OG KLAUFKLIPPUR

GJAFAFÖTUR

ROLLUHALDARI

LEGSTOÐ

HANSKAR

BURÐARTÖNG

Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir sauðfjárvörur

VB LANDBÚNAÐUR ehf. www.VBL.is **REYKJAVÍK** Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000 **AKUREYRI** Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Rúlluplastið sem bændur treysta

teno spin®



Verð á rúlluplasti

	Litur	Verð*	Magn á bretti
Teno Spin – 750 x 0,025 x 1500	Hvítt	11.800	15 rúllur
Westfalia Net – 123cm x 3000m		25.530	
Randofil Garn – 3500 m pr. rúllu		3.500	

*Verð án vsk. – kr/rúllu

Ef gengið er frá pöntun fyrir 1.maí er frír flutningur til bænda.



Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • www.ss.is

FÁÐU TILBOÐ Í GLER OG GLUGGA FYRIR SUMARIÐ

€ vottuð gæði

- PVC plast- og álgluggar
- Tvöfalt gler
- Berðu saman verð og gæði



WWW.GLERBORG.IS

Velkomin í nýtt og glæsilegt húsnæði
Glerborgar í Mörkinni 4, Reykjavík.

GLERBORG

Gler, gluggar, glerslípun & speglagerð frá 1922

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími: 565 0000 | glerborg@glerborg.is

Fréttir

Flugsamgöngur verði tryggðar

Sveitarstjórnarmönnum í Langanesbyggð var á síðasta fundi afhent samantekt af félagshagfræðilegri greiningu á framtíð áætlunarflugs á Íslandi.

Af því tilefni vill Sveitarfélagið Langanesbyggð ítreka mikilvægi þess að tryggja samgöngur af landsbyggðinni til

höfuðborgarsvæðisins, en þangað fer meginþorri flugfarþega frá Þórshöfn og Vopnafirði.

„Tryggja samgöngur til höfuðborgarsvæðisins gegna lykilhlutverki til að jafna búsetuskilyrði, tryggja öryggi íbúa og stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi,“ segir í fundargerð.

Björgunarvegur byggður við Landeyjahöfn

Sveitarstjórn Rangárþing eystra hefur samþykkt framkvæmdaleyfi fyrir Vegagerðina fyrir byggingu á aðkomuvegi innan við eystri brimvarnargarð Landeyjahafnar og færslu á flóðvarnargörðum austan við höfnina.

Tilgangur með byggingu

aðkomuvegar er að þjónusta brimvarnargarðinn og að hann nýtist sem björgunarvegur. Færsla flóðvarnar framur í fjöruna er til að stækka landgræðslusvæði austan við höfnina og hindra þannig sandfok í hana. Framkvæmdaleyfið er samþykkt með fyrirvara um samþykki landeiganda. /MHH



Leiðrétting

Í síðasta blaði var ranglega farið með nafn í frásögn af því þegar Sigurður Skúlason skógarvörður í Vaglaskógi var kvaddur. Þar er undir þessari mynd var sagt í myndatexta að Hallgrímur Indriðason hjá Skógrækt ríkisins slái á létta strengi, en sitjandi séu Agnes

Þórunn Guðbergsdóttir, formaður Skógræktarfélags S-Þingeyinga, og Sigurður Skúlason fyrrverandi skógarvörður. Hið rétta er að fyrir miðju er Margrét Guðmundsdóttir, eiginkona Sigurðar. Eru Agnes og Margrét beðnar velvirðingar á þessum mistökum.

Hjónavígslur vinsælar við Skógafoss og Seljalandsfoss

– fjörutíu giftingar voru framkvæmdar á þessum stöðum á síðasta ári

„Þetta er nú með því skemmtilegra sem maður gerir. Manni tekst vitanlega misvel upp en þegar þetta tekst vel er þetta virkilega gefandi og eftirminnilegt og þá vonandi tekst manni að skapa einhverja töfrastund fyrir hjónaefnin, sem sum hver eru komin um langan veg til að gifta sig hér,“ segir Kristín Þórðardóttir, fulltrúi sýslumannsins á Hvolsvelli, sem er oft kölluð til að gifta við Seljalandsfoss eða Skógafoss. Ein slík hjónavígsla fór einmitt fram við Skógafoss um páskana.

Kristín er einnig oddviti sjálfstæðismanna og sveitarstjóraefni fyrir sveitarstjórnarkosningar 31. maí í vor í Rangárþingi eystra. Hjónavígslurnar eru framkvæmdar allan ársins hring og flestar úti í náttúrunni.

„Einhvern veginn finnst mér alltaf hafa verið gott veður þrátt fyrir að stundum hafi nú gengið á með eljum og ég jafnvel lagst í lungnabólgu á eftir. Það er náttúrulega aldrei á visan að róa í þessum íslensku veðurmálum, og það virðast útendingarnir alveg vera með á hreinu, stundum held ég að þetta sé bara enn eftirminnilegra ef veðrið er dálítið skrautlegt. Fólki er að sækjast eftir einhverju ævintýri. Ég gifti annað par í byrjun mánaðarins í hávaðaroki og rigningu og þau voru alsæl,“ bætir Kristín við. Aðspurð segir hún að í fyrra hafi verið rúmlega 40 hjónavígsluathafnir og hafi færst vöxtur í þetta eins og annað því það sem af er þessu ári er búið að bóka 19 athafnir.

Perlurnar við Seljalandsfoss og Skógafoss eru vinsælastar, og mest eru þetta erlendir ferðamenn, eða í rúmlega 80% tilvika t.a.m. árið 2013. /MHH



Á myndinni eru Kristín og Þórður Kalman Friðriksson, fimm ára sonur hennar og Friðriks Erlingssonar, sem var aðstoðarmaður móður sinnar við hjónavígsluna um páskana. Þá gaf Kristín saman þau Mark Foley og Fionu Crawley, sem búsett eru í Cork á Írlandi. Mynd / Lárus Sigurðarson, www.larus.is

Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga:

Mótmælir því að Árborg fái afslátt frá reglum um skólprennsli í Ölfusá

Veiðifélags Árnesinga samþykkti ályktun um frárennsli í Ölfusá á aðalfundi sínum sem haldinn var að Þingborg föstudaginn 25. apríl síðastliðinn. Þar er mótmælt fyrirhuguðum breytingum á reglugerð um fráveitur og skólp sem gefi sveitarfélaginu afslátt frá gildandi reglugerð.

Tildrög ályktunarinnar er að unnið er að endurskoðun reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp. Aðalfundarfulltrúar voru greinilega ekki hressir með framgang mál að

því er fram kemur í ályktun fundarins sem, Jörundur Gauksson, formaður Veiðifélags Árnesinga, kom á framfæri við Bændablaðið.

„Þær ótrúlegu upplýsingar hafa borist að unnið sé að því að breyta ákvæðum hennar m.a. í því skyni að sveitarfélaginu Árborg verði heimilt að nota Ölfusá sem viðtaka frá eins þreps skólphreinsistöð.

Vatnasvið Ölfusár og lífríki hennar nýtur sérstakrar verndar í lögum og núgildandi reglugerð um fráveitur og skólp. Breyting á

reglugerðinni haggar ekki þeirri sérstöku vernd sem Ölfusá nýtur að lögum.

Félagsmenn Veiðifélags Árnesinga eru eigendur hátt á þriðja hundrað jarða í Árnessýslu.

Skorar aðalfundur á Sigurð Inga Jóhannsson, ráðherra umhverfis-, auðlinda- og landbúnaðarmála, að gæta þess að fyrirhugaðar breytingar verði ekki gerðar á reglugerðinni og tryggi að Ölfusá njóti þeirra verndar sem henni ber og nýtur að lögum,“ segir í ályktuninni. /HKr.

Hótel Rangá hefur opnað fullkomnasta stjörnuskoðunarhús landsins

„Þetta er nýjung í íslenskri ferðaþjónustu. Við ætlum ekki bara að bjóða upp á norðurljósin því núna gefst gestum okkur kostur á að skoða stjörnurnar og himingeiminn hjá okkur líka í fullkomnasta og flottasta stjörnuskoðunarhúsi landsins,“ segir Friðrik Pálsson, eigandi Hótel Rangár.

Stjörnuskoðunarhúsið, sem er tuttugu og fimm fermetra hús með afrennanlegu þaki, var formlega tekið í notkun um síðustu helgi. Tveir af



Sævar Helgi og Friðrik Pálsson í nýja stjörnuskoðunarhúsinu við Hótel Rangá.

fullkomnustu stjörnukíkjum landsins eru í húsinu, en þeir voru

keyptir í samráði við Sævar Helga Bragason, formann Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness. Sævar segir að nýja aðstaðan og staðsetning stjörnuskoðunarhússins sé fyrsta flokks. „Já, aðstaðan við Hótel Rangá er frábær, mikið myrkur og allur heimurinn blasir við þegar þakinu er rennt af húsinu. Upplifun ferðamanna, sem ég hef farið með í húsið er frábær og þeir geta komist í mikla nálægð við stjörnurnar í gegnum kíkjana,“ segir Sævar.

/MHH

Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæspir, 2-3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2-3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2-3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

Tilboð!

Birkitré 2-3 m. á hæð.

Tilboðsverð v. magnkaup, 10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570

NEW HOLLAND T5

Ný hönnun, ný tækni
Hann er ódýrari en þú heldur



Einstök hönnun á húsi þar sem öll tæki eru innan seilingar og með frábært útsýni úr húsi sem enginn annar býður. Aukin þægindi fyrir ökumann og farþega



Stærri hurðir auðvelda umgengni í ökumannshúsi



Gírkassi eftir vali 24x24 kúplingsfrír með milligír eða vökvaskiptur 16x16 vökvavendigír



New Holland stendur fyrir gæði, endingu og frábært endursöluverð

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Úrvalshestar kynna: Stóðhestaval 2014



Arður frá Brautarholti

F: Orri frá Þúfu
M: Askja frá Miðsitju
B: 8,34 H: 8,60 AE: 8,49
1. Verðlaun fyrir afkvæmi blup 126
Húsmál
150.000 m/vsk



Eldur frá Torfunesi

F: Máttur frá Torfunesi
M: Elding frá Torfunesi
B: 8,61 H: 8,59
AE: 8,60 blup 126
Eftir Landsmót
160.000 m/vsk



Trymbill frá Stóra-Ási

F: Þokki frá Kýrholti
M: Nóta frá Stóra-Ási
B: 7,90 H: 9,01
AE: 8,57 blup 124
Eftir Landsmót
130.000 m/vsk



Narri frá Vestri-Leirargörðum

F: Natan frá Ketilsstöðum
M: Vár frá Vestri-Leirargörðum
B: 8,39 H: 8,92
AE: 8,71 blup 122
Eftir Landsmót
130.000 m/vsk



Þeyr frá Holtsmúla

F: Stáli frá Kjarri
M: Þruma frá Sælukoti
B: 8,06 H: 8,61
AE: 8,39 blup 118
Allt sumarið
100.000 m/vsk

Laus pláss í tamningu, þjálfun og unghrossamat

Allar upplýsingar hjá Svanhildi Hall 659 2237 og Magnúsi Lárussyni 659 2238 og á

www.urvalshestar.is

Úrvalshestar ehf. tamningar – þjálfun – unghrossamat – kaup – sala – kennsla – stóðhestahald



Fréttir

Listin að lifa – geðheilsa

Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur



Vorannir

Þegar vorið tánum tyllir tindana á er sælt að búa í sveitum landsins og njóta þess að vera til. Fylgjast með landinu lífna á ný og njóta sólar og útiveru við leik og störf. En vorið er ekki bara tíminn þegar túnin grænka og sóleyjarnar spretta heldur líka tími vorverka og anna. Það þarf að gera við girðingar, plægja, tæta, slóðadraga, keyra skít og bera á bara svona til dæmis. Á sauðfjárbúum þarf sólarhringsvakt í fjárhúsin og ótal verk kalla allt frá því fyrsta lambið fæðist þar til allt er komið á fjall. Vorið er sannarlega afar krefjandi og annasamur tími í sveitum landsins.

Hvernig tekst okkur að njóta lífsins á annasömum tímum? Vera skynsöm, skipulögð, skilvirk og árangursrík í starfi og reka búið með sóma og um leið að vera lífsglöð og hamingjusöm. Að annast okkur sjálf andlega, líkamlega og félagslega og vera jafnframt glöð og gefandi á heimilinu og í okkar nánasta sambandi? Það kanna að vera hægara sagt en gert og hver og einn þarf að finna sínar leiðir til að tækla sem best tarnir og annir hvort heldur sem er vorannir eða heyskap, en hér eru nokkur góð ráð úr pokahorninu:

• Svefn er afar mikilvægur. Hann snýst ekki aðeins um líkamlega hvíld heldur einnig andlega og um hugræna getu, möguleikann á að halda einbeitingu á annatímum, geta tekið réttar ákvarðanir og haldið starfsorku. Virtu svefntímann þinn eins og framast er unnt, þá afkastar þú meiru, átt auðveldara með að sjá lausnir í daglegum störfum og líður betur bæði andlega og líkamlega.

• Jákvaett samstarf léttir störfin. Þegar ótal verk kalla og þeytan segir til sín falla margir í þá gryfju að verða óþolinmóðir, hvassir, neikvæði, sí kvartandi og örugir eða fáskiptnir, orðfáir og þungir. Leggið ykkur fram um að hafa góð samskipti við þá sem ganga með ykkur til verka hvort sem það er fólkið úr fjölskyldunni ykkar eða óskyldir aðilar. Það er ekki sæmandi að hunsast sitt samstarfsfólk með því að heilsa varla á vaktaskiptum eða svara út í hött eða alls ekki. Ekki heldur að finna sífellu að, óskra á þá sem gera mistök eða tala niður til fólks. Jákvaðni snýst um að þakka hverri hjálpanði hönd, hafa orð á því sem vel gengur, slá sér og sínum á brjóst yfir þessum tíu hlössum af skít sem komin eru á Grundina í stað þess að láta daginn litast af því pirringi yfir því að haugðelan stíflaðist.

• Hlúðu að sjálfum þér og taktu ábyrgð á þér. Það er forsenda þess að þér takist að halda fullum starfskröftum, njóta lífsins og vera hæfur á heimili og í fjölskyldu á annasömum tímum. Gættu þess að borða reglulega og skynsamleg, drekka nóg, taka stuttar pásur, rétta úr þér, láta hugan reika og anda djúpt nokkrum sinnum. Taktu markvisst og meðvitað eftir því sem gengur vel, veltu þér upp úr því en ekki því sem aflaga fer. Taktu eftir fyrstu vorblómunum, fuglunum og fegurðinni sem býr dýrunum og landinu þínu. Haltu samband við vini og félag, hringdu og spjallaðu. Ef þú ert svo lánsamur að eiga maka og fjölskyldu, ræktaðu þá nánd við þau einmitt þegar það er brjáláð að gera. Eða eins og segir í dægurlagatextanum, kysstu kerlu að morgni, snerting, knús, kossar, nánd og hlýja gefur orku og ljúfara líf, líka á sauðburði.

• Hugsaðu á hjálplegan hátt, leitastu við að hugsa í lausnum, þetta er ekki vonlaust, eða bara ein lausn til sem er of erfið. Það eru alltaf fleiri leiðir. Ekki einblína á það sem gengur ekki, víkkaður hugsunina og stækkaður sjóndeildarhringinn þá áttu auðveldara með að finna það sem hjálpar. Stundum erum við föst í gömlum síðum og venjum sem ganga ekki upp lengur, eru íþyngjandi, of tímafrek, erfið, eða ekki lengur besta lausnin. Verum opin fyrir nýjungum og öðrum síðum til að leysa vandann og léttu lífið.

• Skipulag og forgangsörðun er svo auðvitað lykill að léttari dögum og árangursríkari rekstri. Raunhæfara áætlanir, að gefa sér ákveðin tíma í verk og leitast við að láta það duga, að setta sig við að eitthvað verður undan að láta og gleyma því að aldrei að mannaðurinn, þú og fólkið þitt er öllu öðru verðmætara. Ekki valta yfir þig og þína, til hvers er þá barist?

Það er yndisleg tilfinning að liggja flatur í króni í fjárhúsunum á bjartri vörnótt og koma lífi í seinni tvílembinginn, sjá hann taka við sér og líf lífa enn á ný. Að ná loksins móður, sveittur og sár á höndum að draga svarta nautið úr skjöldóttu kvígunni og mjólka hana síðan í fyrsta sinn, júgríð jafnt, allir spenar í lagi og kálfurinn sveltir í sig broddinn. Það er ómetanlegt ævintýri að vera íslenskur bóndi sem fagnar vori, hlúið að ykkur sjálfum til að þið og ykkar fólk getið notið þess alveg í botn.

Heimildir: J.S. Beck., T. Ben-Shahar, M. Yapko.

Grein starfsmanna Landbúnaðarháskóla Íslands um asparryð birt í virtu vísindatímariti:

Markvissar kynbætur eina varanlega lausnin til að auka þol

– segir Sigríður Erla Elefsen, einn höfunda greinarinnar

Það vakti athygli á dögum þegar grein starfsmanna Landbúnaðarháskóla Íslands um asparryð var birt í tímaritinu *European Journal of Plant Pathology*. Um er að ræða alþjóðlegt tímarit sem birtir greinar á sviði plöntumeinafræði.

Viðurkenning að fá greinina birta í svo virtu tímariti

Greinin, sem ber heitið „Microsatellite analysis of Icelandic populations of the poplar fungal pathogen *Melampsora larici-populina* shows evidence of repeated colonization events“, byggir á MS verkefni Sigríðar Erlu Elefsen. Meðhöfundar eru leiðbeinendur hennar, Halldór Sverrisson og Jón Hallsteinn Hallsson, auk Pascal Frey sem er yfirmaður á frönsku rannsóknastofnunni INRA. Að sögn Sigríðar er það viðurkenning á gæðum greinarinnar að fá hana birta í þessu virta tímariti. „Greinar í blaðinu eru ritrýndar sem þýðir að þær hafa staðist fræðilegar kröfur“, segir Sigríður.

Eina varanlega lausnin er að kynbæta aspir til að auka þol

Asparryð (*Melampsora larici-populina*) er vel þekktur sjúkdómsvaldur á ösp í Evrópu og þekktist nú hvarvetna þar sem aspir er ræktaður. Hérlandis greindist asparryð fyrst 1999. Þetta er sveppasjúkdómur sem lýsir sér sem gulrauðir ryðflekki á neðraborði asparlaufs. Ef smit er mikið getur neðraborð laufs verið þakið af ryðflekki. Í miklu „ryðárferði“ geta heilu trén og jafnvel heilu lundirnir verið undirlagðir. Mikið ryð eyðileggur laufblöð, ljóstillífum minnkar eða stöðvast jafnvel. Þannig getur ryðið haft veruleg neikvæð áhrif á vöxt og viðgæði. Eitrunaraðgerðir gegn asparryði eru ekki varanleg lausn og eina raunhæfa leiðin er að kynbæta aspir til að auka þol gegn sveppnum,“ útskýrir Sigríður.

Hýslar sveppsins eru lerkitegundir og aspir


„Asparryðsveppurinn er nauðbundin sníkjusveppur sem þýðir að hann vex ekki utan hýsla sinna sem eru lerkitegundir og aspir af ættkvíslinni *Populus*. Lífsferill ryðsins er nokkuð flókin og hefur hann fimm gróstig. Mikilvægt er að þrjú þeirra gróa sem myndast eru vindborin og þar á meðal eru ryðgróin. Þessi gró eru þolin og berast auðveldlega með vindi. Mjög breytilegt getur verið milli ára hversu mikið ryð verður. Sem dæmi má nefna að árið 2007 sást varla nokkuð ryð á landinu, hins vegar var víða mikið um ryð árið 2010 þar sem nánast hvert tré var sýkt á ákveðnum svæðum.

Ekki er vitað hvernig ryðið barst til landsins en líklegt má telja að það hafi borist með vindi á sama hátt og fuglar og skordýr geta borist hingað. Fyrsta árið greindist asparryð aðeins á Suðurlandi. Næstu ár á eftir fannst ryð á fleiri svæðum og þegar árið 2005 mátti finna ryð á sunnanverðu landinu allt frá Keflavík í vestri til Lóns í austri. Þá hafði ryð einnig fundist í Borgarfirði, á Gunnfríðarstöðum í Húnavatnssýslu og á Hallormsstað. Nýlegir fundarstaðir eru á Akureyri og í Vatnsdal í Húnavatnssýslu.

Frá því asparryð greindist hér fyrst, hafa miklar rannsóknir og kynbætur farið fram á öspum með tilliti til þols þeirra gegn asparryði, auk þess sem áhrif þess á vöxt og viðgang aspa hafa verið skoðuð. Minna hefur farið fyrir rannsóknun



Sýkt ösp.



Ryðþekja.

á skaðvaldinum sjálfum. Sigríður segir forvera þessarar rannsóknar vera franska rannsókn frá árinu 2003. Þar var erfðafræðilegum aðferðum beitt við að greina stofngerð sýna sem safnað var í nágrenni Skálholts og hún borin saman við stofngerðir sýna frá Evrópu og Kanada. Í þeirri rannsókn kom fram að stofngerð íslensku sýnanna var ólík allra annarra sýna sem skoðuð voru.

Sveppurinn í tvígang numið land á Íslandi

„Í rannsókninni nú, var sjónum aftur beint að erfðafræði ryðsins. Annar vegar var markmiðið að bæta við þá greiningu sem nú stendur yfir á sjúkdómsvöldum aspa með greiningu á erfðafjölbreytileika íslensks asparryðs og bera það saman við evrópska hópa. Hins vegar að styrkja framtíðar kynbótaverkefni fyrir sjúkdómsþoli íslenskra aspa með því að meta þróunargetu íslensks asparryðsstofnsins.

Sýnum var safnað frá svæðum bæði sunnan og norðan heiða og stofngerð þeirra skoðuð. Samanburður var einnig gerður við sýni frá Mið-Evrópu.

Niðurstöður bentu til þess að íslenski stofninn skiptist í tvo aðgreinanlega hópa. Annar hópurinn, sem í voru flest sýni, dreifðist svo til um allt land en hinn hópurinn samanstóð eingöngu af sýnum sem

tekin voru í norðanverðum Lónsfirði. Þegar ryðið var borið saman við ryð frá Mið-Evrópu kom í ljós að sýnin frá Lónsfirði flokkuðust með hluta evrópsku sýnanna en ekki íslenskum. Þetta bendir til þess að sýni frá Lónsfirði séu af öðrum stofni en meginhluti íslensku sveppanna. Nærtækasta skýringin er að ryðsveppurinn hafi numið hér land í tvígang.

Spurningunni um hvaðan ryðið er upprunnið er hins vegar ósvarað. Til þess að komast að því og staðfesta uppruna hópsins í Lónsræfum, þyrfti að afla sýna frá fleiri svæðum eins og Skandinavíu og Skotlandi og bera saman við íslensk sýni.“

Landfræðilega einangrun ver ekki ræktun nytjaplantna

Að sögn Sigríðar sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að landfræðileg einangrun ver ekki ræktun nytjaplantna gegn sjúkdómum. Á hverjum tíma má búast við að sveppir eða aðrir sjúkdómsvaldar geti borist hingað. Það er svo háð þéttleika nytjaplantna – og hugsanlega ytri skilyrðum – hvort þessir sjúkdómsvaldar nái fótfestu. Eigi að stunda markvissar kynbætur nytjaplantna með tilliti til aukins sjúkdómsþols er brýnt að þekkja helstu tegundir og sýkingagerðir sjúkdómsvalda er herjað geta á þær.“

/smh

Bændablaðið kemur næst út 22. maí

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. maí 2014

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



Vinsamlegast hafið samband við
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

Allt í gleri úti og inni

Hjá okkur fáið þið allar gerðir af gleri og speglum
■ slípun
■ sandblástur



Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - Sími: 54 54 300 www.ispan.is - ispan@ispan.is

€ -VOTTUÐ FRAMLEIÐSLA



ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet
Dýraheilsa

LAMBBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.



FLORYBOOST

Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Verndar þarmana – Viðarkol og leir sem draga í sig eiturefni

Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans – Natriumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt

Eykur orku – Dextrósi

Styrkir erta slímhúð – Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmaríni, cajeput, tímótei og thymol



LAMBBOOST

Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og létttra lamba í huga.

Heilbrigði þarmaflóra – Mjólkursýrugerlar

Eflir ónæmiskerfið – Broddur

Örvandi – Jurtakraftur (kóla, gúarana)

Eykur líkamlegan styrk – Flókin samsetning vítamína og járns

Eykur orku – Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þrigglyseríðar

Fáanlegt hjá dýralæknum og búrekstrarvöruverslunum
Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðaðila í síma 820 2240



Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í **JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar

Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

Oftast ódýrastir!
Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 • Garðabær • Sími 5272600 • velavit@velavit.is

HREINSI- OG SMUR- EFNI, GÍROLÍUR, SMUROLÍUR OG RÚÐUVÖKVI

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA

Framúrskarandi
fyrirtæki 2012



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 544 5466
Opíð: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smiðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is



...frá heilbrigði til hollustu



Bóndi ver þitt bú

Íslendingar búa við þá góðu stöðu að vera lausir við marga af þeim erfiðu búfjársjúkdómum sem hrjá nágrannalöndin. Við búum svo vel vegna þess hve landið er einangrað og hversu vel við höfum getað fylgt eftir ströngum lögum um innflutning lifandi dýra og afurða þeirra.

Þrátt fyrir okkar góðu stöðu þá þekkjum við vel nokkra misalgenga sjúkdóma eins og garnaveiki, salmonellu og veiruskitu sem allir geta borist með fólki, dýrum og eða búnaði og tækjum á milli bæja. En því miður hefur orðið breyting á til hins verra á undanförunum árum og eru að berast til landsins nýir búfjársjúkdómar þrátt fyrir tiltölulega sterkar varnir. Má þar nefna smitandi barkabólgu í nautgripum, smitandi hósta í hrossum, þráðorma í hundum og berkla, sjúkdómar sem allir hafa haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði út frá sjónarmiðum dýravelferðar og svo vegna kostnaðar sem af hefur hlotist fyrir eigendur og hið opinbera.

Við ættum því aldrei að slaka á klónni varðandi smitvarnir og við verðum að gera okkur grein fyrir því að allir bera ábyrgð og þá ekki síst eigandi eða umráðamaður búfjár. „Bóndi ver þitt bú“ það er jú bóndinn og hans dýr sem eru helstu hagsmunaaðilarnir þegar kemur að því að halda búinu „hreinu“ og lausu við smitandi sjúkdóma.

Mest áriðandi er að bóndinn sjálfur verji sitt bú, hann þarf ætíð að hafa hugfast hvort hann sé að koma með eitthvað inn á búið sem hugsanlega getur borið smit í dýrin. Mesta hættan er að bera nýtt smit inn á bú með því að koma með lifandi dýr sömu tegundar inn á búið, þar á eftir saurmenguð áhöld, tæki, tól og fatnað. Bændur þurfa einfaldlega að hugsa um allt mögulegt sem getur borið smit á búið, þar á meðal hey og heyyinnuvélur.

Sæðingarmenn, dýralæknar, klaufskurðarmenn, rúningsmenn, viðgerðarmenn sem og aðrir gestir sem fara á milli bæja og inn í gripahús þurfa þó líka að vera meðvitaðir um smithættu á milli búa og búfjártegunda. Vel færi á því ef tekið yrði upp hér á landi nýlegt fyrirkomulag Norðmanna þar sem gerð er krafa um að hvert kúabú hafi hlífðarfatnað og stígvél fyrir þjónustuaðila og gesti, með því móti minnkar bóndinn til muna þá hættu að fá nýtt smit inn á bú sitt. Þetta

hafa svína- og fuglabændur gert hér á landi til nokkurra ára. Ætti þessi regla í raun líka að eiga við á öllum búum óháð dýrategund. Einnig er sjálfsagt og augljóst að þjónustuaðilar ættu að sýna þá fagmennsku að koma með hreinan búnað hvort sem um er að ræða áhöld dýralæknis, klippur rúningsmannsins eða fjárflutningabíl sláturhússins, öll verðum við að vinna saman að smitvörnum og vinna þannig að heilbrigði og velferð dýra auk þess sem hagur býlisins er ótvíræður.

Nokkur góð ráð varðandi smitvarnir sem bóndi getur fylgt eftir.

1. Gestir noti hlífðarfatnað og stígvél sem tilheyrir búinu
2. Hlífðarfatnaður búans þvegin reglulega
3. Vaskur nálægt inngangi þannig að gestir búans geti þvegið sér um hendur áður en gengið er inn til gripa
4. Þjónustuaðilar komi ávallt með hreinan búnað á búið og ætti bóndi að fylgjast með því
5. Skipuleggja ætti ferðir á milli býla, t.d. við gripaflutninga í sláturhús, þannig að farið yrði síðast þangað sem meiri hætta er talin á að smit geti verið til staðar. Þetta á einnig við um sæðingarmenn, dýralækna og aðra sem að fara á milli býla í sömu ferð.

Nú fer í hönd helsti annatími ferðaþjónustunnar og ástæða til að minna bændur á að verja sitt bú. Það er alkunn gestrisni til sveita að bjóða alla velkomna og bæði gaman og gott að fá ferðamenn og gesti á búið. Mikilvægt er því að bóndi spyrji þá sem koma erlendis frá hvort þeir hafi nýlega verið í gripahúsum í öðrum löndum. Það er ekki ógestrisni að synja fólki um inngöngu í gripahús ef gestum er greint frá áhættunni sem því gæti fylgt. Að lokum eru samtök bænda hvött til að taka upp norska fyrirkomulagið sem minnst er á hér að ofan.

*Gleðilegt sumar og gangi ykkur vel í sauðburði.
Eyrún Arnardóttir,
héraðsdýralæknir*



Skarfakál.

Er hægt að rækta skarfakál og selja Íslendingum?

Vannýtt, bragðgóð og holl nytjajurt

Villta íslenska nytjajurtin skarfakál á sér sérstakan sess í þjóðarvitund Íslendinga. Um aldri var hún ein helsta uppspretta C-vítamíns í fæðu þjóðarinnar og neysla á henni gat komið í veg fyrir skyrþjúg; sjúkdóm sem getur reynst nokkuð alvarlegur. Ari Tómasson vann nýverið að hópverkefni í Háskóla Íslands sem felst í gerð viðskiptaáætlunar fyrir ræktun og sölu á þessari jurt, en hún þykir aukinheldur bragðgóð. Ekki er vitað til þess að skarfakál hafi verið ræktað að neinu ráði í markaðslegum tilgangi á Íslandi.

Af hverju er ekki hægt að kaupa skarfakál í matvöruverslunum?

„Ég hafði lesið um skarfakál í skóla og hvernig það hafði bjargað Íslendingum frá skyrþjúg og frekar oft heyrt minnst á það. Svo var vinahópurinn á leið á tónlistarhátíð á Rauðasandi og við vorum að ræða skarfakál í ferðinni vestur og ekkert okkar kannaðist við að hafa nokkru sinni smakkað það. Eitt kvöldið í miðnætursólinni gengum við út á sandinn til að skoða selavöðuna og rákumst á grænan brúsk sem reyndist vera skarfakál. Við rifum upp handfylli og svo kom þetta skemmtilega sterka, salta bragð sem minnti á klettasalat með auknu saltbragði. Þá var næsta augljósa spurning: „Af hverju er ekki hægt að kaupa skarfakál í matvöruverslunum?““, segir Ari um kveikjuna að áhuga hans.

Bragðgóð hollustujurt

Að sögn Ara vex skarfakál villt í íslenskri náttúru, oft og víða meðfram ströndum. „Plantan er full af fjörefnum, sér í lagi C-vítamíni. Hún þótti svo mikil lækningajurt fyrr á öldum að skarfakálstaka á bújörð var talin til hlunninda í jarðabókum. Sérstaklega var talað um að lambakjött fengi öðruvísi bragð ef lömbin hefði verið á beit þar sem skarfakál yxi. Þrátt fyrir að vera bragðgóð og meinholl þá hafa Íslendingar nánast að öllu leyti lagt af neyslu hennar og fæstir hafa heyrt hennar getið. Eftir rannsóknir á þjóðarþóknahöfðunni fundust alls kyns uppskriftir og til dæmis var skarfakál oft sett út á skyr og grauta. Skarfakálið smakkaðist mjög



Ari Tómasson

vel þarna á Rauðasandi. Eins og klettasalat með léttu „saltsprengru“. Það myndi kannski ekki henta eitt og sér sem uppistaða í salati, en væri mjög gott sem eins konar krydd í blandað salat. Sumum fannst bragðið vera sterkara og nær því að smakkast eins og piparrót.

Engin vandkvæði í ræktun skarfakáls

Ari segist hafa leitað ráða hjá fagfólki á ýmsum sviðum í tengslum við hugmyndavinnuna og viðskiptaáætlunina. „Ég talaði við sérfræðing hjá Landbúnaðarháskólanum, einnig meistara Ingólfr hjá Gróðrarstöðinni Engi, kokk á Dill Restaurant, næringarfræðing, verslunaraðila, Mads Holm hjá Ny nordisk mad-hreyfingunni, sérfræðing hjá Matís og fleiri aðila. Alls staðar fengum við góð viðbrögð. Sérfræðingar hvöttu okkur áfram sem og verslunaraðilar. Mads Holm benti okkur á dæmi um svipaða vöru í Danmörku (bjarnarlauk, lat. Allium ursinum), sem eitt sinn var aðeins villt jurt, en fæst nú í flestum dönskum verslunum.

Mér fannst í raun svo borðleggjandi að rækta svona heilnæma og góða vöru til manneldis að ég ályktaði sem svo að það hlyti að vera eitthvað annað sem stoppaði, en markaðslegar forsendur. Til dæmis að hún væri ómöguleg í ræktun, þyrfti sérstakan saltan jarðveg eða eitthvað á þá leið. Sérfræðingarnir sögðu mér að svo væri ekki og


vandamálið væri í raun markaðslegt. Fáir vissu af vörunni og í raun væri engin eftirspurn eða pressa til að rækta hana.“

Ferskt skarfakál, skarfakálsskyr eða skarfakálspestó

„Í námskeiðinu Nýsköpun og gerð viðskiptaáætlana við verkfræðideild Háskóla Íslands ákváðum við Guðrún Anna Atladóttir, Vilborg Guðjónsdóttir og Solveig Brándardóttir að gera hópverkefni sem fólst í gerð viðskiptaáætlunar um ræktun skarfakáls. Stór hluti verkefnisins var skoðunarkönnun sem lögð var fyrir háskólanema þar sem við spurðum í fyrsta lagi hvort það hefði heyrt skarfakáls getið. Í öðru lagi bjuggum við til myndir af líklegum vörum sem mundu innihalda skarfakál og spurðum hvort svarandi myndi kaupa þær. Innan við helmingur hafði heyrt um skarfakál áður. Ferskt skarfakál kom best út sem líkleg vara en annað sem kom vel út var skyr með skarfakáli og pestó úr skarfakáli,“ segir Ari segir.

„Það sem varð okkur einnig hvarfning til að nota skarfakál sem viðfangsefni viðskiptaáætlunar er tíðarandinn sem við lifum; fólk er orðið duglegra að elda úr exótískara og fagaðra hráefni. Einföld dæmi um slíka þróun er frá gamla saltstauknum yfir í sjávarsalt og niðurskorinn kálhaus yfir í forpakkað blandað salat. Einnig hafa veitingastaðir eins og NOMA í Kaupmannahöfn [sem hefur nokkrum sinnum verið útnefndur besti veitingastaður í heimi – innsk. blm.] haft mikil áhrif á eldamennsku almennt og hvatt fólk og veitingastaði til að nota hráefni úr nærumhverfi svo það sé sem ferskast og næringarríkast en einnig til að lágmarka umhverfisáhrif.

Við höfum mikið rætt hver þau skref ættu að vera. Við höfum í raun enga reynslu af ræktun eða landbúnaðarstörfum svo við myndum þurfa aðstoð sérfræðinga. Mig grunar einnig að til að geta ræktað í stórum stíl og gera það vel þá þurfi að eiga sér stað allnokkur tilraunavinna fyrst. Rökrétt næstu skref væru þá að safna fræjum og koma sér fyrir í tilraunareit hjá velviljuðum garðyrkjubónda og sjá hvað gerist.“ /smh





...stíðu næsta skref í stígvélum frá Bekina



Sérhæft háskólanám

- Ferðamálafræði
- Viðburðastjórnun
- Fiskeldisfræði
- Reiðmennska og reiðkennsla
- Hestafræði

Tækifærin eru í okkar greinum

Nánari upplýsingar á www.holar.is eða í síma 455-6300.

Mikið úrval aukahluta



BIRCHMEIER


Prýstikanna Prýstikútur Bakúðadæla **NÝTT** Rafhlöðu-bakúðadæla




Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544



Made in Switzerland





HÁGÆÐA HRÁEFNI + ÁST OG UMHYGGJA = EINSTÖK ÚTKOMA

BLÁTT KORNAX HVEITI ER SÉRSTAKLEGA ÆTLAD FYRIR BRAUÐ- OG PIZZUBAKSTUR





Donaldson

Filtration Solutions

Dedication to Excellence Award 2004-2005



LOFTSÍUR



VÖKVAKERFISSÍUR



SMUOLÍUSÍUR
HRAOLÍUSÍUR
KÆLIVATNSSÍUR

Reki hf · Fiskislóð 57-59 · 101 Reykjavík
Sími 562 2950 · Fax 562 3760
Netfang: bjorn@reki.is · Vefsíða: www.reki.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m




STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði





H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

STEKKUR

Naglapakkar og lífsýni

Þegar ég var við nám í Háskólanum á sínum tíma var ég ekki alveg jafn fyrirhyggjusamur og sumir samnemendur mínir. Upp úr áramótum fór ég að heyra um hinn og þennan sem búinn var að tryggja sér sumarstarf í hinum ýmsu fyrirtækjum og stofnunum. Ég var hins vegar kærulaus og spáði lítið í þetta.

Leið nú og beið og farið var að stytast í vorpróf. Á þessum tíma bjó ég á stúdentagörðum í Vatnsmýrinni. Í 50 metra fjarlægð frá íbúðinni minni stóðu yfir miklar framkvæmdir við byggingu húss Íslenskrar erfðagreiningar. Dag einn rólti ég niður á vinnusvæðið og hitti fyrir verkstjóra, sagði honum að ég væri úr sveit og hefði unnið í byggingarvinnu veturinn áður og með það handsöluðum við að ég myndi mæta til vinnu eftir að vorprófum lyki.

Þetta var ágæt vinna, svolítið eins og í sveitinni heima. Ég gat stillt vekjaraklukkuna á að hringja fimm mínútum áður en ég þurfti að mæta til vinnu, skroppið heim í morgunkaffi og hádegismat og jafnvel lagt mig í korter í hádeginu. Þó að launin væru bara í meðallagi var þetta uppgripavinna. Eftir að hefðbundnum vinnudegi var lokið fór ég mörg kvöld í steypuvinnu.

Talað hefur verið um að fyrir hrún hafi mikið gengið á í byggingaframkvæmdum og ýmsir gallar hafi komið í ljós á húsum sem byggð voru á þeim uppgangstímum. Ég ætla svo sem ekki að alhæfa um hvernig þessu var farið með hús Erfðagreiningarinnar, sem reis á 14 mánuðum. En þegar útveggurinn að vestanverðu hrynur með brauki og bramli einhvern tíma í framtíðinni verður það alla vega ekki mér að kenna. Það var ekki ég sem henti heilum naglapakka niður í steypumótið til að loka gati sem gleymst hafði að slá upp undir. Það var annar.

Ósköp væri nú annars gaman ef einhver gæti útskýrt fyrir mér hvað í veröldinni fyrirtækið Íslensk erfðagreining gerir eiginlega. Árum saman hefur verið hamrað á því að rannsóknir fyrirtækisins séu landslýð öllum til mikils gagns og jafnvel heimsbyggðinni líka. Öðru hvoru koma svo fréttir um að fundist hafi sameiginlegur erfðapáttur hjá öllum sem eru með fótaðeirð eða einhvern fjáránn. Hvernig það hjálpar okkur hefur ekki komið fram. Það eina sem ég man eftir að hafi í alvöru gerst varðandi þetta fyrirtæki er að fjöldi fólks tapaði fullt af peningum með því að fjárfesta í hlutabréfum í því, sem í sumum tilvikum voru fjármögnuð með lántökum. Ég vona alla vega að það læknist einhvern tíma af deirðinni.

Ög nýjustu tiltæki fyrirtækisins vekja spurningar. Nú á að láta hundrað þúsund Íslendinga skafa innan úr kinnunum á sér til að fyrirtækið fái enn fleiri lífsýni til að greina mögulega ættgengni gyllinæðar eða annarra sjúkdóma. Enginn virðist gera athugasemdir við að einkafyrirtæki fái með þessum hætti lífsýni úr hátt í þriðjung þjóðarinnar til viðbótar við þau lífsýni sem þegar eru til staðar. Ætli ég fylgi ekki fordæmi ágæts manns í þessum efnum, sem tilkynnti á Facebook að hann væri búinn að skafa innan úr kinninni á kettinum sínum.

/fr

Kjarnaskógur og Hamrar við Akureyri:

Kanínur hafa valdið miklum skemmdum á trjám í vetur

Kanínur sem ganga lausar í Kjarnaskógi og á Útilífs- og umhverfismiðstöð skáta að Hömrum við Akureyri hafa valdið miklum skemmdum á trjám í vetur. Hafa þær nagað börk af trjám allt upp í tveggja metra hæð. Leyfi fékkst til að farga kanínunum á Hamrasvæðinu í lok vetrar, en ef til vill er um skammgóðan vermi að ræða því þær sem fyrir eru í Kjarnaskógi færa sig gjarnan yfir að Hömrum.

„Kanínur hafa verið í Kjarnaskógi um áratuga skeið og hafa flestir haft gaman af því að sjá þær skoppa um skóginn. Margir hafa viljað meina að þær geri ekki neinn skaða og séu kærkomin viðbót í annars fábrotið villidýralíf landsins. En með framferði sínu síðastliðinn vetur hefur talsmönnum kanínanna fækkað verulega,“ segir Bergsveinn Þórsson svæðisstjóri í grein sem hann skrifar á vef Norðurlandsskóga.

Kanínur hafa drepit mörg falleg tré í Kjarnaskógi

Bergsveinn fór í gönguferð um skóginn á dögnum og varð þá vitni að því að á mörgum stöðum höfðu kanínur drepit falleg tré sem plantað hafði verið hér og þar um skóginn til skrauts. „Í vetur þegar fór að snjóa og harðna á dalnum hjá kanínunum hafa þær tekið upp á því að naga allan börk af greinum og stofni valinna trjáa. Kanínurnar hafa sigtað út sjaldgæfustu og dýrustu trén



Hér má sjá upp étinn Dodong-reyni í Kjarnaskógi. Myndir / Norðurlandsskógar

og virðast tré af rósaættinni vera í sérstöku uppáhaldi eins og t.d. reynitré, eplatré og prunusar. Vegna snjálaga í vetur hafa þær í mörgum tilfellum getað verið að dunda við að hreinsa börkinn af trjánum frá jörð og upp í yfir metra hæð svo nú standa eftir berir trjástofnarnir,“ segir Bergsveinn.



Þessi fyrrum fallegi ilmreynir er ónýtur eftir að kanínur hafa nagað hann í vetur.

Tryggvi Marinósson, framkvæmdastjóri Útilífs- og umhverfismiðstöðvar skáta að Hömrum, segir að þar á bæ sé sama sagan. Kanínur hafi nagað allan börk af fjölda trjáa á svæðinu.

„Trén sem lögðust undan snjónum nögðu þær allan börk af allt upp í tveggja metra hæð,“ segir hann.

Leyfi fékkst til að farga kanínunum að Hömrum

Í lok vetrar fékkst leyfi frá Umhverfisstofnun til að farga kanínunum á svæðinu og þar eru nú að sögn Tryggva engar kanínur, „en væntanlega koma þær aftur ef þær

eru enn á ferðinni í Kjarnaskógi,“ segir hann. Hann nefnir að menn tali gjarnan um fjölbreytileika dýralífs á landinu, en ótal dæmi séu víðs vegar að úr heiminum um hörmulegar afleiðingar þess að leyfa framandi dýrategundum að ná fótfestu. Þar megi nefna kanínur. Eins sé minkurinn ágætt dæmi hér á landi. „Menn mættu líka velta því fyrir sér hvaða afleiðingar það hefur ná kanínur verulegri útbreiðslu hér á landi, en sem dæmi gætu þær orðið viðbót við fæðu refsins og hvaða áhrif hefur aukið fæðuframboð fyrir refastofninn? Ef til vill þarf þá enn meira fé í að fækka refnum,“ segir Tryggvi.

/Mþþ

Reykholahreppur:

Oddvitinn þrjónaði peysur á öll nýfædd börn í hreppnum

Síðasta hálf tann árið hefur Andrea Björnsdóttir á Skálanesi, oddviti Reykhólahrepps, þrjónað peysur á alla nýbura í sveitarfélagi sínu. Núna eru peysurnar orðnar ellefu og jafnmörg sokkapör að auki. Það er ekki lítið í sveitarfélagi þar sem íbúarnir eru rétt um 270 segir í frétt á vef Reykhólahrepps.

Um daginn komu nær allar mæðurnar og börnin saman til myndatöku ásamt Andreu, fyrir utan að ein fjölskyldan er flutt úr hreppnum. „Öll hin tíu mættu, flest hress en sum þínu veik og önnur nýfædd,“ segir Andrea í spjalli við vefinn.

Fylgst hefur verið með framvindu þessa skemmtilega máls á Reykhólavefnum og ásamt myndum greint frá a.m.k. flestum nýju börnunum í Reykhólahreppi ef ekki öllum, eftir því sem fæðingunum hefur undið fram.

/Mþþ



Andrea Björnsdóttir oddviti í sófanum fyrir miðri mynd með tvö af börnunum í fanginu ásamt mæðrum og börnunum sem öll eru í peysunum sem hún hefur þrjónað.

Mynd / af vef Reykhólahrepps

Söngsveitin Fílharmónía heimsækir Norðlendinga

Söngsveitin Fílharmónía hefur verið iðin við tónleikahald það sem af er þessu ári og heimsækir næst Siglufjörð og Akureyri helgina 16.-18. maí. Um fimmtíu söngvarar verða með í þessari söngferð, enda er almennt mikil tilhlökkun í hópnum yfir að heimsækja Norðurlandið fagra og syngja fyrir íbúa Tröllaskaga, Akureyringa og Eyfirðinga.

Kórinn er að undirbúa sig fyrir kórakeppni í Llangollen í Wales í sumar og á efnisskrá tónleikanna fyrir

norðan er að finna lög sem kórinn fer með í keppnina. Á efnisskránni, sem er býsna fjölbreytt, eru bæði íslensk og erlend verk, svo sem eftir norska tónskáldið Ola Gjeilo, Randall Z. Stoope, Báru Grímsdóttur, Gunnstein Ólafsson. Hreiðar Inga Þorsteinsson og Þóru Marteinsdóttur.

Tónleikarnir verða á laugardag kl. 17 í Siglufjarðarkirkju og kl. 16 á sunnudaginn í Akureyrarkirkju þar sem kór kirkjunnar kemur einnig fram.



Söngsveitin Fílharmónía.

Sumarið er komið!

UniversalSchale

Steinefnafata fyrir sauðfé

**Tilboðsverð
kr. 3.668**

Lamba- mjólkurduft

10 kg.

Merkilitir sprey 500 ml.

Litir: Blár -
Rauður - Grænn

Merkilitir (stick)

Litir: Blár -
Fjólublár - Grænn
- Gulur - Orange -
Rauður - Svartur

Burðarslím

Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L **6 túttu 8 L**

Sáðvörur í úrvali

Grasfræ

Vallarfoxgras	Vega
Vallarfoxgras	Grindstad
Vallarfoxgras	Tuukka
Vallarsveifgras	Sobra
Túnvingull	Gondolin
Stólpablanda I	Fyrir kýr*
Stólpablanda II	Fyrir fé og beit
Stólpablanda III	Hávingulsblanda

Bygg til þroska

Bygg 6 raða	Voitto
Bygg 6 raða	Aukusti
Bygg 2 raða	Filippa

Stólpablanda I inniheldur:
60% Vallarfoxgras Tuukka, 25% Vallarfoxgras Tenho, 10% Vallarsveifgras Baron, 5% Fjölært rygresi Barpesto

Stólpablanda II inniheldur:
50% Vallarfoxgras Tuukka, 20% Vallarfoxgras Tenho, 30% Vallarsveifgras Baron

Grænfóðurfræ

Fjölært nýgresi	Calibra
Sumarrýgresi	Barspectra
Sumarrýgresi	Jivet
Vetrarrýgresi	Barmultra
Vetrarrýgresi	Jeanne
Sumarrepja	Pluto
Vetrarrepja	Barcoli

Belgjurtir

Ertur	Ingrid
Hvítsmári	Rivandel
Rauðsmári	Suez

Hafrar

Grænfóðurhafrar	Domenic
Hafrar til þroska	Cilla

Stólpablanda III inniheldur:
45% Vallarfoxgras Vega, 10% Vallarfoxgras Winnetou, 30% Hávingull Senu, 10% Vallarsveifgras Sobra

Girðingaefni

Staurar - gagnvarðir
50/1500 - 70/1800 -
120/2500

Gaddavír Iowa 2,5 mm
Gaddavír Motto 1,7 mm

Túngirðinganet

5 strengja
6 strengja
7 strengja

Skammtasprautur

Inngjafasprautur

Varpkögglar og ungafóður

LANDSTÓLPI

Egilsstöðum - 471 1901

Vélaval

560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

BETRA START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir traktora. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda sem hentar íslenskum aðstæðum.

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1257 eða kjartans@olis.is og fáið nánari upplýsingar.

Bann við notkun svepparotmassa til umræðu á aðalfundi framleiðenda í lífrænum búskap:

Setur lífrænt vottaðri ylrækt miklar skorður

– félagið telur mun strangari kröfur vera hér á landi en í nágrannalöndunum

Aðalfundur VOR – Verndun og Ræktun – félags framleiðenda í lífrænum búskap, var haldinn 2. apríl 2014. Á fundinum var þungum áhyggjum lýst með stöðu frumframleiðslu í lífrænum búskap gagnvart vottunarkerfinu. Þannig segir í annarri af tveimur ályktunum fundarins að hörmuð sé sú niðurstaða Vottunarstofunnar Túns að banna notkun á svokölluðum svepparotmassa sem áburðargjafa. Hann hafa bændur fengið frá Flúðasveppum þar sem hann er notaður sem jarðvegur fyrir svepparæktun. Í svepparotmassa er meðal annars notaður hænsnaskítur úr hefðbundinni hænsnarækt og er það ástæða bannsins.

Lífrænni ylrækt settar miklar skorður

Í greinargerð með ályktuninni kemur fram að VOR telji að með banninu sé lífrænni ylrækt hér á landi settar miklar skorður, en allir ylræktendur innan félagsskaparins, fimm talsins, hafa notast við hann sem undirstöðu áburð undanfarin tíu ár. „Hér á landi er aðgengi og valkostir á viðurkenndum aðföngum til lífrænnar ræktunar takmarkandi þáttur. VOR telur sig hafa heimildir um að vottunarreglur í nágrannalöndum séu rýmri hvað varðar þær kröfur, sem nú hafa verið settar sem skilyrði af Vottunarstofunni Tún,“ segir í greinargerðinni.

En hvers vegna sækjast bændur í lífrænt vottuðum búskap eftir því að fá að nota hráefni sem er að hluta til upprunninn úr hefðbundinni eggjaframleiðslu og gæti þess vegna til að mynda innihaldið erfðabreytt fóður? „Sveppamassinn er sá áburður sem fellur til í næsta nágrenni við kjarna ylræktar í lífrænni ræktun og finnst í nægjanlegu magni. Hann er að uppistöðu til hálmur og mold auk þess sem hann inniheldur að litlum hluta kjúklingadrit úr búum þar sem dýrin ganga laus á gólfi. Massinn hefur farið í gegnum mikið niðurbrot í vinnslu og safnhaug áður en hann kemur til notkunar í



Frá aðalfundi VOR – Verndun og Ræktun – félags framleiðenda í lífrænum búskap, sem haldinn var í Bændahöllinni 2. apríl.

garðyrkju. Það er í anda sjálfbærrar þróunar að notast við hráefni úr næsta umhverfi, frekar en t.d. að flytja aðföng langar leiðir eða urða hráefni, sem geta skilað mikilvægum eignum aftur í jarðveginn,“ segir Þórður Halldórsson, bóndi á Akri í Biskupstungum og formaður félagsins.

Rekjanleika á uppruna fóðurs hefur skort

„Vissulega hefur uppruni fóðursins sem dýrin fá verið á huldu en þar hefur rekjanleika skort hér á landi vegna þess hvað þróun varðandi merkingar hefur verið hæg í þessum eignum. Þetta er ekki fullkomið ástand, en aðstæðurnar á Íslandi eru þær að það er engin lífræn kjúklinga- eða hænsnarækt á Íslandi og innan við 20 aðilar stunda vottaða frumframleiðslu matvæla. Þessi veika staða lífrænnar ræktunar á Íslandi er einsdæmi núna miðað við önnur Evrópulönd.

Áburðarmálin er stærsta einstaka mál sem ræður því hvort vottuð lífræn ræktun þrífst á Íslandi og að það geti fjölgað í greininni; aðgengi að viðurkenndum eða ásættanlegum áburði þarf að vera til staðar. Þess

má geta að umræddur sveppamassi myndi væntanlega uppfylla kröfur sem gerðar eru í lífrænni ræktun á Norðurlöndum og væntanlega víðar í Evrópu.

Þegar lífrænar reglur voru í mótnun hér áður fyrr, þá voru þær yfirleitt miðaðar við það mögulega og þannig hefur það verið bæði hér og erlendis. Greinilegt er að hér á landi hefur orðið ákveðinn viðskilnaður í þessum eignum hin síðari ár,“ segir Þórður.

Í Bændablaðinu 4. júlí síðastliðinn var birt grein eftir Christina Stadler, kennara við Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhl), með fyrisögninni Sveppamassi bannaður frá og með 1. júlí 2013. Í greininni var greint frá niðurstöðum verkefnis sem hún stýrði, en tilgangur þess var einmitt að kanna hvaða áburður gæti komið í staðinn fyrir sveppamassann í lífrænni ræktun. Niðurstaða verkefnisins er að molta úr búfjáráburði er talin vera jafngóð sveppamassanum og fiskimjöl enn betra. Þá er einnig mögulegt að nýta molta úr safnhaugum, en sá áburður er ekki talinn eins góður. Hvað segir Þórður um þessar niðurstöður, hvers vegna hentar til dæmis molta úr öðrum búfjáráburði

ekki? „Lbhl hefur staðið fyrir athugunum á ýmsum áburðarefnum til lífrænnar ræktunar og gefa þær áhugaverðar vísbendingar. Þar hefur meðal annars verið notaður búfjarsafnhaugur frá lífrænum býlum en það hráefni stendur yfirleitt ekki öðrum til boða. Hvernig svo hægt er að hagnýta þessar niðurstöður sem best fyrir ræktunina á eftir að koma í ljós en þessar athuganir standa ennþá yfir.

Á bændabýlum í dag er búfjáraður orðin auðlind sem nýtt er til þrautar og aðgengi að slíku hráefni því ekki jafn einfalt og það var kannski hér á árum áður. Hvaða annan óvottaðan búfjáraður má síðan nota er háð úrskurði vottunarstofu hverju sinni og þá með tilliti til aðbúnaðar og fóðrunar. Þetta hefur líka ýtt undir vinsældir sveppamassans, þar sem hann er staðlað hráefni í næsta nágrenni og nóg til af honum. Allur aðdráttur á aðföngum um langar leiðir hefur óhjákvæmilega í för með sér aukin kostnað við innkaup og flutninga og ekki er gefið að slíkur kostnaður verði færður út í verðlagið með auðveldum hætti og þar með á neytendur.“

Innflutningur erfðabreytts fóðurs bannaður eða matvælin merkt

Hin ályktun aðalfundarins snérist um fóður. Hún felur í sér tvo valkosti; annars vegar að innflytjendur flytji ekki inn erfðabreytt fóður eða að öðrum kosti verði öll matvæli sem framleidd eru með notkun þess merkt sérstaklega. Hvatt er til þess að Bændasamtök Íslands beiti sér fyrir því með hagsmunaaðilum að þessu sé fylgt eftir.

„Bændasamtökin samþykktu á nýafstöðnu Búnaðarþingi ályktun sem er hvatning til bænda um að skoða möguleika sem felast í lífrænni ræktun. Notkun á erfðabreyttu fóðri sem almenn regla á Íslandi er takmarkandi þáttur í landbúnaði, sem kennir sig við sjálfbærar aðferðir, hvort sem um er að ræða vottaða starfsemi eða ekki,“ segir Þórður um ályktunina. „Ekki

er langt síðan að fulltrúi Whole Foods í Bandaríkjunum lýsti því yfir í að innan fárra ára yrðu afurðir þar sem stuðst er við erfðabreytt fóður merktar sérstaklega. Sama er upp á teningnum í Evrópu en þar mæta erfðabreyttar afurðir mikilli andstöðu. Það er því greinilegt hvert þessi þróun er að fara og íslensk landbúnaðaryfirvöld hafa gilda ástæðu til að taka þetta mál upp og taka það alvarlega, þar sem hér eru miklir hagsmunir í húfi fyrir greinina. Lönd eins og Noregur hafa til að mynda hreinsað sinn landbúnað upp af erfðabreyttu fóðri. Erfðabreytingar eru í eðli sínu ósamrýmanlegar reglum um lífræna ræktun og því myndi þessi hreinsun væntanlega auðvelda vottunaraðilum að votta aðföng, svo sem búfjáráburð, ef til slíkrar ákvörðunar kæmi. Nú hafa innflytjendur fóðurs á Íslandi nær allir á boðstólum óerfðabreytt fóður með rekjanleika og verðmunurinn er ekki það mikill að það ætti að vera hindrun.“

Matvörur og erfðabreytt fóður

Í greinargerð með þessari ályktun segir að í ljósi þeirrar stöðu sem íslenskur landbúnaður búi við varðandi aðgang að almennum neytendamarkaði í skjóli verndartolla, hlýtur að vera eðlileg krafa neytenda að þeir aðilar sem eru í þeirri aðstöðu að þjóna þessum markaði framleiði heilnæm og örugg matvæli án nokkurs vafa. Þórður bendir á að allar mjólkurvörur, fyrir utan þær lífrænu, eru til komnar vegna notkunar á erfðabreyttu fóðri og sama má segja um egg, kjúklinga og svínakjöt. „Í því efni eru ekki í boði neindir valkostir og það gerist í landi sem telur sig bjóða upp á hrein og örugg matvæli. Vegna þessara staðreynda telur félagið það bæði sanngjarna og eðlilega kröfu að íslenskur landbúnaður íhugi stöðu sína að þessu leyti.“

Í stjórn félagsins verða áfram Þórður Halldórsson formaður, Guðfinnur Jakobsson og Kristján Oddsson. /smh

Lerkibarrfellir getur valdið miklu tjóni

Lerkibarrfellir er sveppa-sjúkdómur sem getur valdið miklu tjóni í ræktun á lerk. Sjúkdómurinn herjar fyrst og fremst á skógarplöntur í ræktun í gróðrarstöðvum en sýkir sjaldan eldri plöntur í skógi. Fjallað er um lerkibarrfelli á vefsíðu Norðurlandsskóga.

Kemur reglulega upp

Þar kemur fram að lerkibarrfellir uppgötvaðist fyrst hérlendis árið 1999 og hefur síðan þá komið upp reglulega í ræktun og valdið miklum skaða. Einkenni lerkibarrfellis eru þau að nálar á eldri sprotum visna, drepast og detta af plöntunni. Nýi árssprotinn virðist oftast sleppa við smitið svo plöntur sem smitast eru þegar líður á sumarið nálalausear fyrir utan árssprotann sem er með grænum nálum.

Einkenni smitsins koma oftast ekki fram strax að vori þar sem það tekur gró sveppsins nokkrar vikur að smita plönturnar. Plönturnar laugast því eðlilega en þegar er

Hér til hliðar má sjá lerkiplöntu sem sýkt er af lerkibarrfelli. Nálar á eldri greinum eru dauðar og að mestu dottnar af en nálar á árssprotanum eru í lagi.



komið vel fram í júní fer að bera á því að nálar drepast og þegar smitið er komið af stað breiðist það fljótt út. Lerkibarrfellirinn drepur yfirleitt ekki plöntuna beint en sýktar plöntur eru mjög þróttlitlar og hafa lítinn möguleika á að vaxa eðlilega þar sem það vantar á þær megnið af nálnum sem sjá um að ljóstillífa.

Mestur usli á gróðrarstöðvum

Lífsferill lerkibarrfellis er á þá leið að á vorin berast gró frá dauðum nálum frá árinu áður, sem liggja á jörðinni, í nýútsprungnar nálar á lerkiplöntunni. Þar spírar gróið og sveppurinn vex inn í nálina. Hann dreifir sér inni í nálinni og þegar hann hefur komið sér vel fyrir vaxa gróhirsulur út um varaop plöntunar sem dreifa nýjum gróum áfram á ósýktar plöntur. Sveppurinn á auðveldast með að fjölga sér þar sem er mikill raki og plöntur standa þétt saman og því veldur sveppurinn mestum usla í gróðrarstöðvum.

Rannsaka sveppinn og gera tilraun

Til að verjast lerkibarrfellinum hefur tðkast að úða plöntur með sveppalyfi að hausti í gróðrarstöð



Úlfur Óskarsson

til að reyna að koma í veg fyrir að sveppurinn ná sér á strik. Leiðbeiningar um hvaða efni á að nota á sveppinn og hvenær best er úða gegn honum hafa verið að skornum skammti og því hafa Norðurlandsskógar, Sólskógar og Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, verið að rannsaka sveppinn og skoða leiðir til að koma í veg fyrir að lerkiplöntur sem gróðursettar eru séu sýktar af lerkibarrfelli.

Tilraun sett upp í Garðyrkjuskólanum

Á liðnum vetri var sett upp tilraun í tilraunahúsinu í Garðyrkjuskólanum að Reykjum með það að markmiði að gera plöntuframleiðendum kleift að ráða niðurlögum lerkibarrfellis með öruggum aðferðum að vorinu til en einnig verður kannað með hvaða hætti er hægt að draga úr smithættu. Úlfur Óskarsson, lektor við Lbhl, mun hafa umsjón með tilrauninni.

**STEYPUSTYRKJARJÁRN,
LYKKJUR OG JÁRNAMOTTUR**

STJÖRNUBLIKK
Snugg og góð þjónusta

Smíðjuvegí 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201

**BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM**

**NÝJUNG
VATNSRÁS**

**VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR**

STJÖRNUBLIKK
Snugg og góð þjónusta

Smíðjuvegí 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

Bændablaðið Smáauglýsingar **56-30-300**
Næsta blað kemur út 22. maí

Landsins mesta úrval af girðingarefni



Jarðleiðslur



Þræðir og borðar



Rafgirðingaspennar



Þráðspólur



Staurar, net, gaddavír
og þanvír

Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar

Endursöluaðilar: Varahlutaverslun Björns Lyngási, Pakkhúsið Hellu, Jötunn Selfossi, Baldvin og Þorvaldur Selfossi, Bú.is Hvolsvelli, Ásbúðin Flúðum, Knapinn Borgarnesi, KM Þjónustan Búðardal, Vélsmiðjan Þristur Ísafirði.

Lífland, Brúarvogi 1-3
Sími 540 1100
lifland@lifland.is

Lynghálsi, Reykjavík
Sími 540 1125
www.lifland.is

Lónsbakka, Akureyri
Sími 540 1150

Efstubraut, Blönduósi
Sími 540 1155

LÍFLAND



Fliegl SDS 380 Gooseneck gámagrind ný. Verð aðeins 3.950.000 + vsk.



Fliegl Profi-Combi baggkló, verð 285 þ + vsk.



Fliegl Afrúllari, verð 530 þ + vsk.



Fliegl TDK 110-88 pallur, er 450x222cm. Galvaníseruð grind. Sturtur á þrjá vegu, öll ljós eru á henni til skráningar, breið burðardekk 355/60 R18 16 PR. Verð 2.400.000 + vsk.



Fliegl stauraborar, verð 460.000 + vsk. Borar frá 150mm – 500mm, verð á bor frá 96.000 + vsk.



Scania R 470, árg. 2005, ekin 146. þ. km. með Hiab 288 E 6 krana, Sörlingsturtu og pallur, toppbill



Skrifstofu gámar, wc-gámar í miklu úrvali, leitið tilboða.

RAG Import&Export
Helluhraun 4
220-Hafnarfjörður
Símar 565-2727 og 892-7502
Netfang: rafn@rag.is
Hefurðu skoðað heimasíðuna okkar? www.rag.is
Facebook RAG Import-Export



Erlent

Verg þjóðarframleiðsla heimsbyggðarinnar 2011: Þrjú efnahagsveldi með um helming kökunnar

ESB, Bandaríkin og Kína voru samtals með 50,6% af vergri þjóðarframleiðslu heimsins árið 2011 samkvæmt tölum Alþjóðabankans (World Bank). Þar af eru 28 ríki innan Evrópusambandsins með 18,6%, Bandaríkin með 17,1% og Kína 14,9%. Bandaríkin eru aftur á móti með hæsta kaupmáttarstuðulinn.

Á eftir efnahagsrisunum þrem kemur Indland með 6,4%, Japan með 4,8% og Rússland með 3,5% af vergri þjóðarframleiðslu heimsbyggðarinnar.

Bandaríkin með mestan kaupmátt

Ef hins vegar er litið á kaupmáttarstuðulinn (PPS) sem verga

þjóðarframleiðslu einstakra ríkja með tilliti til höfuðstóls þar sem ESB-ríkin 28 eru sett með hlutfallið 100%, eru Bandaríkin aftur á móti langöflugust með nærri 150% hlutfall. Þá kemur Sáði-Arabía er á hæla Bandaríkjanna með um 145% hlutfall. Síðan er Ástralía með nálægt 125%, Kanada er með rúmlega 120%, Taívan með rétt undir 120% og Japan með rúmlega 100%.

ESB í sjöunda sæti

ESB-ríkin 28 eru samanlagt í sjöunda sæti með um 100% PPS-hlutfall. Að meðaltali er heimsbyggðin í heild með 40% hlutfall og Kína er aðeins í fimmtánda sæti með um 30% PPS-hlutfall.

Verðbólga jókst í evrulöndunum frá mars til apríl:

Lækkun orkukostnaðar hélt aftur af meiri verðbólgu

Verðbólga jókst úr 0,5% í 0,7% í evrulöndunum í apríl samkvæmt áætluðum tölum Eurostat, efnahagsstofu Evrópusambandsins, frá 30. apríl.

Samkvæmt þessum tölum Eurostat hafði þjónusta mest áhrif á lækkun verðbólgu, en þar hækkaði verðlag úr 1,1% í mars 1,6% í apríl. Athygli vekur að orkukostnaðurinn

heldur verðbólgunni niðri, en hann lækkaði úr -1,2% í -2,1% og étur lækkun orkukostnaðar upp stærstan hluta lækkunar á þjónustu.

Ef litið er á verðbólgu milli ára, eða frá apríl 2013 til apríl 2014, þá sýnir áætlun Eurostat fyrir 2014 að verðbólgan heldur farið lækkandi í evruríkjunum, eða um 0,5 prósentustig.

STYRKUR

TRAUST

REYNSLA

ÚTSJÓNARSEMI

KUNNÁTTA

TRYGGÐ

ÚRRÆÐI

RAUNSAEI

STRÚKTÚR

Strúktúr ehf er nýtt fyrirtæki í innflutningi stálgrindar- og límtreshúsa, yleininga og klæðninga en að baki býr áratuga reynsla fagmanna í greininni.

Strúktúr ehf er rekið með hámarkshagkvæmni í huga með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

Strúktúr ehf • www.struktur.is • struktur@struktur.is
Hraðstöðum IV, 271 Mosfellsbæ • sími: 860 0264



GANDUR

Græðandi smyrsl úr minkaolíu og handtíndum íslenskum jurtum
Gott á þurra og sprungna húð og ýmsa húðkvilla
Upplagt á múkk og spenasár

SÁRASMYRSL
fyrir bústofn

SÁRABÓT
fyrir bændur

FÆST Í LÍFLANDI, TOP-REITER OG KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA (EYRI).

gandur.is

Hægt að panta smyrsl og fá sent með pósti!

Framleiðandi Urðarköttur ehf



Sextán ríki Evrópusambandsins eru með 60–175% skuldahlutfall:

Skuldir ESB-ríkjanna hafa aukist jafnt og þétt frá árinu 2010

– Hallarekstur ESB-ríkjanna 28 var að meðaltali 3,3% á árinu 2013

Fjárlagahalli var í öllum 28 ríkjum Evrópusambandsins nema tveim á árinu 2013 miðað við 2012 samkvæmt tölum Eurostat. Sama staða var uppi í þeim löndum sem eru í myntbandalagi Evrópu. Þá hafa opinberar skuldir ríkjanna innan ESB og evrusvæðisins aukist á hverju ári frá 2010. Þessar tölur eru athyglisverðar í ljósi þess að þarna er um að ræða efnahagssumhverfi sem ákveðin pólitísk öfl á Íslandi sækjast nú hart eftir að ganga inn í.

Skuldir hafa aukist jafnt og þétt síðan 2010

Frá 2010 hafa opinberar skuldir 18 evruríkja aukist úr 7.854.072

NÝTT SUZUKI FJÓRHJÓL FYRIR VORID!
750 EDA 500 MED AFLSTYRI OG SJÁLFTÆÐRI FJÓDRUN
400 BEINSKIPT EDA SJÁLFSKIPT. ÖFLUGIR VINNUMESTAR
LÍPRIL, AREIBANLEIGIR OG TRAUSTIR TIL ALLRA VERKA.

Kr. 2.290.000,- með/vsk
Kr. 1.824.700,- án/vsk

SUZUKI UMBOÐIÐ EHF
SKEIFAN 17 • 55651725 • SUZUKIS • SUZUKISPORT.IS

milljónum evra í 9.89.370 milljónir. Í 28 ESB-ríkjum hafa skuldirnar á sama tímabili aukist úr 9.861.266 milljónum evra í 11.386.019 milljónir evra. Skuldirnar hafa þrátt fyrir þetta minnkað aðeins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu landanna. Enda hefur verið lögð á hersla á að það eina sem bætt geti stöðuna, fyrir utan beina lækkun skulda, sé aukin framleiðsla sem þó hefur gengið afar hægt að efla.

Fjárlagahalli í öllum ESB ríkjunum nema tveim

Þegar litið er á stöðu einstakra ríkja, þá var opinber rekstrarstaða Lúxemborgar örlítið betri en fjárlög gerðu ráð fyrir 2013, eða um 0,1% af vergri (brúttó) þjóðarframleiðslu (GDP). Fjárlagarekstur Þýska ríkisins var nokkurn veginn í jafnvægi.

Tíu aðildarlönd ESB voru með meiri fjárlagahalla 2013 en 3% af vergri þjóðarframleiðslu. Í Slóveníu var hann -14,7%, í Grikklandi -12,7%, í Bretlandi -5,8%, á Kýpur -5,4%, í Króatíu og Portúgal -4,9% í báðum löndum og í Frakklandi og Póllandi var 4,3% í báðum löndunum.

Í öðrum ESB-löndum var opinberi hallinn sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu lægri

og var hann lægstur í Eistlandi eða -0,2%, Danmörku um -0,8%, Lettlandi um -1,0% og Svíþjóð um -1,1%.

16 ESB-lönd með 60% til 175% skuldahlutfall

Sextán aðildarlönd Evrópusambandsins voru með skuldahlutfall yfir 60% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 2013. Hæst var hlutfallið í Grikklandi, eða 175,1%. Á Ítalíu var það 132,6%, í Portúgal 129,0%, á Írlandi 123,7%, á Kýpur 111,7% og í Belgíu 101,5%. Lægsta skuldahlutfallið var aftur á móti í Eistlandi, eða 10,0%, í Búlgaríu 18,9%, í Lúxemborg 23,1%, í Lettlandi 38,1%, í Rúmeníu 38,4%, í Litháen 39,4% og 40,6% í Svíþjóð.

Gripið hefur verið til niðurskurðar á opinberum útgjöldum í öllum löndum bæði innan ESB og evrusvæðisins. Það hefur þó ekki leitt til meira en 0,1% minni opinberrar eyðslu í evrulöndunum 18 og 0,3% minni eyðslu í ESB-löndunum 28 á milli árunna 2012 og 2013. Á sama tíma jukust opinberar tekjur í evrulöndunum í heild aðeins um 0,6% og um 0,3% í ESB-löndunum 28. Frá 2010 hefur aðeins tekist að draga úr opinberri eyðslu í evruríkjunum. /HKr.

BÖGBALLE

ÁBURÐARDREIFARAR

Áratuga reynsla hjá íslenskum bændum.
Sérstaklega einfaldir í notkun.



Allir dreifarar með skurðastillingu, prufu setti fyrir áburðinn þinn, kögglasigti og vökvaopnun.

JÖTUNN
VÉLAR • VERSLUN • VARAHLUTIR

Austurvegur 69 • 800 Selfoss | Lónsbakki • 601 Akureyri | 700 • Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

Kubota

Rými Lipurð Þægindi



KUBOTA M110GX með samlitum Trima +3.0P
ámoksturstækjum kostar aðeins kr. 10.570.000 án vsk



M110GX er glæný og öflug dráttarvél frá KUBOTA

KUBOTA M110GX er búin 3,8 lítra 4 stokka KUBOTA mótör með vökvaskiptingu (24 gírar afturábak / 24 gírar áfram) og sjálfskiptingu á gírur. Rúmgott ökumannshús með loftpúðafjaðrandi ökumanns-sæti og þægilegu farpegasæti. Öflug miðstöð með loftkælingu. Öflugt vökvakerfi með rafstýrðu beisli 3 - tvöföld vökvaúrtök og alvöru vökvaútskjótanlegum lyftukrök. Rofar á afturbrettum fyrir lyftu. 100% driflæsing að framan og aftan. KUBOTA M110GX kemur með Trima +3.0 P ámoksturstækjum með demparabúnaði, 3. sviði og skóflu sem er 2,20 m á breidd.

ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Akureyri: Lónsbakka | Sími: 568-1500 | www.thor.is

Stóri dagurinn

EINN MIÐI OG DRAUMAR ÞÍNIR GÆTU RÆST

EINN MIÐI, ÞREFALDIR MÖGULEIKAR



ADALÚTDRÁTTUR

70 MILLJÓNIR

3.000 manns fá allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**.



MILLJÓNAVELTAN

10 MILLJÓNIR

10 milljóna króna vinningur á einn miða.



MILLJÓN Á MANN

5 x 1 MILLJÓN

5 heppnir vinningshafar fá eina milljón króna hver.



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Vænlegast til vinnings

TAKK FYRIR STUÐNINGINN

Á 80 árum hefur Happdrætti Háskóla Íslands átt stóran þátt í uppbyggingu háskóla í fremstu röð og fjármagnað yfir 20 byggingar skólans.

Stuðningur viðskiptavina okkar gerði þetta mögulegt.



Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni. Miðaverð er aðeins **1.300 kr.**



Verðlaunahafar í Garðyrkjuskólanum, talið frá vinstri: Samson Bjarnar Harðarson, verkefnisstjóri Yndisgróðurs, Gísli Jóhannsson, eigandi Gróðrarstöðvarinnar Dalsgarðs, hjónin Emma Kristín Guðnadóttir og Ágúst Eiríksson, bóndi og garðyrkjufræðingur, og Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra.

Myndir / HKr.

Hátíð á fyrsta degi sumars í Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Hveragerði sem á 75 ára afmæli á þessu ári:

Gróðrarstöðin Dalsgarður var útnefnd verknámsstaður garðyrkjunnar 2014

–Yndisgróður hlaut hvatningarverðlaunin og Magnús Ágúst Ágústsson garðyrkjuráðunautur heiðursverðlaun

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, afhenti garðyrkjuverðlaunin 2014 í Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Hveragerði á opnu húsi skólans sumardaginn fyrsta en skólinn á 75 ára afmæli á þessu ári. Gróðrarstöðin Dalsgarður var valin verknámsstaður garðyrkjunnar 2014, hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2014 féllu í skaut Yndisgróðri sem er samstarfsverkefni um garð- og landslagsplöntur fyrir íslenskar aðstæður og það var Magnús Ágúst Ágústsson garðyrkjuráðunautur sem fékk heiðursverðlaun garðyrkjunnar 2014.

Verknámsstaður garðyrkjunnar 2014

Gróðrarstöðin Dalsgarður – Gísli Jóhannsson, garðyrkjufræðingur

Gróðrarstöðin Dalsgarður var stofnuð á fardögum árið 1946 út úr prestssetrinu Mosfelli í Mosfellsdal. Stofnendur voru Jóhann Jónsson og Birta Fróðadóttir. Dalsgarður hlaut lögbýlisréttindi árið 1958.

Í upphafi var ræktunin blönduð en fljótlega var farið í að rækta rósir til afskurðar, pottaplöntur og útiræktað grænmeti. Árið 1980 gerðust Fróði og Gísli Jóhannssynir meðeigendur og voru þá ræktaðar rósir og túlipanar til afskurðar ásamt útirækt. Túlipanaræktunin datt þó niður á árunum 1990-2000. Frá árinu 2000 er Gísli Jóhannsson einn eigandi Dalsgarðs. Gróðrarstöðin er með 3000 m² í gróðurhúsum auk 700 m² plastskála. Rósir eru ræktaðar í 2000 m², laukar til afskurðar í 1000 m² og jarðarber í 1700 m².

Gísli Jóhannsson hefur starfað við garðyrkju, aðallega rósarækt, frá barnæsku og útskrifaðist úr Garðyrkjuskólanum árið 1980. Verknám stundaði hann í Óðinsvéum í Danmörku en hann tók auk þess eitt ár í garðyrkjufræðum á Söhus



Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, afhenti Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar 2014. Verðlaunin hlutu hjónin Gústaf S. Jónasson og Sigríður Kristjánsdóttir. Sagði ráðherra að þau hjón hefðu verið með þeim fyrstu sem tóku þátt í umhverfisátakinu „Vistvernd í verki“ sem hafið var í Hveragerði fyrir tveim áratugum.



Vatnsútlutningsfyrirtækið Icelandic Water Holdings ehf. að Hlíðarenda í Ölfusi hlaut Umhverfisverðlaun Ölfuss 2014. Hér tekur Una Björk Jóhannsdóttir, gæðastjóri fyrirtækisins, við verðlaunagripnum úr hendi Sigurðar Inga Jóhannssonar, en gripurinn var unnin af Dagnýju Magnúsdóttur handverkskonu.

gartnerskole í Óðinsvéum árið 1982. Árið 1983 vann hann við lífræna ræktun í Hollandi. Gísli hefur verið virkur í félagsmálum

garðyrkjubænda, setið í stjórn Félags blómaframleiðenda og í stjórn Sambands garðyrkjubænda auk þess sem hann situr í



Ágúst Sigurðsson rektor Lbhí, kom m.a. inn á viðkvæma stöðu Landbúnaðarháskólans í ræðu sinni í Garðyrkjuskólanum og taldi sameiningu við HÍ vera mikilvæga fyrir framtíð skólans.

fagnefnd Garðyrkjuskólans fyrir ylræktarbrautina og hefur þannig tekið virkan þátt í mótun námsins.

Í gegnum tíðina hefur dagóður hópur garðyrkjunema stundað verknám í Dalsgarði. Nemendur hafa fengið fjölbreytt og gott verknám og fagleg sjónarmið höfð að leiðarljósi í kennslunni. Það er því skólanum sönn ánægja að veita Gísli Jóhannssyni og Dalsgarði

viðurkenningu sem verknámsstaður garðyrkjunnar árið 2014.

Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2014

Yndisgróður – samstarfsverkefni um garð- og landslagsplöntur fyrir íslenskar aðstæður, verkefnisstjóri Samson Bjarnar Harðarson hjá Landbúnaðarháskóla Íslands

Verkefnið Yndisgróður hófst þann 1. júlí 2007 með styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneytinu og Norðurslóðaáætlun (NPP). Yndisgróður er samstarfsverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands, Grasagarðs Reykjavíkur, Rannsóknarstöðvar Skógræktar á Mógilsá og Félags garðplöntuframleiðenda sem ásamt Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar hafa lagt til nær allar plöntur endurgjaldslaust. Markmið verkefnisins hefur frá upphafi verið „að finna bestu hentugu garð- og landslagsplöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður og miðla upplýsingum um þær“.

Verkefnið hefur safnað ítarlegum upplýsingum um garð- og landslagsplöntur í sérhannaðan gagnagrunn þar sem 726 yrki af um 180 tegundum trjáa og runna hafa verið skráð, auk upplýsinga um harðgerði, ræktunar- og notkunarmöguleika, uppruna þeirra og staðsetningu í plöntusöfnum. Á heimasíðu Yndisgróðurs má meðal annars finna upplýsingasíðu um einstakar tegundir og yrki sem mælt með til notkunar hérlandis.

Eitt aðalverkefni Yndisgróðurs hefur verið uppbygging klónasafna og sýnireita á nokkrum stöðum á landinu, svokallaðra yndisgarða. Þeir eru sex talsins og eru staðsettir á Blönduósi, í Sandgerði, Laugardalnum í Reykjavík, Fossvogi í Kópavogi, á Hvanneyri og hér á Reykjum í Ölfusi sem jafnframt er aðalsafn verkefnisins.

Yndisgróður hefur átt mjög gott samstarf við þau sveitarfélög sem hafa lagt til land, vinnu og kostnað við gerða garðanna og umhirðu.

Yndisgarðarnir hafa þrífætt hlutverk. Í fyrsta lagi að varðveita úrval erfðarauðlindar íslenskra garð- og landslagsplantna, í öðru lagi til að rannsaka harðgerði og eiginleika þessara plantna og í þriðja lagi til að vera sýniréttir fyrir fagfólk og almenning. Á komandi árum mun Yndisgróður leggja áherslu á vali á úrvalsyrkjum og markaðssetningu þeirra.

Verkefnið Yndisgróður er fyrsta verkefni sinnar tegundar á Íslandi þar sem farið er heildstætt í velja það besta úr íslenskum plöntuefniviði og opnar jafnframt möguleika á að kynbæta enn frekar úr þessum úrvalsefniviði og fá plöntur sem eru sérsníðnar fyrir íslenskar aðstæður. Skólinn telur því vel við hæfi að veita Yndisgróðursverkefninu hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2014 og vonar að það eigi langa lífdaga fram undan.

Heiðursverðlaun garðyrkjunnar 2014

Magnús Ágúst Ágústsson, garðyrkjuráðunautur er fæddur á Löngumýri á Skeiðum þann 23. apríl 1950 á fyrsta sunnudegi í sumri, sonur hjónanna Emmu Kristínar Guðnadóttur og Ágústar Eiríkssonar bónda og garðyrkjufræðings. Magnús er kvæntur Rannveigu Árnadóttur og eins og hann segir sjálfur frá þá er það góður maki sem gerir manni kleift að helga sig áhugamálinu að fullu. Uppeldið og nám við Menntaskólann á Laugarvatni leiddi til þess að líffræðinám við HÍ varð fyrir valinu en lokaritgerð Magnúsar fjallaði um fódurfræði sauðfjár. Tilviljun ein leiddi til þess að Magnúsi var boðið að halda utan til náms við háskólann í Reading til að nema tækni og ræktun með lýsingu í gróðurhúsum í apríl 1975. Tilviljunin var þannig að styrkur hafði fengið frá UNDP/FAO til að kosta 2 Íslendinga til náms í Englandi. Óli Valur Hansson garðyrkjuráðunautur og Björn Sigurbjörnsson forstjóri RALA sátu á skrifstofu þess síðarnefnda og veltu fyrir sér hvern ætti að senda auk Hilmars Magnússonar. Þá gekk Magnús framhjá skrifstofu Björns og hann segir: Þarna er maðurinn... Eftir það varð ekki aftur snúið enda nóg af ágætum fódurfræðingum til að sinna sauðfénu. Að námsdövl lokinni hóf Magnús störf sem tilraunastjóri við Garðyrkjuskóla ríkisins en fyrstu árin var unnið að tilraunum sem styrktar voru af UNDP/FAO undir yfirumsjón breskra sérfræðinga. Magnús sinnti starfi sem tilraunastjóri við Garðyrkjuskólann fram til ársloka 1985 en það ár gerðist hann garðyrkjubóndi í Lindarbrekku í Hveragerði og rak garðyrkjustöðina fram til ársins 1993. Árið 1990 var Magnús ráðinn sem landsráðunautur í ylrækt hjá Búnaðarfélagi Íslands, síðar Bændasamtökum Íslands og frá árinu 2003 vann hann sem landsráðunautur í garðyrkju. Hann fluttist yfir til Rannsóknamiðstöðvar landbúnaðarins við stofnun hennar í ársbyrjun 2013. Magnús sinnti stundakennslu í Garðyrkjuskólanum meðfram öðrum störfum sínum á árunum frá 1986 til 2001 en árin 2001-2003 var hann fagdeildarstjóri ylræktarbrautar.

Magnús hefur skrifað fjöldann allan af greinum um garðyrkju, bæði vísindagreinar um niðurstöður tilrauna, faggreinar fyrir garðyrkjuframleiðendur og fræðandi greinar fyrir almenning og hefur verið óþreytandi við að miðla upplýsingum um fag sitt til annarra. Garðyrkjubændur hafa notið krafta hans um árabíl og fullyrða margir þeirra að Magnús sé lykilmaður í þeim árangri sem náðst hefur í framleiðslu í íslenskum gróðurhúsum. Það er því skólanum sannur heiður að sæma Magnús heiðursverðlaunum garðyrkjunnar árið 2014. /HKr.



Hér eru keppendurnir í blómaskreytingarkeppni Garðyrkjuskóla Íslands, talið frá vinstri; Bergþóra Björg Karlsdóttir nemi, Jón Þröstur Ólafsson, Magdalena Kowalunek, Sunneva Guðmundsdóttir, Sveinbjörg Lúðvíksdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir. Myndir / HKr.

Boðið upp á alíslenskt kaffi og Íslandsmeistaramót í blómaskreytingum í Garðyrkjuskólanum: Valgerður Guðjónsdóttir er Íslandsmeistari í blómaskreytingum 2014

Viðamikil dagskrá var í Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Hveragerði sumardaginn fyrsta og stóð dagskráin frá tíu um morguninn fram til klukkan hálf sex um kvöldið. Í aðalbyggingu skólans fór fram Íslandsmeistarakeppni í blómaskreytingum þar sem Valgerður Guðjónsdóttir stóð uppi sem sigurvegari.

Þátttakendur í Íslandsmeistarakeppni í blómaskreytingum voru Bergþóra Björg Karlsdóttir nemi, Jón Þröstur Ólafsson, Magdalena Kowalunek, Sunneva Guðmundsdóttir, Sveinbjörg Lúðvíksdóttir og Valgerður Guðjónsdóttir. Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands veitti öllum þátttakendum viðurkenningarskjal og tók fram að venjulega hafi keppnin er tvískipt þar sem annars vegar hafi farið fram keppni nemenda og hins vegar meistara í faginu. Nú var hópurinn aftur á móti blandaður. Vakti árangur eina nemans í keppninni, Bergþóru Bjargar Karlsdóttur, því sérstaka athygli en hún lenti í öðru sæti. Í þriðja sæti var Jón Þröstur Ólafsson en sigurvegari var sem fyrr segir Valgerður Guðjónsdóttir.

Markaðstorg með garðyrkju-afurðir var einnig haldið í skólanum þar sem ýmis fyrirtæki kynntu afurðir sínar og jafnframt fór þar fram kynning á



Valgerður Guðjónsdóttir er Íslandsmeistari í blómaskreytingum 2014 og hér er hún bæði með farand- og eignarbíkar ásamt gullmedalíu fyrir afrekið.



Þeir máttu teljast heppnir ráðherrarnir Illugi Gunnarsson og Sigurður Ingi Jóhannsson sem og Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, að hafa fengið alíslenskt kaffi í sérmerktum bollum, því færri fengu en vildu.

námi við skólann og alls konar námskeiðum sem eru í boði.

/HKr.

Alíslenskt kaffi

Þá voru einnig kaffiveitingar á boðstólum og þar var m.a. boðið upp á alíslenskt kaffi sem ræktað var í bananahúsi skólans. Vakti þetta mikla athygli enda hefur kaffi ekki verið ræktað á Íslandi áður. Var kaffið sem boðið var upp á úr annarri uppskeru af kaffi úr bananahúsinu. Var gestum boðið að kaupa sér bolla af kaffi en hver bolli var sérmerktur og fylgdi með í kaupunum. Skemmst er frá að segja að kaffibollarnir seldust upp á augabragði og fengu mun færri en vildu.

Margfalt afmæli

Auk þess sem haldið var upp á það á sumardaginn fyrsta að Garðyrkjuskólinn á 75 ára afmæli á þessu ári má geta þess að Landbúnaðarháskóli Íslands, sem Garðyrkjuskólinn er hluti af, er tíu ára og 125 ár eru síðan Bændaskólinn á Hvanneyri var stofnaður.

Kjarni málsins Ekkert viðhald

REHAU

Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is

Kjarnagluggar

Selhelli 13, Hafnarfirði • sími 554 2800 kjarnagluggar.is



SuperCut

FJÖLNOTAVÉL

Tækið sem alla iðnaðarmenn dreymir um:

Trésmiðinn, píparann, rafvirkjann, bílasmiðinn, flísalagningamanninn, dúkarann, málarann

FM 14-180
Steinskurðarvél



RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • rafver@rafver.is • www.rafver.is

Sýni ábyrgð í akstri dráttarvéla

Lesandi Bændablaðsins á Hólmavík hringdi á dögnum og vildi koma á framfæri varnaðarorðum til bænda. Sagðist hann vera mikið á ferðinni um þjóðveginn milli Hólmavíkur og Reykjavíkur og á þeirri leið væri áberandi hugsunarleysi í gangi varðandi akstur dráttarvéla.

Sagðist hann oft mæta dráttarvélum sem væru með gálga að framan og áföstum göfflum sem oftast en ekki væru hafðir í

augnhæð ökumanna á fólksbílum sem á móti koma.

Það þarf engan sérfræðing til að átta sig á að með slíku aksturslagi er verið að skapa stórhættu í umferðinni. Varla þarf að spyrja að leikslokum ef fólksbíll lendir framan á gaffli dráttarvélar sem þannig ekur. Bændablaðið tekur undir þessa ábendingu lesandans og hvetur bændur til að sýna skynsemi og ábyrgð í akstri dráttarvéla á þjóðvegum landsins og koma þannig í veg fyrir slys.



... þegar þú vilt þægindi

Vinnufatnaður

Fyrir fagfólk

Mikið úrval af flottum gæða vinnufatnaði sem þolir þvott allt að 95° og þarf ekki að strauja.



Pantið vörulista hjá okkur praxis@praxis.is



Vatteraðir jakkar 14.900 kr.
Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjölbíláu.
Einnig til á herrana.



25090 Dömusandalar Litur Svart, hvítt, blátt.
Str. 36-42
Verð kr. 14.990



25240 Sportskór Litur Svart, hvítt.
Str. 36-42
Verð kr. 9.900

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

Jörðin Mosfell I í Grímsnesi auglýst til leigu



Fasteignanefnd þjóðkirkjunnar, f.h. kirkjumálasjóðs, auglýsir lausa til leigu jörðina Mosfell I í Grímsnesi, landnr. 168267, sveitarfélaginu Grímsnes- og Grafningshreppi. Jörðin gæti m.a. hentað hestamönnum. Æskilegt er að leigugjald sé að hluta til innt af hendi með vinnuframlagi leigutaka við nauðsynlegar endurbætur og lagfæringar við hið leiðða.

Miðað er við að leigusamningur verði ótímabundinn og með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Sjá nánari upplýsingar á kirkjan.is



Fundað í Brussel um lífrænan landbúnað:

ESB semur nýja reglugerð án samráðs við lífrænu hreyfinguna

Dagana 28. og 29. apríl sl. var fundað í Brussel um drög að nýjum reglum um lífrænan landbúnað sem Evrópusambandið samdi og lagði fram í byrjun mánaðarins án samráðs við IFOAM, hin alþjóðlegu samtök lífrænna landbúnaðarhreyfinga. Fyrsta daginn fundaði Evrópusambandshópar lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM EU Group) um ýmis málefni með áherslu á nýju ESB drögin en þann síðari sat hópurinn 180 manna ráðstefnu þar sem m.a. voru embættismenn úr lífrænu deildinni hjá ESB (Organic Farming Unit).

Fjölþætt starfsemi ESB – hópsins

Evrópusambandshópurinn hefur skrifstofu í Brussel í Belgíu og hefur hún starfað í áratug. Höfuðstöðvar IFOAM samtakanna eru aftur á móti í Bonn í Þýskalandi. Öll ESB - aðildarlöndin eru í Evrópusambandshópnum en auk þeirra eiga Ísland og Noregur fulla aðild vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Öllum er þeim sameiginlegt að reglur vottunaraðila eru innan ramma löggjafar ESB og eru þær nýjustu frá 2007 og 2008. Það er því mikill kostur að skrifstofan skuli vera í nálægð höfuðstöðva ESB og deild þess sem fer með málefni lífræns landbúnaðar.

Ný reglugerðardrög gagnrýnd

Síðan um áramót hafa verið að „leka út“ kaflar úr þeim reglugerðardrögum sem ESB hefur látið semja án samráðs við IFOAM hreyfinguna. Fram til þessa hefur hreyfingin verið leiðandi í þróun slíkra reglna og hafa þar með þróað grunnreglur (Basic Standards) fyrir lífrænan landbúnað um 40 ára skeið.

Stjórn ESB - hóps IFOAM, undir forystu Christopher Stopes formanns frá Bretlandi og Marco Schlueter framkvæmdastjóra skrifstofunnar í Brussel, hefur nú þegar sent frá sér fréttatilkynningar þar sem bent er á ýmsa alvarlega ágalla hinnar nýju reglugerðar.

Furða vekur að hún skuli vera samin án samráðs við þann hóp fólks sem hefur starfað innan lífrænu hreyfingarinnar um áratuga skeið og þekkir best umgjörð og innihald regluversins. Sem fulltrúi Íslands í þessu ágæta samstarfi síðan 2003 reyndi ég að kynna mér nánar bakgrunninn með því að ræða við einstaka fulltrúa í hópnum. Þá kom í ljós að slík vinnubrögð eru

því miður orðin algeng hjá ESB. Embættismenn eru látnir semja texta, jafnvel án samráðs við þá sem sérfróðastir eru um málaflokkinn. Nýja reglugerðin ber vissulega marki um slík vinnubrögð og veldur því miklum vonbrigðum. Sá lögfræðingur sem mest hefur fjallað um lífrænu löggjöfina um áratuga skeið, Hanspeter Schmidt frá Freiburg í Þýskalandi, telur nýju drögin meingölluð og leggur til að þeim verði hafnað.

Vaxandi eftirspurn

Á fundi okkar fyrri daginn fékkst ágætt yfirlit og um suma ágallana var rætt ítarlega í hópnum sem taldi um 40 manns. Niðurstaðan var sú að drögum að nýrri reglugerð ESB um lífræna landbúnaðarframleiðslu skuli hafna en jafnframt verði lagðar fram margvíslegar ábendingar og tillögur um úrbætur á gildandi reglugerðum í þeim tilgangi að efla lífræna framleiðslu. Á því er reyndar mikil þörf því að fram kom í umræðum um stöðuna í hinum ýmsu löndum, þar með á Íslandi, að eftirspurn neytenda eftir slíkum vörum fer vaxandi en því miður hefur framleiðsluaukning verið of lítil á seinni árum. Þannig svarar framleiðsla ekki eftirspurn í Evrópu og var það samdóma álit að hin nýja reglugerð ESB, ef staðfest yrði, myndi leiða til fækkunar bænda í lífrænum búskap og samdráttar í framleiðslu. Slíkt væri fráleitt og óviðunandi, bæði vegna markaðarins og þeirra kosta sem lífrænn búskapur hefur upp á að bjóða, m.a. vegna umhverfisverndar, byggðaþróunar og sjálfbærrar þróunar almennt. Voru þar m.a. tilgreindar aðgerðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og notkun olíu við framleiðslu tilbúins áburðar og eiturefna (varnarefna).

Blikur á lofti þrátt fyrir vaxandi markað

Á ráðstefnunni seinni daginn voru flutt mörg upplýsandi erindi sem fylgt var eftir með þrýðilegum umræðum þar sem mikil og málefnaleg gagnrýni kom fram á nýju reglugerðardrögin frá ESB. Fjöldi spurninga var beint til embættismanna ESB frá fulltrúum bænda, dreifingaraðila, vottunarstofa o.fl. í lífræna geiranum. Svörum var misjafnlega vel tekið en þau skýrðu þó býsna vel meginmarkmið ESB við samningu nýrrar reglugerðar og þau vinnubrögð sem viðhöfð voru.

Augljóslega er markvisst verið

að sniðganga sjónarmið lífræna hreyfingarinnar, einkum bændanna innan hennar. Svikamál sem komið hafa upp á seinni árum, m.a. á Ítalíu og í Þýskalandi, hafa greinilega haft mikil áhrif á embættismenn ESB sem telja sig vera að gæta hagsmuna neytenda. Lítið bendir þó til þess að nýja reglugerðin geri það því að gert er ráð fyrir að í stað árlegra eftirlitsheimsóka frá vottunarstofu komi aðeins eftirlit byggt á áhættugreiningu og heimsóknum öðru hvoru. Raunar bendir sívaxandi eftirspurn neytenda ekki til þess að þeir vantreysti lífrænt vottuðum vörum því að á undanförunum áratug hefur sala þeirra í Evrópusambandslöndunum fjórfaldast. Aftur á móti er það alvarlegt mál að stærð lífræns ræktunar- og heitalands hefur aðeins tvöfaldast á þessu tímabili þannig að innflutningur lífrænna afurða eykst stöðugt.

Minni sveigjanleiki torveldar aðlögun

Talsmenn lífrænna bænda héldu því fram með sannfærandi hætti að ef einhverjir nyttu góðs af nýju reglugerðinni væru það stórbændur og fyrirtæki og mikil hætta væri á því að lífræn framleiðsla myndi minnka.

Dæmi var tekið frá Ungverjalandi þar sem skoðanakönnun snemma í apríl, skömmu eftir að nýju reglugerðardrögin voru birt opinberlega, leiddi í ljós að 40% lífrænna bænda þar myndu fara aftur í hefðbundinn búskap eða hætta alveg. Sem sagt, veruleg hætta á samdrætti í framleiðslu. Þá var talið að vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur, og samdrætti ESB í framleiðslu til landbúnaðar, mætti gera ráð fyrir að nýju reglurnar fæli bændur frá aðlögun að lífrænum búskaparháttum. Hvað Ísland varðar eru þetta slæm tíðindi því að verið er að herða á allri samræmingu og draga úr svæðabreytileika innan ESB í anda Lissabon-samningsins. Þar með þyngist röðurinn við öflun nokkurra undanþága sem ég og fleiri hafa verið að vinna að í þágu aðlögunar að lífrænum landbúnaði hér á landi, á annan áratug.

Ólafur R. Dýrmundsson Ph.D. er ráðunautur Bændasamtaka Íslands í lífrænum búskap og hefur verið fulltrúi lífrænu hreyfingarinnar á Íslandi í Evrópusambandshópi IFOAM í 11 ár. (ord@bondi.is, s. 563 0300 og 563 0317).

Lamba- mjólkurduft

Aðeins 9.900kr m.vsk
25kg poki



**Sendum
um
land allt**

-Selenbætt
-Vítamínbætt
**-Einstaklega
bragðgott**
-Drjúgt í notkun
**-Tilboð vegna
stimpils**

Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
11-16 laugardaga, sími: 430-5500
www.kb.is





Umsóknarfrestur um nám við LbhÍ er til 5. júní

Umsóknarfrestur um nám í allar deildir og brautir Landbúnaðarháskóla Íslands er til og með 5. júní. Sótt er um á nám á rafrænu formi á heimasíðu skólans www.lbhi.is

Hlustaðu á viðtöl við nemendur á YouTube!

Á síðu LbhÍ á YouTube er talsvert af viðtölum við núverandi og fyrrverandi nemendur LbhÍ. “Þetta er góð leið til að segja tilvonandi nemendum frá náminu við LbhÍ,” sagði Áskell Þórisson, sem stýrir útgáfu- og kynningarmálum við skólann. Á heimasíðu skólans eru flýti-hnappar yfir á YouTube.

Jákvæð niðurstaða alþjóðlegrar úttektarnefndar

Alþjóðleg úttektarnefnd gæðaráðs íslenskra háskóla heimsótti skólann þann 10.-12. mars á liðnu ári. Þann 12. september sama ár afhenti gæðaráðið svo matsskýrslu (Institution Wide Review Report) í kjölfar sjálfsmats stofnunarinnar (Reflective Analysis).

Niðurstaða matsskýrslunnar var jákvæð og skólanum sýnt fullt traust í þeim meginþáttum sem metnir voru í skýrslunni.



Háskólanámið og búfræðin á Hvanneyri en garðyrkjubrautir á Reykjum

Aðsetur háskólanámsins og náms í búfræði er á Hvanneyri í Borgarfirði. Borgarnes er í 14 km fjarlægð og frá Hvanneyri til Reykjavíkur eru um 80 km. Í nágrenni Hvanneyrar eru fallegar göngu- og reiðleiðir og mikil náttúru-fergurð.

Aðsetur starfsmenntanáms í garðyrkjutengdum greinum er á Reykjum í útjaðri Hveragerðis.

Meðfylgjandi mynd er hluti af líkani sem nemendur á umhverfisskipulagsbraut LbhÍ gerðu.



Getum við flýtt vorinu?

Á Íslandi er það hitinn sem heldur aftur af vorkomunni. Birtan er næg þegar komið er fram í mars en loft- og jarðvegshiti er oft ekki nægur fyrr en kemur fram í maí. Hjá Landbúnaðarháskóla Íslands er í gangi tilraun með upphitun jarðvegs til að flýta gróandanum á vorin. Tilgangurinn er sá að kanna hvort hægt sé að taka íþróttavelli í notkun fyrr á

vorin með því að hita þá upp seinni part vetrar og á vorin. Niðurstöður síðustu ára sýna að það fer mjög eftir árferði hversu miklu munar um upphitunina. Ef vorið er kalt getur grænkað mun fyrr þar sem hitað er en ef snemma hlýnar munar minna um upphitunina.

Myndina tók Þór Björnsson íþróttastjóri Fram.



Lbhi blaðið

8. maí 2014 - Útgefandi: Landbúnaðarháskóli Íslands - www.lbhi.is



Bjarni Diðrik Sigurðsson prófessor í skóginum sem nú lætur undan síga vegna jarðhita. Með honum eru sænskar stúlkur sem eru nemendur við landbúnaðarháskólann í Uppsöllum í Svíþjóð (SLU), Agnes Bondesson (t.v.) og Hanna André.

Jarðskjálftinn skapaði sóknarfæri

Að Reykjum í Ölfusi er orðið til kjörsvæði til rannsókna á því hvað gerist þegar jarðvegur hlýnar óvænt og mikið

Jarðskjálftar og aðrar náttúruhamfarir eru yfirleitt fáum til góðs. Þó geta þeir leitt til þess að ný tækifæri lita dagsins ljós. Það gerðist í Hveragerði þegar skjálftinn stóri reið þar yfir 29. maí árið 2008 og það ætla íslenskir og erlendir vísindamenn að notfæra sér til að spá í hlýnun jarðar.

Við jarðskjálftann sem var ansi snarpur urðu töluverðar breytingar á jarðhitakerfinu undir bænum og í nágrenni hans. Jarðhitasvæði fluttust til og ný urðu til. Í nágrenni við húsakynni Garðyrkjuskólans að Reykjum hafði jarðhitasvæði verið kyrrt á sama stað síðan á 17. öld en í skjálftanum flutti það sig um set í hálfan kílómetra til

austurs. Við það fór það undir skóg sem byrjað var að rækta árið 1966.

Að sögn Bjarna Diðriks Sigurðssonar prófessors í skógarvistfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands hefur jarðvegurinn undir skóginum hitnað mismikið og er víða svipaður og gengur og gerist í Norður-Afríku. Þar sem hiti í jarðvegi ræður töluvert meiru um vöxt trjáa og fleiri plantna en lofthiti kviknaði sú spurning hvaða áhrif þessi tilfærsla jarðhitans hefði á vöxt og viðgang bæði trjáa og lágróðurs.

“Þarna sköpuðust óvænt alveg nýjar aðstæður sem eru kjörnar til þess að rannsaka áhrif hlýnunar á gróður,” sagði Bjarni Diðrik. “Við vitum upp

á dag hvenær fór að hlýna og höfum til samanburðar önnur jarðhitasvæði sem ekki breyttust. Við getum því aflað upplýsinga sem engir aðrir hafa tök á. Hingað til hafa menn þurft að eyða stórfé í niðurdælingu á heitu vatni en þetta er eins og gjöf af himnum ofan – eða neðan, eftir því hvernig það er metið,” bætti hann við.

Þetta hefur þegar skilað ákveðnum upplýsingum því að sögn Bjarna Diðriks virðist gróður spjara sig ágætlega við takmarkaða jarðvegshlýnun. “Í fyrstu eykst framleiðsla og vöxtur, enda virðast flest gróðurkerfi hafa mikið þol fyrir breytingum. En eftir því sem jarðvegurinn verður heitari fækkar

góðu fréttunum. Þá vex hætt á því að plöntur vakni of snemma og verði fyrir áföllum í frosti. Með tímanum gætu þó valist úr stofnar sem ekki láta plata sig en þola breytingarnar.”

Þetta hefur vakið mikinn áhuga hjá erlendum vísindamönnum og fyrir tveimur árum var ákveðið að setja upp rannsóknarverkefni. Það hefur vafið upp á sig og nú taka þátt í því 14 nemendur, þar af níu erlendir doktorsnemar sem koma reglulega til landsins til að vinna að verkefninu. “Við erum að afla verkefninu stuðnings og vorum að senda inn umsókn um Evrópuþstyrk skömmu fyrir páska,” segir Bjarni Diðrik Sigurðsson. *PH*

Framleiðsla á hindberjum í atvinnuskyni lofar góðu

Áhugi fólks á berjaræktun hefur vaxið mikið hér á landi. Árið 2009 var ýtt úr vör verkefni sem heitir Atlantberry en markmið þess var að skapa grunn fyrir framleiðslu og sölu á berjum í plastgróðurhúsum á Íslandi, Færeyjum, Norður-Noregi og Grænlandi. Til lengri tíma lítið er markmiðið að tryggja framboð af ferskum berjum sem framleidd eru innanlands í þátttökulöndunum.

Í tengslum við verkefnið var gefinn út bæklingur og hafa þeir Jón Kr. Arnarson verkefnastjóri við LbhÍ og Úlfur Óskarsson lektor séð um íslensku útgáfuna sem ber heitið *Ræktunarleiðbeiningar fyrir hindber – Ræktun utandyra í plastskýlum og gróðurhúsum*. Í formála íslensku útgáfunnar kemur fram að það hafi verið að frumkvæði Norðmanna að sumarið 2009 var farið af stað með samstarfsverkefni um berjarækt á Vestnorræna svæðinu. Þegar verkefnið var sett af stað var lítið um berjarækt á Íslandi fyrir ferskvörumarkað. Einn framleiðandi hafði náð



ágætum tókum á jarðarberjarækt í upphituum gróðurhúsum en önnur berjarækt í atvinnuskyni þekktist varla svo heitið gæti. Hugmyndin

með Atlantberry verkefninu var að athuga hvort nýta mætti reynsluna frá Sogni í Noregi til að þróa áfram berjarækt fyrir ferskmarkað á norðlægum slóðum, í Norður-Noregi, Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Megináherslan var lögð á ræktun hindberja og jarðarberja í köldum plastskýlum.

Jón Kr. segir að þær leiðbeiningar sem fram koma í bæklingnum séu ætlaðar til framleiðslu berja á ferskvörumarkað en þær eru byggðar á framleiðsluaðferðum sem notaðar eru í Noregi. Þar hefur hindberjaframleiðsla fyrir ferskvörumarkað þróast hratt undanfarin ár. Vönduð ræktunarkerfi eru nýtt til berjaframleiðslunnar og stærstur hluti hennar fer fram í plastgróðurhúsum eða plastskýlum. Hann segir að helstu áskoranir þegar ræktunarkerfi og framleiðsluaðferðir eru fluttar yfir til Íslands séu mikið vindálag, stutt vaxtartímabil og lágur sumarihit.

Reynslan úr Atlantberry verkefninu gefur til kynna að hægt sé að nota sérstykkt plastskýli eða gróðurhús á skjólgóðum stöðum á Íslandi.

„Framleiðsla á hindberjum í atvinnuskyni lofar góðu hér á landi og er hún nú þegar hafin, en Garðyrkjustöðin Kvistar hefur hafið töluverða ræktun á hindberjum eftir þátttöku sína í verkefninu. Aðrir garðyrkjubændur hafa sýnt áhuga og er þess vænst að hindberjaræktun geti orðið vaxandi atvinnugrein innan íslenskrar garðyrkju,“ segir Jón. Auk hindberja var lögð áhersla á jarðarberjarækt í Atlantberry verkefninu. Mikil aukning hefur orðið í framleiðslu jarðarberja í kjölfarið og eru nokkrir framleiðendur að rækta jarðarber fyrir ferskmarkað, bæði í gróðurhúsum og plasthúsum.



Stöðugt er verið að kynbæta nytjaplöntur

Einn liður í tilraunastarfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands eru prófanir á ýmsum plöntutegundum til notkunar í landbúnaði, landgræðslu og garðrækt. Einnig hafa verið í gangi prófanir á grösum fyrir grasflatir og íþróttavelli.

Á Íslandi eru veturnir langir og miklu skiptir að fjölærar plöntur þoli það álag sem þeim fylgir. Svell, kuldi og frostlyfting drepa auðveldlega plöntur sem ekki eru aðlagðar þessum aðstæðum. Vetrarþol er því mikilvægur eiginleiki þegar fjölærar plöntur eru valdar til ræktunar hér á landi.

Annar mikilvægur eiginleiki fóður- og matjurta er framleiðslugeta við þá sumarveðráttu sem hér ríkir. Hér eru sumur köld en ekki mjög stutt. Einnig

er víða mikið vindálag sem gerir kröfur til strástyrks hjá hávöxnum tegundum. Þol gegn sjúkdómum er einnig mikilvægur eiginleiki sem þarf að meta þegar tegundir eru valdar til ræktunar hér.

Það er stöðugt verið að kynbæta nytjaplöntur með tilliti til ofangreindra eiginleika og ný yrki bætast reglulega á markaðinn og önnur detta út. Við þurfum því stöðugt að prófa þann nýja efnivið sem kemur fram. Það er gert á tilraunastöðvum Landbúnaðarháskólans eða hjá bændum.

Á grundvelli þessara tilrauna er svo árlega gefið út rit (Nytjaplöntur á Íslandi) þar sem birtur er listi yfir yrki sem mælt er með til hinna ýmsu nota. Listinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Sveppa-sjúkdómar á Íslandi

Starfsmenn og nemendur LbhÍ fengu nýverið birta grein í *European Journal of Plant Pathology*. Í greininni kemur fram að stór hópur sveppa sýkir tegundir af ættkvíslinni *Populus* en einna stórtækastur er sveppurinn *Melampsora larici-populina* sem veldur asparryði.

Sveppur þessi fannst fyrst hérlandis í Hveragerði og á Selfossi sumarið 1999 en hefur síðan dreifst jafnt og þétt um landið. Má nú finna asparryð frá Keflavík á suðvesturhorninu og um allt Suðurland, á Gunnfríðarstöðum í Húnavatnssýslu, Hallormsstöðum í austri og við Lón á Suðausturlandi. Nýleg rannsókn á stofngerð *M. larici-populina* hérlandis bendir til skiptingar í tvo megin hópa þar sem annar hópurinn dreifist svo til um allt land en hinn finnst eingöngu í Lóni.

Samanburður á sýnum frá Íslandi og meginlandi Evrópu sýnir að sýnin frá Lóni flokkast með evrópskum sýnum en ekki þeim íslensku. Nærtækasta skýringin á þessu er sú að sveppurinn hafi numið land í tvígang, fyrst árið 1999 og aftur fáum árum síðar. Sé þetta endurtekna landnám fyrirboði um það sem koma skal þá má búast við því að hingað berist með reglulegu millibili sveppir sem sýkt geti íslenskar nytjaplöntur, að minnsta kosti þegar ákveðinni þéttni er náð í ræktun, sem gerir kynbætur fyrir auknu sjúkdómsþoli að mjög mikilvægu framtíðarverkefni.

Umsóknarfrestur um skólavist er til 5. júní



Sjálfbær orkunýting í íslenskum landbúnaði

Orkusetun landbúnaðarins, sem er starfrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands, tók til starfa í byrjun janúar 2013. Orkusettrið er opinn samstarfsvettvangur aðila sem vilja vinna að orkumálum landbúnaðarins í samstarfi við skólann.

Meginhlutverk Orkuseturs landbúnaðarins er að vinna að aukinni sjálfbærni í orkumálum landbúnaðarins. Orkusettrinu er ætlað að styðja og reka verkefni sem stefna að sjálfbærri orkunýtingu í íslenskum landbúnaði og/eða framleiðslu orku og lífræns áburðar úr aukahræfni sem verður til við landbúnaðarframleiðslu. Einnig að sjá um og reka aðstöðu til rannsókna, kennslu og þróunar á sviði orkumála með áherslu

á lífræna orku og orkumál íslensks landbúnaðar.

En hver voru verkefnin á fyrsta starfsárinu? Eiður Guðmundsson, verkfræðingur og forstöðumaður Orkuseturs, sagði að nefna mætti forverkefni sem er styrkt af Northern Periphery Programme (NPP) sem heitir upp á íslensku Líf-orka og lífrænn áburður í strjálbýli. Forverkefnið, sem er styrkt umsóknarferli um aðalverkefni, er unnið í samvinnu við Finna og Íra. Aðalverkefnið sem sótt er um mun snúast um stefnumótun í líforkumálum. Orkusetun landbúnaðarins stýrir verkefninu.

Þá má nefna verkefni sem heitir Bætt



orkunýting í landbúnaði, en í tengslum við það voru gerðar mælingar á eyðslu dráttarvéla við mismunandi álag og aksturslag, flestar mælingar voru gerðar á plægingu haustið 2013. Þessar mælingar benda til að ná megi umtalsverðum sparnaði með bættu aksturslagi.

Orkusettrið hóf undirbúning á tilraunaframleiðslu á metani á liðnu ári og fékk til umræða húsnæði á Hvanneyri, ásamt búnaði til tilraunavinnslu. Unnið var að því að koma þeim búnaði ásamt viðbótarbúnaði sem Orkusettrið fékk að láni frá Sorpu bs í notkun. Enn á eftir að gera umbætur á búnaðinum og aðstöðu og hefur nú tekist að fjármagna þær.

Eiður sagði að næstu verkefni væru m.a. þau að ljúka umsóknarferli vegna forverkefnisins sem áður var nefnt.

Þá er ætlunin að ljúka uppsetningu búnaðar og hefja tilraunaframleiðslu á metani. Aðstaða í húsnæði á Hvanneyri verður aðgengileg samstarfsaðilum Orkusetursins. „Þá er áætlað að hefja markvissar rannsóknir á eldsneytisnýtingu og hagkvæmri nýtingu á afkastagetu véla við fóðuröflun og tengd störf. Markmiðið er að niðurstöður þeirra rannsókna verði auðnýtanlegar til hagsbóta fyrir bændur,“ sagði Eiður og bætti við að Orkusettrið mun á þessu ári vinna að undirbúningi námskeiðs um líforku og gerð kennsluefnis í því sambandi.

Útbreiðsla byggs Íslandi

Erfðir og umhverfi

Aukin útbreiðsla korntegunda í norðurátt frá kjörlendum krefst aðlögunar að nýjum aðstæðum og þetta krefst breytileika í erfðæfni plöntunnar. Norðlægur landbún- aður, sem einkennist af stuttu og köldu vaxtartímabili, langri ljóslotu auk hættu á frosti seint að vori og snemma hausts, telst enn þann dag í dag vera á mörkum byggræktar. Doktorsverkefni Magnúsar Görans- sonar fjallar einmitt um ofangreint, en Magnus vinnur þetta jöfnum höndum við Landbúnaðarháskóla Íslands og háskóla í Noregi.

Á undanförunum árum hefur bygg-

rækt aukist umtalsvert á Ís- landi samfara bættum veður- skilyrðum og ágætum árangri í kynbótum. Við kynbætur á íslensku yrkjunum hefur verið leitast við að auka flýti og þroska við lágt hitastig, en kynbæturnar byggja á norrænum, færeyskum og skoskum yrkjum.

Íslensku byggjyrkin eru þó mun fljótari við íslenskar aðstæður en fljótustu yrkin sem notuð voru við kynbæturnar og því áhugaverður efni- viður til rannsókna á samspili um- hverfis og erfðabátta sem tengist flýti.



Þær breytingar sem spáð er að verði á veðurfari á næstu áratugum munu verða þess valdandi að norðlæg rækt- arlönd munu gegna sífellt mikilvægara hlutverki í fæð- uframleiðslu þjóða heims- ins. Kynbætur nytja plantna munu því í auknum mæli miða að því að færa ræktun norðar og þar mun þekking á erfðum flýtis gegna mikilvægu hlutverki. Rannsóknir á íslensku byggjyrkjunum verða í þessu samhengi mikilvægt innlegg til hags- bóta fyrir jafnt íslenska ræktendur sem erlenda.



Myndin er tekin af samnorrænni byggtilraun í landi Korpu í Reykjavík sumarið 2012. Þarna var verið að skoða breytileika í vaxtarlagi og fræþroska í 180 bygglinum. Breytileikinn er svo notaður til tengslagreiningar á milli svipgerðar og arfgerðar. Mynd: Magnus Göransson

Rykið mótar náttúru landsins

Á undaförnum árum hafa verið stundaðar rannsóknir við Landbúnaðarhá- skólann á ryki í íslenskri náttúru. Þessar rannsóknir hafa tekið til margra þátta, svo sem sandfoks og rykframleiðni, upptakastaða, tíðni rykatburða og ferils þeirra frá upptökum. Þær ná einnig til áhrifa ryks á náttúru landsins, en segja má að ryk eða áfok móti náttúru landsins meira en flestir aðrir þættir. Rannsóknirnar hafa verið undir stjórn Ólafs Arnalds, prófessors við skólann, en Pavla Dagsson-Waldhauserova er um það bil að ljúka doktorsnámi á þessu sviði við HÍ og Lbhl. Á undanförunum árum hafa nokkrir nemar lokið MS verkefnum á sviði sandfoks. Rannsóknirnar hafa verið stundaðar í göðum tengslum við erlenda rannsóknahópa, en gott samstarf er enn fremur við Landgræðslu ríkisins og Harald Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands og sérfræðing á Veðurstofunni.

Ólafur Arnalds var um það spurður hvort sandar á Íslandi væru að ein- hverju leyti sérstakir. Já, það eru þeir vissulega. Íslenskar sandauðnir eru stærstu auðnasvæðin þar sem gosaska er í yfirborðinu, yfir 20.000 km² á landinu öllu. Sandar heimsins eru yf- irleitt kvartssandar eða kalk, eins og þeir þekkja sem hafa komið til norð- urhluta Afríku. Efnin í söndunum hér eru basísk gosefni, sem veðrast mjög hratt og hafa því mjög mikil áhrif á umhverfið þangað sem rykefnin berast. Hér ríkja sérstakar aðstæður þar sem fer saman mikil gosvirkni, og samspil jökla og vatns en jökulárnar flytja fram ógrynni gosefna, auk þess sem mikið bætist við í einstökum gosum eins og í gosinu í Eyjafjallajökli. Þá er veðurfarið nokkuð sérstakt, þar sem landið er staðsett í braut öflugra lægða, landið er mishæðótt og stormar eru afar tíðir, eins og Íslendingar þekkja vel. Sandfok hér er um margt öflugra vegna mikils vindhraða og aðstæðna á yfirborðinu, t.d. mældist hér einn stærsti fokatburður sem mælt hefur á jörðinni í kjölfar Eyjafjallagossins, en þær rannsóknir voru unnar í samstarfi við Landgræðslu ríkisins.

-Kemur rykið þá af öllu miðhálandinu?

Nei, rannsóknir hafa sýnt að það eru nokkur svæði landsins sem eru langsamlega virkust, eins konar meginuppsprettur og þar má nefna Mýrdalssand, Skeiðarársand, Mælifells- sand og svæðið sunnan Langjökuls, en Dyngjusandur norðan Vatnajök- uls er trúlega virkasta uppfokssvæði landsins. Að auki eru margar smærri uppsprettur sem geta verið býsna áber- andi í vondum veðrum, t.d. farvegur Skaftár. Frá öllum þessum svæðum fýkur gríðarlega mikið efni. Í mestu stormunum bætast síðan við efni frá öðrum sandsvæðum og af þeim er sannarlega nóg.

-Hvað er þetta mikið ryk sem fellur um landið, er það hættulegt?

Við ætlum að rykið sem berst um

Magnið er allt frá nokkrum grömmum á fermetra á ári upp í það að nema um kg á m² næst áfoksupptökum, sem er gríðarlega mikið. Rykið smýgur alls staðar, það er von að húsbændur og hjú þurfi víða að þurrka mikið af í þurrkatíð sums staðar á landinu. En um margt eru rykefnin óæskileg fyrir fólk, því vegna smæðarinnar geta þau haft mjög slæm áhrif á lungu og heilsufar almennt, m.a. stuðlað að aukinni tíðni öndunarsjúkdóma og hjartaáfalla. Og



landið mælist í milljónum tonna. Rannsóknir Pövlú sýna að tíðni fokatburða á Íslandi sé sambærileg við það sem gerist á helstu eyðimerkur- svæðum jarðar, en jafnframt er ljóst að mjög mikið efni er á ferðinni. Þetta efni berst um landið allt, frá Vestfjörðum til Austfjarða, en afar mismikið mikið eftir fjarlægð frá upptökum og einnig háð vindafari, því rykið berst að mestu með þurrum vindum, t.d. aðallega með norðlægum áttum á Suðurlandi.

í raun mætti segja að rykmengun sé langt yfir heilsuverndarmörkum í mjög mörgum fokatburðum, sem sést t.d. vel á mælum Umhverfisstofnunar í Reykjavík. Það væri full ástæða fyrir heilsuverndaryfirvöld í landinu að gefa þessari mengun meiri gaum. Fokið var raunar sérstaklega slæmt í kjölfar Eyja- fjallagossins, en mikið fok verður þar sem fin aska fellur á illa gróid land.

-Þið segið að rykið berist um allt?

Já, en í mismiklum mæli. Strók-



arnir frá helstu uppfoksstöðunum berast mörg hundruð kílómetra en mest sest til aftur næst upptökunum. Miðsuðurland og Norðausturland eru þau svæði sem virðast fá mest áfok. En finustu efnin geta borist þúsundir kílómetra yfir höfin og til Evrópu og Grænlands. Rykmengunin stuðlar að örari bráðnun jökla, enda endur- varpar svört askan litlu sólarljósi. Það hefur m.a. komið í ljós í tilraunum með íslenskan sand á snævipöktum tilraunareitum í Lapplandi. Fokefni frá Íslandi hafa líklega töluverð áhrif á veðurþætti, sem og vistkerfi sjávar umhverfis landið, en það hefur lítið verið rannsakað. Pavla er einnig að rannsaka ferla foksins og m.a. eru ummerki um fokefni sem hafa borist alla leið til Tékklands.

-En hver eru áhrifin á gróður og jarð- veg? eru þau slæm?

Þessi fokefni, ásamt gjósku sem fellur í eldgosum, eru móðurefni jarðvegsins á Íslandi. Rannsóknir sýna að margir þættir sem hafa áhrif á frjósemi mold- arinnar stýrast af magni áfoksefnanna auk þess sem jarðvegur er þykkastur þar sem áfokið er mest. Rannsóknir sem Tómas Grétar Gunnarsson við HÍ hefur unnið í samstarfi við okkur hjá Lbhl sýna að sá þáttur sem einna helst skýrir þéttleika varpfugla er magn áfoksefna. Fuglar eru afskap- lega næmur mælikvarði á frjósemi vistkerfa. Ástæðan fyrir þessu er ör veðrun áfoksefnanna sem losar um ýmis næringarefni og viðheldur sýru- stigi jarðvegsins. Þannig er jarðvegur súrastur á svæðum sem fá minnst áfok, t.d. hlutar Vesturlands og Vestfjarða. Hæfilegt áfok er sem sagt mjög til bóta fyrir vistkerfi landsins.

-Framtíðin?

Við erum að efla samstarf okkar við erlenda og innlenda aðila með það að markmiði að auka þekkingu okkar á foki á Íslandi og áhrif á vistkerfi og andrúmsloft. Þetta er spennandi við- fangsefni, en enn fremur afskaplega mikilvægt því það eru svo margir þættir í náttúru landsins sem skýrast af þessu foki. Jafnframt er mikilvægt að huga betur að áhrifum foksins á mannfólkið í landinu.

Framhaldsnám er vaxandi við skólann

Framhaldsnámi hefur vaxið fiskur um hrygg við skólann. Nú stunda rúm- lega 20 nemendur rannsóknatengt meistaranám og annar eins fjöldi er í meistaranámi í skipulagsfræði. Doktorsnemar eru átta og vinna að fjölbreyttum verkefnum á verksviði skólans.

Fengu nýsköpunar- verðlaun forseta Íslands

Hjólaleiðir á Íslandi, verkefni unnið af Evu Dís Þórðardóttur úr Háskól- anum í Reykjavík og Gísli Rafni Guðmundssyni úr Háskólanum í Lundi, hlaut Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrr á þessu ári. Gísli Rafn útskrifaðist með BS gráðu af umhverfisskipulagsbraut Lbhl vorið 2012. Hann stundar nú nám í sjálf- bærri borgarhönnun við háskólann í Lundi í Svíþjóð.



Tilraunir með áhrif ljóss á uppskeru

Vetrarræktun í gróðurhúsum á Ís- landi er algjörlega háð lýsingu. Við- bótarlýsing getur því lengt uppskeru- tímann og komið í stað innflutnings að vetri til. Fullnægjandi leiðbein- ingar vegna ræktunar á papriku og tómötum eru ekki til staðar og þarf- ast frekari þróunar. Á Íslandi er vikur einna mest notaða rótarbeðsefnið.

Flestir ræktendur notast við óá- græddar plöntur, þ.e. plöntur sem vaxa á eigin rót.

Frá árinu 2009 hafa verið gerðar tilraunir í tilraunagróðurhúsi Land- búnaðarháskóla Íslands að Reykjum með tómata og papriku og prófuð áhrif ljóss á uppskeru og hvernig megi auka uppskeru og framlegð. Rannsóknar- verkefnið var unnið í samvinnu við garðyrkjuráðunauta Bændasamtaka Íslands, ylraektarbændur og HAMK University of Applied Sciences í Finn- landi.

Verkefnið hefur notið stuðnings Sambands garðyrkjubænda og verk- efnisstjóri er Christina Stadler.

Belgjurtablöndur skila miklum ávinningi í túnrækt í Evrópu

Nýlega birtust niðurstöður úr samræmdum tilraunum á 31 tilraunastað um Evrópu þvera og endilanga þar sem spurt var hvort blanda fjögurra vel valdra tegunda skilaði meiri uppskeru en þessar tegundir í hreinrækt. Tvær þessara tilrauna voru á tilraunastöð skólans á Korpu.

Tilraunirnar voru slegnar í þrjú sumur á hverjum stað. Í ljós kom að í rúmlega 97 prósent tilvika gáfu blöndur meiri uppskeru en tegundirnar að meðaltali í hreinrækt. Blöndurnar gáfu jafnframt í um 60% tilvika meira en uppskerumesta tegundin í hreinrækt og þar var uppskeruaukning um 7% að jafnaði.

Uppskeruaukann mátti almennt skýra með jákvæðu samspili milli hinna mismunandi virkniþópa og skipti þá ekki máli hvort um var að ræða niturbindingu eða endingu. Einnig skipti máli að sem mest jafnræði væri milli tegunda í blöndunni. Niðurstöður þessar hafa hagnýtt gildi og geta skilað umtalsverðum ávinningi fyrir bændur.

Sex þessara tilraunastaða voru á norðlægum slóðum og voru niðurstöður þeirra tilrauna gerðar upp sérstaklega. Uppskeruauki blandna var ívið meiri í þessum tilraunum en að meðaltali fyrir alla tilraunastaði. Mælingar á fódrunarvirði hefyngsins leiddu jafnframt í ljós að heygæði spilltust ekki þrátt fyrir uppskeruauka.

Verkefnið var styrkt af COST samstarfinu í Evrópu og verkefnisstjóri var Áslaug Helgadóttir prófessor við skólann. Hér á landi styrkti rannsóknasjóður Rannís og Framleiðnisjóður verkefnið.



Lögð var áhersla á að velja saman tegundir sem geta bætt upp kosti hver annarrar. Tvær þeirra voru fódurgros en hinar tvær fódurbelgjurtir sem geta unnið nitur úr andrúmsloftinu og virka því sem náttúrulegir áburðargjafir. Jafnframt var önnur gras- og smáategundin fljót til og skammær en hin seinþroska og endingargóð.

Gildi langtímatilrauna er mikið

Á árunum frá 1940-1970 voru lagðar út margar tilraunir með tilbúinn áburð hér á landi. Tilgangur þeirra var að meta hversu mikið þyrfti að bera á af tilbúnum áburði við mismunandi aðstæður. Margar þessara tilrauna öðluðust nýtt hlutverk þegar þær breyttust í langtímatilraunir. Tilgangurinn varð þá ekki einvörðungu sá að finna heppilega áburðarskammta heldur einnig að skoða langtímaáhrif áburðarins á jarðveg og efnainnihald

hans. Þessar tilraunir gerðu einnig mögulegt að fylgjast með afdrifum áburðarins, hversu mikið af honum fylgdi uppskerunni, hversu mikið yrði eftir í jarðveginum og hversu mikið tapaðist. Þessar tilraunir gáfu einnig upplýsingar um áhrif áburðarins á gróðurfar og dýralíf. Þessar tilraunir stóðu margar í 50-70 ár. Nú eru þær flestar aflagðar en verðmætum gögnum hefur verið safnað sem verið er að vinna úr og gefa út.

Gróður í Viðey í Þjórsá

Áhrif beitarfriðunar og mögulegar ógnir

Fyrir skömmu fluttu þau Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Sigurður H. Magnússon fráðsluerindi á vegum Hins íslenska náttúrufræðifélags. Erindið bar heitið: Gróður í Viðey í Þjórsá - Áhrif beitarfriðunar og mögulegar ógnir. Anna Sigríður Valdimarsdóttir lauk BS prófi í náttúru- og umhverfisfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands vorið 2010 og hóf MS nám haustið 2011 við sama skóla. Sigurður H. Magnússon lauk BS prófi í líffræði frá Háskóla Íslands árið 1975 og PhD prófi í plöntuvistfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð árið 1994. Sigurður hefur starfað hjá Náttúrufræðistofnun Íslands frá 1997.

Í kynningu segir: „Viðey í Þjórsá er stök ey suðaustan við bæinn Minna-Núp í Gnúpverjahreppi. Áin er þar djúp og straumþung og hefur eyjan því notið nokkurrar verndar fyrir ágangi manna og búfjár. Í Viðey er grósku-

legur birkiskógur sem ekki er að finna á bökkum árinna. Lítið var vítað um annan gróður í eyinni.

Áform eru um að stífla Þjórsá ofan Viðeyjar vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar. Rennsli Þjórsár meðfram Viðey myndi minnka mjög mikið við virkjun og jafnframt sú vernd sem áin veitir eyinni.

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna gróður í Viðey í Þjórsá og bera hann saman við gróður á svipuðu landi beggja vegna árinna.

Áhersla var lögð á að svara eftirfarandi spurningum: Hvaða gerðir gróðurs er að finna í eyinni? Hver er þekja og tegundasamsetning plantna í mismunandi gróður- og landgerðum í eyinni og á svipuðu landi beggja vegna árinna? Finnast í eyinni sjaldgæfar plöntutegundir?

Í rannsókninni voru lagðir út 13 reitir sumarið 2009; fjórir í Viðey, þrír á norðurbakka og sex á suðurbakka Þjórsár.

Í Viðey finnast fjórar megingerðir gróðurs; birkiskógur, graslendi, strandgróður og mólendi. Í eyinni fundust 74 tegundir háplantna, þ.á.m. tvær sem teljast sjaldgæfar á landsvísu, grænlija og kjarrhveiti.

Þekja og tegundasamsetning plantna í Viðey er mjög ólík þeirri á bökkum árinna en í samræmi við það sem komið hefur fram í öðrum rannsóknum á beittum og beitarfriðuðum svæðum.

Viðey var friðlýst árið 2011 til verndunar lítt snortins og gróskumikils birkiskógar og því lífríki sem honum fylgir. Auk verndunar erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika birkisins og annars gróðurs, þá er sérstaklega treyst vísinda- og fræðslugildi eyjarnar.



Umsóknarfrestur um skólavist er til 5. júní

Landbúnaðarháskólinn rannsakar útiræktun jarðarberja

Jarðarber eru ekki aðeins verðmæt landbúnaðarafurð heldur einnig rík af andoxunarefnum, vítamínum og steinefnum. Slík matvæli gegna mikilvægu hlutverki sem uppspretta nauðsynlegra bætiefna og aukið framboð getur þannig haft jákvæð áhrif á lýðheilsu. Þetta kemur fram í jarðræktarskýrslu síðasta árs.

Íslenskum neytendum þykja innlend jarðarber eftirsóknarverð og hafa íslenskir ræktendur hingað til ekki annað eftirspurn. Þessu til staðfestingar var innflutningur ferskra jarðarberja meira en 323 tonn árið 2012. Það er því eftir nokkru að slægjast á þessum markaði og ekkert sem ætti að koma í veg fyrir að íslenskir garðyrkjubændur fullnægi að mestu eftirspurn innanlands sé rétt staðið að málum.

Meginmarkmið með rannsóknum Lbhl er að kanna möguleika á útiræktun jarðarberja við



íslenskar aðstæður með því að prófa valin jarðarberjayrki og kynbótalínur í ræktunartilraunum. Slíkar prófanir voru síðast framkvæmdar á

Hvanneyri og Korpu á árunum 1981-1986 og niðurstöðurnar því komnar til ára sinna. Miklar framfarir hafa orðið í kynbótum og því full ástæða til að endurtaka prófanir hérlandis.

Veðurfar í Noregi er keimlíkt því íslenska og töluvert er ræktað af jarðarberjum utandyra í Noregi. Þar eru jafnframt stundaðar kynbætur á jarðarberjum og því nærtækt að líta þangað með val á yrkjum og kynbótalínunum.

Prófuð verða yrki og kynbótalínur sem líkleg eru til að sýna prótt við hérland vaxtarskilyrði, m.a. verða prófuð þekkt yrki (Sonata, Saga, Nobel, Glima, Blink, Korona og Senga Sengana) auk nýlegra kynbótalína frá Graminor AS.

Framleiðslan hérlandis fer fram í gróðurhúsum en íslenskir garðyrkjubændur hafa náð góðum tökum á ylrækt.

Gróðurhús eru hins vegar dýr yfirbygging og nýtast ekki allt árið í jarðarberjarækt. Með því að nýta gróðurhús fyrst í forræktun fyrir útplöntun og svo í almenna uppskeruræktun má stórbæta nýtingu af gróðurhúsinu.

Niðurstöður verkefnisins munu veita mikilvægar upplýsingar um hvort útiræktun jarðarberja er möguleg og arðbær við íslenskar aðstæður. Ræktunarmódelið sem hér verður prófað hefur víða reynst hagkvæmt.

Aðferðin gæti því skilað íslenskum jarðarberjum á markað með því að lengja ræktunartímabilið og þar að auki bætt nýtingu gróðurhúsa.

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Öflug þróunarsamvinna í landverndarmálum

„Við sjáum fram á að á næstu árum muni starf Landgræðsluskólans aukast og eflast,“ segir Hafdis Hanna Ægisdóttir forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Landgræðsluskólinn hefur verið starfandi hér á landi frá árinu 2007 og hefur Landbúnaðarháskóli Íslands séð um daglegan rekstur skólans í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Íslensk stjórnvöld fjármagna reksturinn og er starfsemi hans hluti af framlagi Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Að sögn Hafdisar Hönnu er árlega haldið hér á landi sex mánaða námskeið fyrir starfandi sérfræðinga frá þróunarlöndum í Afríku og Mið-Asíu sem glíma við miklar áskoranir tengdar ósjálfbærri landnýtingu og



landeyðingu. Eftir veru sína hér á landi, halda sérfræðingarnir aftur

til síns heima og miðla af þekkingu sinni til samstarfsfélaga sinna og

heimamanna. Með þessum hætti er tryggt að færnin sem þeir öðlast nýtist þeim stofnunum sem koma að landverndarmálum í samstarfslöndum Landgræðsluskólans.

„Námið felst einkum í að kenna landlæsi, landgræðslu, umhverfisstjórnun og sjálfbæra landnýtingu. Lögð er áhersla á að blanda saman hefðbundnum fyrirlestrum, æfingum innan- og utandyra sem og skoðunarferðum til að þátttakendur öðlist sem mesta þjálfun og þekkingu,“ segir Hafdis Hanna. „Rétt er að benda á að Landgræðsluskólinn á rætur sínar að rekja til þess öfluga starfs sem unnið hefur verið hér á landi síðustu 100 árin við að hefta uppblástur og græða upp illa farið land.“


Sex mánaða námskeið Landgræðsluskólans eru haldin frá mars fram í september og fer starfsemi að mestu fram í starfsstöð Lbhl í Keldnaholti. Nemendurnir dvelja einnig hluta námsins í höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Hafdis Hanna segir að alls hafi 51 sérfræðingur útskrifast frá skólanum frá upphafi frá 10 þjóðlöndum. „Fjöldi þátttakenda hefur aukist ár frá ári og við stefnum að því að á næstu árum muni enn fleiri sækja nám til okkar,“ segir hún. Að auki er stefnt að því að halda styttri námskeið í Afríku og Mið-Asíu í samstarfi við samstarfsstofnanir skólans á þessum svæðum og einnig mun Landgræðsluskólinn styrkja framúrskarandi fyrrum nemendur sína til meistara- eða doktorsnáms við íslenska háskóla



Fyrir á árinu rituðu Þórhildur Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Ágúst Sigurðsson rektor Lbhl undir samkomulag um stuðning sjóðsins við verkefnið *Kornkynbætur fyrir íslenskar aðstæður* sem unnið er við skólann. Markmiðið er að vinna áfram að byggkynbótum fyrir íslenskan landbúnað með

því m.a. að innleiða nýjungar og tryggja nýliðun í kynbótastarfinu, gera prófanir á yrkjum og greina árangur. Fjárhæð styrkja er háð fjárveitingum sjóðsins hvert ár en að óbreyttum þeim framlögum sem tilgreind eru í Búnaðarlagasamningi er miðað við að framlög yfir 5 ára tímabil geti orðið allt að 36,2 m. kr. samtals.



Mat á ræktanlegu landi með fjarkönnunartækni

Nýlega varði Brynja Guðmundsdóttir verkfræðingur meistararitgerð sem ber heitið *Mat á ræktanlegu landi með fjarkönnunartækni*. Í ritgerðinni fjallar Brynja um ástand mála í Kjósarhreppi.

Brynja segir í inngangi að ræktanlegt land á Íslandi sé verðmæt auðlind sem ber að varðveita. Tryggja verði að henni verði ekki fórnad til annars konar landnota. Í inngangi segir: „Það er best gert með því að gerð sé sérstök grein fyrir henni við skipulagsgerð. Í nýjum skipulagslögum eru gerðar auknar kröfur um flokkun á ræktuðu og ræktanlegu



landi, einkum sem hentar vel til akuryrkju. Markmið þessa verkefnis var að þróa stafrænar aðferðir við að skilgreina ræktanlegt land og útbúa gagnasett, fitju, sem hægt er að nýta í skipulagsvinnu og stefnumótun vegna landnýtingar.“

Þá segir Brynja að niðurstöður gefi til kynna að hægt sé að greina ræktað og ræktanlegt land út frá gervitungla-myndum.

Leiðbeinendur Brynju voru prófessorarnir Helena Eriksson við háskólann í Lundi og Áslaug Helgadóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands.

Öflugar rannsóknir í landbúnaði eru forsenda framfara

Framleiða þarf helmingi meiri mat í heiminum á næstu 50 árum en nú er gert

Háskólastarf er, eðli málsins samkvæmt, almannagæði og ber því að sinna þörfum þjóðfélagsins núna og í framtíðinni. Öll fræðasvið eru jafn mikilvæg og leggja sitt að mörkum til að skila okkur á áttina til betra samfélags. Það má því segja að rannsóknir þurfi að vera fjölbreyttar og geta brugðist við þörfum samfélagsins á hverjum tíma. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor rannsóknamála situr fyrir svörum.



Hvernig telur þú að Lbhl hafi staðið sig hvað varðar ofangreint á liðnum árum?

Ég held að við getum verið stolt af þeim verkum sem við höfum skilað hér á liðnum árum og áratugum. Eðli málsins samkvæmt höfum við unnið nálægt atvinnuveginum og árangur rannsókna skilar sér oftast en ekki beint inn í einhvern framleiðsluferil eða verklag og það gleymist fljótt hvaðan þekkingin kom upphaflega. En það mætti nefna ýmsa nýsköpun sem við höfum lagt drjúga hönd á plóg og þar er e.t.v. nærtækast að nefna framþróun í kornrækt og bættu jarðrækt sem fylgt hefur í kjölfarið.

Aðstæður í heiminum breytast. Tekist er á við þá miklu ógn sem felst í loftslagsbreytingum og ör fjölgun mannkyns boðar nýjar áskoranir fyrir matvælaframleiðendur í heiminum. Hvernig sérðu hlutverk Lbhl á þessum vettvangi?

Framleiða þarf helmingi meiri mat í heiminum á næstu 50 árum en nú er gert. Fólksfjölgun er ör og sífellt fleiri vilja borða jafn vel og Vesturlandabúar hafa tamið sér. Þetta verður að gera án þess að ganga frekar á gæði jarðarinnar. Það þarf að auka framleiðni verulega á sama tíma og margt bendir til þess að skilyrði muni versna á stórum landsvæðum vegna loftslagsbreytinga. Staðan er ekki vonlaus – langt í frá. Nú sem endranær er best að treysta á hugvitið og velja árangursríkustu leiðirnar að settu marki.

Þarna höfum við hlutverki að gegna. Alveg tvímælalaust. Lágmarkið er að við sjáum okkur sjálfum fyrir nægum matvælum, en því er spáð að Ís-

lendingum muni fjölga um 30% fram til 2060. Við þurfum því að finna leiðir til þess að nýta það ræktarland sem við eigum, sem betur fer, nóg af og þetta þarf að gera með hagkvæmum hætti án þess að ganga á gæði landsins. Íslenskar landbúnaðarafurðir gætu orðið útflutningsvara en þá er nauðsynlegt að tryggja samkeppnishæfni þeirra. Það kallar aftur á aukna framleiðni í greininni og þar hljótum við að hafa verk að vinna.

Fyrir mörgum árum sagði stjórnmálamaður í blaðagrein um náttúruvernd og auðlindanýtingu: „Við eigum að taka upplýstar ákvarðanir sem byggjast á rannsóknum, en ekki ákvarðanir sem við sjáum eftir á að voru teknar í fljótræði miðað við þá heildarhagsmuni sem voru í húfi.“ Hefur stjórnmöldum tekst að feta þann gullna meðalveg sem stjórnmálamaðurinn gerði að umtalsefni?

Í stórum dráttum tel ég að svo sé. Auðvitað má alltaf deila um einstakar ákvarðanir en í því sem snýr að landnýtingu til landbúnaðar er kannski fyrst og fremst nauðsynlegt að ná tökum á úthagabeit á illa förunum afreittum. Þarna eru viðkvæm mál á ferðinni og ólíkir hagsmunir sem togast á. Slíkar

ákvarðanir þarf því að taka á grundvelli þekkingar.

Síðustu ár hefur rannsóknastarf skólans mótaðist af því að tekjur til rannsókna hafa dregist umtalsvert saman. Hvaða áhrif hefur þetta haft – en e.t.v. enn frekar – hvaða áhrif getur þetta haft?

Já, það hefur fjarað undan rannsóknabættinum hjá okkur á undanförunum árum og stöðugildum hefur fækkað ískyggilega, einkum í hinum hefðbundnu búvísindum. Við svo verður ekki búið öllu lengur og því nauðsynlegt að snúa vörn í sókn. Ef ekkert verður að gert og nýliðun verði tryggð er hætt á að þetta fræðasvið hverfi þegar fram í sækir. Og það sem einu sinni er farið kemur ekki svo auðveldlega aftur.

Rannsóknarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og er það nú orðið drjúgur þáttur í rannsóknastarfi skólans. Það hlýtur að vera þér mikið gleðiefni?

Svo sannarlega. Það hefur verið reglulega gaman að fá að taka þátt í því og áhugi ungs fólks á fræðunum vekur okkur von í brjósti um að okkur muni takast, þrátt fyrir allt, að ná vopnum okkar í hörðum heimi.



Vistheimt á norðurslóðum

Undanfarin ár hafa vísindamenn á Norðurlöndunum átt með sér blómlegt samstarf á sviði vistheimtar (endurheimt vistkerfa). Samstarfið hófst með verkefninu ReNo, sem miðaði að því að draga saman upplýsingar um vistheimt á Norðurlöndunum. Í kjölfar þess tók við annað verkefni, EvRest, er fjallar um aðferðir við mat á árangri landgræðslu og annarra vistheimtaraðgerða. Á dögnum hlaut verkefnið Vistheimt gegn náttúruvá (ERMOND) styrk úr Formennskuáætlun Íslands í norrænu ráðherra-nefndinni.

Óhætt er að segja að áhugi alþjóðasamfélagsins á vistheimt hafi aukist á undanförunum árum, enda veita vistkerfi margvíslega þjónustu er við byggjum lífsviðurværi og stóran hluta menningar okkar á. Almennt er viður-



Endurheimt votlendi - Framengjar í Mývatnssveit.

kennt að vistheimt gegnir mikilvægu hlutverki við að draga úr og snúa

við tapi á líffræðilegri fjölbreytni og sporna við loftslagsbreytingum, auk

þess sem hún getur styrkt stöðir margvíslegrar landnýtingar, svo sem beitar. Vistheimt eykur einnig viðnám og þanþol vistkerfa gagnvart náttúruhamförum, svo sem flóðum, skriðuföllum eða öskufalli, og dregur úr áhrifum slíkra hamfara á vistkerfi og mannlíf.

Í lok síðasta árs kom út safn greina um vistheimt á norðurslóðum í sérhefti vísindaritsins *Ecology and Society*. Greinarnar fjalla um fjölbreytt verkefni, allt frá endurheimt straumvatna í Svíþjóð, mómyra í Finnlandi og heræfingarsvæða í Noregi til verkefnisins Bændur græða landið á Íslandi. Greinarnar í ritinu eru afrakstur alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var á Selfossi árið 2011 á vegum ReNo verkefnisins. Rauður þráður í öllum greinunum er að árangursrík vistheimt byggir ekki einungis á tæknilegum og vistfræðilegum lausnum, heldur þarf

hún að vera í góðri sátt við nærsamfélagið og er háð stefnumótun stjórnvalda. Þetta kemur glöggst fram í greininni *Ecological and Social Dimensions of Ecosystem Restoration in the Nordic Countries*, þar sem borin er saman vistheimt á Norðurlöndunum. Þar kemur fram að þær aðferðir sem beitt er við vistheimt ráðast fyrst og fremst af því vistkerfi eða búsvæði sem verið er að endurheimta en félagslegir og efnahagslegir þættir hafa mikið að segja um það hvar og hvenær vistheimtina á sér stað.

Í ritinu eru þrjár greinar sem fjalla um vistheimt á Íslandi. Þær tengjast allar námsverkefnum við Landbúnaðarháskóla Íslands; tvær eru þáttur í doktorsverkefni Þórunnar Pétursdóttur og sú þriðja er hluti af meistara-verkefni Britu Berglund er hún lauk nú í byrjun febrúar.

Aðgangur að greinum í *Ecology and Society* er öllum opin og er heimasíða ritsins <http://www.ecologyandsociety.org/>.



Námsbrautarstjóri í búfræði

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan starfsmann til að stýra námsbraut í búfræði við starfs- og endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Búfræði er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi með námslok á hæfniprepi 3. Þungamiðja námsins er á sviði búfjárræktar, jarðræktar og búrekstrar. Markmið búfræðináms er að auka þekkingu og færni einstaklingsins til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf. Áhersla er einnig lögð á hvers kyns nýsköpun í búrekstri og nýtingu landsins gæða með sjálfbærni að leiðarljósi.

Um er að ræða fullt starf sem felur m.a. í sér faglega umsjón með námsbrautinni, bóklega og verklega kennslu, samskipti við hagsmunaaðila og samstarfsaðila. Viðkomandi þarf því að hafa viðtæka þekkingu á landbúnaði. Viðkomandi þarf að hafa háskólagráðu í búvísindum eða sambærilega menntun auk verulegrar reynslu af búrekstri. Starfsstöð námsbrautarstjóra búfræði er á Hvanneyri.

Mikilvægir eiginleikar í starfinu eru m.a. frumkvæði, faglegur metnaður, skipulagshæfileikar og samskiptahæfni, auk ríks vilja til að vinna með ungu fólki í skapandi umhverfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðríður Helgadóttir (gurry@lbhi.is) í síma 843-5314.


Umsóknarfrestur er til 19. maí. en viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skulu sendar til Landbúnaðarháskóla Íslands b/t Kristín Siemsen, Ásgarði, Hvanneyri, 311 Borgarnes eða á kristins@lbhi.is

Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Öflugt rannsóknastarf á vegum auðlindadeildar LbhÍ

Rannsóknastarf auðlindadeildar ein-kennist af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fóðrun búfjár og rannsóknnum á eiginleikum búfjár og afurða þess. Á sviði jarðræktar er unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunaradferða þar sem kornræktin hefur vaxandi vægi í samhengi við aðra fódurræktun.

Kornræktin er eitt þeirra verkefna sem er unnið í nánu samstarfi við fjölda bænda og hefur sú samvinna skilað miklum árangri. Einnig hefur ræktun niturbindandi tegunda verið fyrirferðarmikil auk rannsókna á hr-ingrás næringarefna í jarðvegi og nýtingu þeirra. Rannsóknnaðstaða í sameindaerfðafræði á Keldnaholti hefur skapað möguleika á fjölbreyttum og spennandi verkefnum í erfðafræði



íslenskra búfjárkynja og eru nokkur slík í gangi eða lokið. Í fódurfræði er hámarksnýting næringarefna miðað

við þarfir gripanna á hverjum tíma mikilvægt viðfangsefni, með sérstakri áherslu á fóðrun hámjólka kúa.

Helstu rannsóknaverkefni árið 2013

- Frumframleiðsla og fæðuöryggi**
Sjálfbær nýting erfðaauðlinda
- Kynbætur byggyrkja með hefðbundnum aðferðum
 - In situ varðveisla erfðaefnis í gömlum túnnum
 - Afkvæmarannsóknir sauðfjár
 - Uppruni íslenskra hestsins
 - Erfðafjölbreytni í íslenska geitastofninum
 - Erfðafjölbreytni í íslenskum landnámshænum
 - Kynbótamat búfjár (BLUP-útreikningar fyrir BÍ)
 - Kynbótamat bleikju
 - Tengsl byggingar og hæfileika íslenskra hrossa
 - Viðhald kartöflustofna
 - PPP bygg
 - PPP rýgresi
 - Nofocgran
 - Sameindakynbætur í byggi
 - Misjafn sauður, háværkun afurðaverðmætis
 - Erfðabreytileiki sauðfjárstofna
 - FornDNA
- Hringrás næringarefna**
- Breytingar á ræktunareiginleikum jarðvegs (langtímaáburðartilraunir)
 - Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum
- Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðslukerfi**
- Smárablöndur og áhrif N-áburðar
 - Grasræktartilraunir og yrkisprófanir



- Vestnorrænar yrkisprófanir
 - Vöxtur og þroski kvígna
 - Markvissar fódrunarleiðbeiningar til mjólkurframleiðenda
 - Jarðvinnsluaðferðir og bygg
 - Langtímaáhrif mismunandi ræktunaradferða
- Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir**
- Fóðrun áa
 - Átgeta mjólkurkúa
 - Fang gemlinga


- Garðyrkja**
- Tómatar í ylrækt
 - Ræktunartækni við berjaframleiðslu
 - Yndisgarðar
 - Skjólbeltarannsóknir
 - Yrkisprófanir fyrir golfplatargrös
 - Upphitun íþróttavalla
 - Gróðurhús, lífrænn áburður
 - Jarðarberjayrki
- Byggðaðróun og nýsköpun**
- Nýting lífræns úrgangs til orkuframleiðslu
 - Eldsneyti úr innlendu hráefni
 - Hálendisvegir, sjónræn áhrif og vegstaðlar fyrir útivistarvegi á hálendinu

- Ferðamannastaðir, skipulag, sjónræn áhrif
- Búsetulandslandslag á norðurslóð
- Borgarskógrækt
- Orkusetun
- Ræktunarland
- BoðRA (NPP), Bioenergy and organic fertilizers in Rural Areas
- NPP – Cereal products in the North
- NORA – Northern Cereals
- Value Crop (NPP) – aukin verðmæti berja

- Skógrækt og landgræðsla**
- Þróun vistkerfa við landgræðslu
 - Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendisvæðum
 - Notkun svarðlags vegna uppgræðslu
 - Kolbjörk – Þróun vistkerfa í endurheimtum birkiskógum
 - Skógvatn – Áhrif skógræktar og landgræðslu á vatnalíf, vatnsgæði og vatnshag
 - Landbætur á sandsvæðum
 - Vistheimt á Norðurlöndum
 - Áhrif upphitunar á sitkaskóg (For-Hot)
 - Áhrif skógræktar á lekt C-sambanda, N og P með afrennsli
 - CAR-ES - Norrænt öndvegissetur um rannsóknir á vistkerfisþjónustu skóga
 - Fræslægja í Vatnajökulsþjóðgarði
 - NUTR-CYCL (vistkerfi í skóglendi)
 - ECONADA – (samstarf við Norðmenn)
 - FSC-sink (The Forest Soil Carbon-sink Nordic Network)

Á árinu 2013 fór í gang viðamikil rannsókn á átgetu íslenskra mjólkurkúa á tilraunabúinu á Stóra-Ár-móti í Flóahreppi. Árið 2012 hófst þriggja ára rannsóknaverkefni um áhrif flúors á búfé og gróður með styrk frá Norðuráli á Grundartanga. Nokkur verkefni eru í gangi tengd sauðfjárrækt, en skólinn hefur mjög góða aðstöðu til sauðfjárrannsókna á fjárræktarþúi skólans að Hesti í Borgarfirði.

Nauðsynlegt er að huga vel að rannsóknnum á gæðum íslenskra landbúnaðarafurða sem skipta miklu máli fyrir ímynd landbúnaðarins. Þar á LbhÍ í góðu samstarfi við Mátis. Samtímis er mikilvægt að stuðla að sjálfbærum búskaparhátum bæði hvað varðar ræktun lands og búpenings.



- Umhverfisrannsóknir**
- Ýmir – gagnagrunnur um íslenskan jarðveg
 - Þáttur úrkomu, jarðvegsraka og þurrktímabíla í ofhittun jarðstrengja
 - Áhrif loftslagsbreytinga á lífríki jökulskerja
 - Rannsóknir á vistkerfismyndun á Surtsey
 - Norrænt tengslanet um kolefnisrannsóknir
 - Landnýtingargrunnur og bindibókhald (LULUCF)
 - Langtímaumhverfisvöktun á vatnasviði í Borgarfirði
 - Sinubruni á Mýrum
 - Mýrlendi á norðurslóðum
 - Kolefnisjöfnuður á norðurslóðum
 - Álkol – samstarf við Alcan um endurheimt votlendis
 - Endurheimt vatna
 - Áhrif lúpínu á endurheimt birkivistkerfa
 - Litla-Skarð, alþjóðlegt vöktunarsamstarf
 - Hafnarlíf
 - Búland

Yndisgróður fékk Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2014

Markmið verkefnisins er að finna garð- og landslagsplöntur sem henta íslenskum aðstæðum

Yndisgróður – samstarfsverkefni um garð- og landslagsplöntur fyrir íslenskar aðstæður hlaut Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2014. Samson Bjarnar Harðarson lektor hjá Landbúnaðarháskóla Íslands er verkefnisstjóri Yndisgróðurs.

Verkefnið Yndisgróður tók sín fyrstu skref snemma sumars 2007 með styrk frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneytinu og Norðurslóðaáætlun (NPP). Yndisgróður er samstarfsverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands, Grasagarðs Reykjavíkur, Rannsóknarstöðvar Skógræktar á Mógilsá og Félags garðplöntuframleiðenda sem ásamt Ræktunarstöð Reykjavíkur-borgar hafa lagt til nær allar plöntur endurgjaldslaut. Markmið verkefnisins hefur frá upphafi verið „að finna bestu hentugu garð- og landslags-

plöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður og miðla upplýsingum um þær“.

Yndisgróður hefur safnað ítarlegum upplýsingum um garð- og landslagsplöntur í sérhannaðan gagnagrunn þar sem 726 yrki af um 180 tegundum trjáa og runna hafa verið skráð, auk upplýsinga um ræktunar- og notkunarmöguleika, uppruna þeirra og staðsetningu í plöntusöfnum. Á heimasíðu Yndisgróðurs má meðal annars finna upplýsingasíðu um einstakar tegundir og yrki sem mælt er með til notkunar hérlandis.

Eitt aðalverkefni Yndisgróðurs hefur verið uppbygging klónasafna og sýnreita á nokkrum stöðum á landinu, svokallaðra yndisgarða. Þeir eru sex talsins og eru á Blönduósi, í Sandgerði, Laugardalnum í Reykjavík, Fossvogi í

Kópavogi, á Hvanneyri og á Reykjum í Ölfusi sem jafnframt er aðalsafn verkefnisins. Yndisgróður hefur átt mjög gott samstarf við þau sveitarfélög sem hafa lagt til land, vinnu og kostnað við gerð garðanna og umhirðu.

Yndisgarðarnir hafa þrífætt hlutverk. Í fyrsta lagi að varðveita úrval erfðaauðlindar íslenskra garð- og landslagsplantna, í öðru lagi að rannsaka harðgerði og eiginleika þessara plantna og í þriðja lagi að vera sýnireitir fyrir fagfólk og almenning. Á komandi árum mun Yndisgróður leggja áherslu á val á úrvalsyrkjum og markaðssetningu þeirra.

Verkefnið Yndisgróður er fyrsta verkefni sinnar tegundar á Íslandi þar sem farið er heildstætt í að velja það besta úr íslenskum plöntuefniviði og opnar það jafnframt möguleika á að kynbæta



Feðgar á ferð. Samson Bjarnar með ungan son, Sölva Þór, á opnum degi í Garðyrkjuskólanum.

enn frekar úr þessum úrvalsefniviði og fá plöntur sem eru sérsniðnar fyrir íslenskar aðstæður.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnýtingar

Á dögunum var skilað til Loftslags-samnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto bókunarinnar tölum um losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi árið 2012. Landbúnaðarháskólinn hefur, ásamt Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins, séð um að taka saman upplýsingar sem lúta að losun vegna landnýtingar. Alls var losun vegna landnýtingar árið 2012 706 þúsund tonn CO2 ígilda. Í heildina voru losuð 1517 þúsund tonn CO2 ígilda út í andrúmsloftið en á móti voru bundin 811 þúsund tonn CO2 ígilda með skógrækt (268 þúsund tonn CO2 ígilda) og landgræðslu (543 þúsund tonn CO2 ígilda). Skýrslur um losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi má nálgast á vef loftslags-samningsins (<http://unfccc.int>)

Rannsóknir í nautgriparækt

Átgeta kýrinnar og efnasamsetning mjólkur

Á liðnu ári hófst tilraunaverkefni á Stóra-Ármóti þar sem átgeta íslensku mjólkurkýrinnar er rannsökuð. Jóhannes Sveinbjörnsson, dósent við LbhÍ, segir bráðnaðsynlegt fyrir bændur að vita hvað kýrin étur þannig að hægt sé að gera góðar fóðuráætlanir. Niðurstöður eru nýttar til að bæta fóðurmatskerfið Norfor sem er hannað fyrir mjólkurkýr og er notað í vaxandi mæli í nágrannalöndum okkar. Ekki er hægt að yfirfæra alfarið skandinavískar niðurstöður og því eru vísindamenn að safna saman gögnum um íslensku kýrnar.

„Þegar þessu verki lýkur geta bændur fódrað kýrnar sínar réttar og fengið betri nyt. Þetta er þó ekki einungis spurning um meira mjólkurmagn heldur ekki síður um efnainnihald mjólkurinnar. Í takti við það er næsta áformaða verkefni á þessu sviði rannsókn sem snýr sérstaklega að efnainnihaldi mjólkurinnar,“ sagði Jóhannes. „Það segir sig sjálf að hér spilar fóðrunin aðalhlutverkið. Hvernig á fóðrið að vera svo mjólkinninnihaldi t.d. meira prótein og fitu sem er mjög eftirsótt nú um stundir? Þessi tvö verkefni eru dæmigerð fyrir það sem LbhÍ er að vinna í varðandi nautgriparækt – og niðurstöðurnar geta haft umtalsverð áhrif á atvinnugreinina.“

Þekking á átgetu er lykilatriði

Í allri fóðuraætlanagerð er þekking á átgetu gripanna lykilatriði. Átgeta

ræðst bæði af þáttum tengdum fóðrinu (trénisinnihald, meltanleiki, verunarþættir o.fl.) og þáttum tengdum gripnum (aldur, þungi, staða í framleiðsluferli o.fl.). Í hinu nýja samnoraena fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkýr (Norfor) eru líkingar sem meta át kúa út frá slíkum upplýsingum. Við þróun þeirra líkinga hefur verið stuðst við fáanleg gögn úr mjólkurframleiðslutilraunum. Eðlilega eru þar til mest gögn um stóru mjólkurkúakynin á Norðurlöndum en minni um smærri kyn eins og það íslenska. Eins og fyrr segir þá er nákvæm spá um átgetu mjög mikilvæg ekki síst með tilliti til þess að hámarka notkun gróffóðurs í mjólkurframleiðslunni og stilla kjarnfóðurgjöf sem réttast af.

Lilja Dögg Guðnadóttir ber hitann og þungann af átgetuverkefninu en hún er meistaranemi við LbhÍ. Grétar Hrafn Harðarsson, tilraunastjóri á Stóra-Ármóti, og Jóhannes koma að verkinu ásamt Lilju Dögg.

Aukin neysla á fituríkum mjólkurafurðum

Eins og fyrr sagði er ætlunin að hefja rannsókn næsta haust á áhrifum fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur með sérstaka áherslu á fituinnihald mjólkur. Verkefnisstjóri verður Grétar Hrafn Harðarson. Jóhannes kemur einnig að þessari rannsókn.

Markaðurinn kallar ekki bara á aukna mjólk heldur hefur neysla aukist á fituríkum mjólkurafurðum undanfarin misseri. Veturinn 2013-2014 hefur fituinnihald innvegginnar



mjólkur verið nokkru lægra en undanfarna vetur. Þessi þróun kom fólki í opna skjöldu sem varð til þess að brugðist var seint við og tækifæri töpuðust. Efnasamsetning og eiginleikar fóðurs hafa veruleg áhrif á magn og samsetningu mjólkurfitu. Þessa þætti þarf að skilgreina betur fyrir íslenskar aðstæður svo koma megi í veg fyrir þá erfiðleika sem mjólkurframleiðslan er að glíma við í dag.

Nauðsynlegt er að þekkja þá þætti betur sem stjórna efnainnihaldi í mjólk. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir bændur jafnt sem mjólkuriðnaðinn. Þess er vænst að tilraunin sem hér er lýst auki þekkingu manna á samspili þeirra þátta sem hafa áhrif á efnainnihald mjólkur og nýttist jafnframt til ráðgjafar kúabændum.

Rannsóknaverkefni í sauðfjárrækt

Aukið verðmæti sláturlamba og erfðafjölbreytileiki sauðfjarkynsins

Í mörgu fé er misjafn sauður – getum við aukið verðmæti sláturlambanna?

Meginmarkmið þessa verkefnis er að þróa aðferðir til að hámarka verðmæti dillakjötsframleiðslu. Aðaláherslan er á að hámarka nettóverðmæti hvers lamba sem fæðist að vori, að teknu tilliti til mismunandi kostnaðar við ólíkan burðartíma og sláturtíma. Verkefnið byggist að miklu leyti á nýtingu gagna frá tilraunabúi LbhÍ að Hesti í Borgarfirði.

Leitast er við að svara eftirtöldum spurningum:

Hvað skýrir breytileika í líffunga lamba að hausti? (Burðardagur, kyn lamba, burður (einkl., tvíl., þríl.), gengið (einkl., tvíl., þríl.), aldur móður, o.s.frv.).

Út frá niðurstöðum úr 1. áfanga hvernig má fækka léttu lömbunum með betri „skipulagningu“ sauðburðar og hversu stóran hóp lamba borgar sig að bata miðað við mismunandi forsendur um verðlagningu eftir sláturtíma?

Leitað er svara með tölfraðilegri greiningu skýrsluhaldsgagna og líkanútreikningum sem byggjast á niðurstöðum greininganna og mismunandi forsendum við búskapinn.

Verkefnisstjóri er Jóhannes Sveinbjörnsson dósent við auðlindadeild.

Erfðafjölbreytileiki íslenska sauðfjarkynsins – verndun og hagnýting til kynbóta

Verkefnið snýst um greiningu arfgerða í íslensku sauðfé á s.k. háþéttni DNA örflögu og tengingu svipgerða og arfgerða sem er grunnurinn að því að finna þá erfðabreytileika sem stýra breytilegum svipgerðum innan íslenska sauðfjárstofnsins. Lögð verður áhersla á að tengja saman arfgerðir og eiginleika til vöðvasöfnunar m.a. með því að bera saman ræktað fé og

forystufé. Sá sam-anburður getur einnig veitt upplýsingar um erfðir að baki sérkenna forystufjárins. Nú þegar hefur verið safnað hátt á þriðja hundrað blóðsýnum m.a. af öllum sæðingahrútum undanfarin tvö ár, ræktuðu fé á Hesti og á Ströndum og forystufé víða um land. Erfðafni úr hundrað gripum voru greind í Finnlandi í vetur og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir meistaranemi við LbhÍ dvelur nú í Finnlandi og vinnur úr gögnunum. Verkefnið er unnið í samstarfi við dr. Juha Kantanen prófessor við MTT í Finnlandi. Verkefnisstjóri er Emma Eypórsdóttir dósent við auðlindadeild.



Mikil þörf á auknum tilraunum í jarðrækt

Á undaförnum árum hefur Þorsteinn Guðmundsson prófessor við LbhÍ ásamt fleirum í jarðræktinni og tveimur MS nemum unnið að því að skoða áhrif og afdrif tilbúins áburðar í túnrækt. Þessar rannsóknir byggja að mestu á langtíma áburðartilraunum sem stóðu í áratugi. Þar sem mikill fosfór hefur verið borinn á finnst hann alveg efst í jarðveginum. Í sumum tilfellum hefur heildarmagn fosfórs tvöfaldast í efstu 10 cm jarðvegsins en samt er lítil hætta á að hann skolist til eða valdi vandræðum. Athuganir Þorsteins benda til að nokkuð eða jafnvel mikið af þessum fosfór geti nýst gróðri og það væri spennandi að fylgja þessu eftir.

„Við höfum einnig fundið að tilbúinn áburður á þurrlendistún annað hvort heldur kolefnisforða jarðvegsins við eða eykur hann. Þetta eru mikilvægar og góðar fréttir fyrir bændur sem búa við þurrlendi og byggja sinn búskap á grasrækt. Hinsvegar losnar kolefni úr mýrarjarðvegi og það gengur á hinn mikla forða sem þar er bundinn. Á þessu sviði er þörf rannsókna á því hvernig hafa megi stjórn á kolefni jarðvegsins.“

Samhliða þessum athugunum hefur athyglin beinst að þjónustugrein-ingum á jarðvegi fyrir bændur og aðra ræktendur og hvernig megi nýta þær



sem best til að ráðleggja með áburðargjöf. Það verður að segjast eins og er að grunnurinn að þeim leiðbeiningum er veikur enda var meginmarkmið margra tilrauna með áburð ekki að stilla þær af við greiningar á jarðvegi. Hér er því mikil þörf á áframhaldandi rannsóknum, sérstaklega þegar haft er í huga hversu stór útgjaldaliður áburður er. Þessar rannsóknir hafa

fram að þessu að langmestu leyti náð til aðalnæringarefnanna en ekki til snefilefna, sem þó eru mjög mikilvæg fyrir gróður, menn og skepnur og við þekkjum skort t.d. á brennisteini og seleni. Það væri óskandi að hér kæmu öflugir aðilar inn og bættu úr, því eins og með önnur steinefni koma snefilefnin úr jarðveginum,“ sagði Þorsteinn.



Votlendi við Kárahnjúka.

Endurheimt votlendis

Rannsóknir á votlendi eru meðal áhugaverðra verkefna LbhÍ. Eitt þeirra er samstarfsverkefni um endurheimt votlendis, en samstarfsaðilar LbhÍ eru ISAL og umhverfisráðuneytið.

Hlynur Óskarsson, dósent og deildarforseti umhverfisdeildar LbhÍ, sagði að markmið verkefnisins væri að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis og þróa aðferðir til að meta árangurinn af því. Verkefnið snýst um að finna einfalda þætti, s.s. jarðvatnsstöðu, sem nýst geti til vöktunar svæða og vottunar ár-

angurs. Vekefnið er afar mikilvægt því losun gróðurhúsalofttegunda úr fram-ræstu landi vegur þýngst af öllum losunarþáttum sem tengjast nýtingu lands.

Stefnt er að því að með aðgerðunum verði hægt að endurheimta um fimm ferkílómetra af framræstu landi á samningstímanum og þannig koma í veg fyrir um það bil 2.500 tonna árlega losun af gróðurhúsalofttegundum, enda gefa rannsóknir til kynna að það sé framkvæmanlegt.

Hlynur gat þess jafnframt að margt fleira ynnist með endurheimt votlendis, umfram samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. fjölbreyttara fuglalíf og bættur vatnsbúskapur ár og lækja.

Þá er þess að geta að Hlynur leitar nú eftir bændum sem eru tilbúnir til að taka þátt. „Þáttur bænda yrði fyrst og fremst sá að útvega land og gæta þess. Framkvæmdir á hverjum stað eru að fullu kostaðar af verkefninu.“





Niturjöfnuður í ræktuðum vistkerfum

Hvernig framleiðum við gott fóður með lágmarks áhrifum á umhverfið? Um þetta fjallar doktorsverkefni Þóreyjar Ólafar Gylfadóttur en í því er rannsakað hvernig hægt er að velja saman ólíkar fóðurljósir með mismunandi eiginleika til að fá meiri og betri uppskeru með minni áburðargjöf heldur en með ræktun grasa í einrækt.

Í verkefninu eru bornir saman mismunandi valkostir við nýtingu fóðurbelgjurta í íslenskri túnrækt til að finna þá meðferð sem gefur mesta og besta fóðrið og bætir jafnframt nýtingu niturs og dregur úr umhverfisálagi ræktunarinnar.

Áhrif tegundafjölbreytni og misstórra niturskammta á uppskeru og fóðurgæði hafa verið metin í tilraunareitum þar sem ræktaðar eru tvær grastegundir og tvær smáragundir, ýmist í hreinrækt eða í blöndum þar sem jafnræði milli tegunda er breytilegt.

Þannig er niturjöfnuður í mjög breytilegum reitum borinn saman, allt frá hreinum smáareitum með mjög lága áburðarskammta yfir í hreina grasreiti með mjög háa áburðarskammta og allt þar á milli.

Verkefnið mun gefa nýjar upplýsingar um samspilsáhrif tegundafjölbreytni og nituráburðar á hefing, fóðurgæði, niturnám og niturtap.

Með því að skoða umsetningu niturs og útskolun á sömu reitum skiljum við betur með hvaða hætti nitur tapast úr ræktarlandi og þannig má greina valkosti við nýtingu fóðurbelgjurta í íslenskri túnrækt og áhrif þeirra á niturjöfnuð ræktunarkerfa.



Nám við Landbúnaðarháskóla Íslands

Auðlindadeild / Umhverfisdeild

Þriggja ára BS nám á Hvanneyri í Borgarfirði. Rannsóknatengt MS nám á nokkrum sviðum. MS nám í skipulagsfræði í Reykjavík.

Búvísindi

Haldgóður grunnur í raunvísindum sem byggt er ofan á með sérgreinum landbúnaðarfræða með áherslu á íslenskan landbúnað og sjálfbæra nýtingu landsins

Náttúru- og umhverfisfræði

Fjórar áherslur: Almenn náttúrufræði, náttúrunýting, þjóðgarðar og verndarsvæði, náttúra og saga. Áhersla er lögð á vistfræðilega nálgun

Skógfræði/Landgræðsla

Tvær leiðir: Sjálfbær skógrækt og endurheimt vistkerfa. Fléttað er saman náttúruvísindum, tækni og haggreinum auk landupplýsinga- og landslagsfræða

Umhverfisskipulag

Grunnám í landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum. Mótun umhverfis í stórum og smáum skala með áherslu á vistvænar hönnunarlausnir

Hestafræði

Sameiginleg námsbraut Lbhl og Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Traustur þekkingargrunnur á öllum meginsviðum hestamennsku

Skipulagsfræði

Námsbraut í skipulagsfræði er tveggja ára MS nám með sjálfbæra þróun og sköpun lífvænlegs umhverfis að leiðarljósi. Lögð er áhersla á gagnrýna skipulagshugsun

Starfs- og endurmenntunardeild

Bændaskólinn

Tveggja ára nám á framhaldsskólastigi. Bændaskólinn er á Hvanneyri.

Búfræði

Markmið búfræðináms er að auka þekkingu og færni einstaklingsins til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf

Garðyrkjuskólinn

Tveggja ára nám á framhaldsskólastigi auk verknáms. Garðyrkjuskólinn er á Reykjum við Hveragerði.

Blómaskreytingar

Blómaskreytinganámið veitir nemendum undirstöðuþekkingu í störfum sem lúta að blómaskreytingum og fá þeir innsýn í rekstur blómavarslana

Garðyrkjuframleiðsla: Garð- og skógarplöntubraut

Nemendur eru búnir undir sérhæfð störf á fagsviði garð- og skógarplöntuframleiðslu. Þeir fá undirstöðuþekkingu í framleiðslu allra helstu tegunda garð- og skógarplantna

Garðyrkjuframleiðsla: Ylræktarbraut

Nemendur eru búnir undir sérhæfð störf á fagsviði ylræktar og matjurtaræktunar. Ylræktarnám veitir nemendum undirstöðuþekkingu á framleiðslu allra helstu tegunda í gróðurhúsum

Námsbraut um lífræna ræktun matjurta


Markmið námsbrautar um lífræna ræktun matjurta er að búa nemendum undir sérhæfð störf á fagsviði lífrænnar ræktunar matjurta í gróðurhúsum eða í útiræktun

Skógar- og náttúrubraut

Námið á brautinni veitir nemendum undirstöðuþekkingu í störfum sem lúta að skógrækt, landgræðslu og öðrum landbótum og umönnun umhverfis

Skrúðgarðyrkja

Löggilt iðngrein. Sveinspróf að loknu verknámi. Nýframkvæmdir, umhirða og viðhald garða og grænna svæða. Hellulagnir, hleðslur og önnur mannvirki í umhverfinu



Peik M. Bjarnason verkefnisstjóri við svokallað ICP-tæki (Inductively Coupled Plasma) sem notað er við að greina steinefni í jarðvegs-, mykju- og heysýnum fyrir bændur, einstaklinga og rannsóknafólk á Íslandi.

Á efnarannsóknarstofum Lbhl á Hvanneyri og Keldnaholti eru framkvæmdar ýmsar almennar efnagreiningar á fóðri og jarðvegi en einnig aðrar tilfallandi greiningar er tengjast rannsóknarverkefnum við skólann. Stærstu verkefni eru efnagreiningar á heyi og jarðvegi fyrir bændur og einnig reglulegar efnarannsóknir á loðdýrafóðri fyrir framleiðendur loðdýrafóðurs.

Í rannsóknarhúsi á Hvanneyri er einnig aðstaða til verklegar kennslu í efnafræðigreinum og líffræðingdum greinum. Nemendur í rannsóknarverkefnum sem krefjast sérhæfðs tækjabúnaðar eða aðstöðu geta haft tímabundna vinnuaðstöðu á meðan á verkefni stendur.

Dekkin í verkin

Traktorinn, jeppinn, fjórhjólið og mótorhjólið

Erum með dekk í öllum verðflokkum. Góð ráð og tilboð veita sölumenn okkar í síma **590 2045**



Umboðsmenn um land allt



Cultor Gæðadekk fyrir íslenskan landbúnað



MAXXIS Fyrir jeppann, fjórhjólið og mótorhjólið



BFGoodrich
TAKE CONTROL

TOYO TIRES
driven to perform

Bílabúð Benna
— Sérfræðingar í bílum —

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
Sími: 590 2000

Upplýsingar á benni.is

FRYSTAR

Einfaldir í uppsetningu

Kæli- eða frystiklefar

Allar stærðir í boði

Úrval kælikerfa

Úrval hillukerfa

Íshúsið



Allt í kælikerfið á einum stað

S: 566 6000 | ishusid@ishusid.is | Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

ChitoClear®



NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012



SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Siglufjörður · Sími 460 6900 · info@primex.is · www.primex.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

KATRIN®



Pappír er ekki bara pappír

KATRIN pappírinn færð þú í Besta, Grensásvegi

- Katrin Plus – hágæða pappír fyrir heimili og sumarbústaði
- Vistvænn fyrir rotþrær

EasyFlush® frá KATRIN tryggir gæðin

BESTA – HREYFILSHÚSINU

Grensásvegi 18 | 108 Reykjavík
Sími: 510 0000 | besta@garri.is



Námsbrautarstjóri í búfræði

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan starfsmann til að stýra námsbraut í búfræði við Starfs- og endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Búfræði er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi með námslok á hæfniprepi 3. Þungamiðja námsins er á sviði búfjárræktar, jarðræktar og búrekstrar. Markmið búfræðináms er að auka þekkingu og færni einstaklingsins til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf. Áhersla er einnig lögð á hvers kyns nýsköpun í búrekstri og nýtingu landsins gæða með sjálfbærni að leiðarljósi.

Um er að ræða fullt starf sem felur m.a. í sér faglega umsjón með námsbrautinni, bóklega og verklega kennslu, samskipti við hagsmuna- og samstarfsaðila. Viðkomandi þarf því að hafa viðtæka þekkingu á landbúnaði.

Viðkomandi þarf að hafa háskólagráðu í búvísindum eða sambærilega menntun auk verulegrar reynslu af búrekstri. Starfsstöð námsbrautarstjóra búfræði er á Hvanneyri.

Mikilvægir eiginleikar í starfinu eru m.a. frumkvæði, faglegur metnaður, skipulagshæfileikar og samskiptahæfni, auk ríks vilja til að vinna með ungu fólki í skapandi umhverfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Guðríður Helgadóttir** (gurry@lbhi.is) í síma 843 5314. Umsóknarfrestur er til 19. maí nk. en viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skulu sendar til **Landbúnaðarháskóla Íslands b/t Kristín Siensen, Ásgarði, Hvanneyri 311 Borgarnes** eða á kristins@lbhi.is

Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Aldarafmæli „föður grænu byltingarinnar“

– Minningarhátíð og ráðstefna haldin um dr. Norman Borlaug í Mexíkó

Sólveig Kristín Einarsdóttir býr í Ástralíu með eiginmanni sínum, Lindsay O'Brien hveitisérfræðingi. Þau fóru í lok mars sl. til Ciudad Obregón í Mexíkó til að vera viðstödd ráðstefnu sem haldin var í tilefni 100 ára afmælis dr. Norman Borlaug, Nóbelsverðlaunahafa í landbúnaðarvísindum. Hugmyndir Borlaug um grænu byltinguna hafa haft mikil áhrif um heim allan en hafa samt á síðari árum mætt talsverðri gagnrýni. Sólveig sendi Bændablaðinu eftirfarandi grein um ferðina sem hér er birt í nokkuð styttri útgáfu, en hún segir að ferðin hafi verið afar áhugaverð.

Til Ciudad Obregón í Sonora-héraði í Norður-Mexíkó

Að sumu leyti var það léttir að yfirgefa sveitabæinn okkar í norðvesturhluta New South Wales í Ástralíu þar sem skelfilegur þurrkur hafði ríkt á svæðinu í hálf t.ár. Nautpeningur var allur á gjöf, heybirgðir á þrotum og vatnsbólín að þorna upp, hvergi grænt strá svo langt sem augað eygði. Við létum öðrum eftir að fótta svangan bústofninn og flugum burt. Ferðinni var heitið til Ciudad Obregón á ráðstefnu til heiðurs dr. Norman Borlaug (1914-2009), manninum sem fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1970 fyrir vísindastörf í þágu landbúnaðarins.

Ferðin gekk nokkuð vel þótt seinkun yrði á síðasta fluginu, frá Mexíkóborg til Obregón. Það þýddi að komið var svarta myrkur þegar við lentum. Nú þegar ég horfi út um hótélgluggann á City express á sjöttu hæð sé ég framandi umhverfi; fjöll hulin móðu í fjarska og hús byggð í suðrænum stíl, alveg eins og í teiknimyndasögnum. Engin háhýsi nema e.t.v. þetta hótél og ein önnur bygging. Pálmatré skarta á stangli, limgerði og kaktusar á víð og dreif. Hér býr um ein milljón manna og borgin er sú önnur stærsta í Sonora-fylki. Nafn hennar á rætur að rekja til byltingarmannsins Álvaro Obregón, sem fæddist í Huatabampo. Hann varð forseti Mexíkó í byrjun 20. aldar og boðaði akuryrkjubyldingu í Yaqui-dalnum með því að kynna nútíma tækni og búvísindi.

Vorst er að tala ekki tungu innfæddra því fæstir skilja enskuna. Allt er á spænsku, matseðlar og annað – einnig á hótelinu. Þetta hótél er laust við allan lúxus en afar notalegt. Starfsfólkið brosir og horfir á mig því ég er ljósgráærð og sker mig úr. Bið bara eftir að einhver snerti mig til þess að ég færi því gæfu!

Græna byltingin

Ráðstefnan (25.-28. mars 2014) er haldin í tilefni þess að eitt hundrað ár eru liðin síðan dr. Norman Borlaug fæddist, en hann varð þekktur fyrir óþreytandi starf sitt gegn hungri í heiminum og „Grænu byltinguna“ svokölluðu. Var hann dyggilega studdur af bændum í Yaqui-dalnum þar sem vagga byltingarinnar er, en



Sólveig Kr. Einarsdóttir, dr. S. Rajaram og dr. L. O'Brien.



Fræg mynd af dr. Norman Borlaug úr tímaritinu LIFE.

hún hefur haft stórfengleg áhrif um allan heim.

Sagan hefst þegar mexíkóska ríkisstjórnin, að undirlagi Álvaro Obregón, býður alþjóðlegum rannsóknarhópi hingað um 1945 til þess að bæta fæðutegundir eins og hveiti, maís, kartöflur og baunir. Dr. Norman E. Borlaug var í þessum hópi. Á árunum eftir 1950 tekst Norman að rækta hveititegund sem þarf styttri tíma til að þroskast og eykur uppskeruna. Þetta verður til þess að Mexíkó verður sjálfri sér nóg um hveiti framleiðslu. Þessi sigur verður einnig til þess að CIMMYT rannsóknarstöðin er sett á stofn árið 1966 á um 400 hektara lands. Á árunum 1966-1971 rækta Indland og Pakistan nýju hveititegundirnar, tvöfalda framleiðslu sína og koma þannig í veg fyrir hungursneyð. Græna byltingin var hafin.

Í dag eru hveititegundir frá CIMMYT ræktaðar á meira en 60 milljón hekturum í tekjulágum löndum. Margar hugmyndir Borlaugs breiddust til annarra heimshluta, m.a. Afríku. Milli 1983 og 1985 tvöfaldaðist uppskera á maís og dúrru (sorghum) í þróuðum ríkjum Afríku – árangur af frumkvæði hans. Meira en tíu þúsund vísindamenn alls staðar að úr heiminum hafa notið góðs af þjálfun hjá CIMMYT. Margir sem þar hafa lært, leiða nú almennar eða einkarannsóknaráætlanir alls staðar í heiminum. (Sjá nánar www.cgair.org).



Minnisvarðinn um dr. Norman Borlaug á CIMMYT-rannsóknarstöðinni.



Dansatriði sýnt fyrir ráðstefnugesti.

Fjölmennt ráðstefna

Ráðstefnan er gríðarlega fjölmennt, en á hana mættu rúmlega sex hundruð manns. Hinn mikli áhugi fyrir ráðstefnunni kom forsvarsmönnum CIMMYT hins vegar nokkuð á óvart. Fulltrúar koma alls staðar að úr heiminum og ræður bærinn varla við slíkan fjölda gesta á einu bretti. Hótelin, 23 talsins, voru yfirfull, en

ráðstefnan stóð yfir dagana 25. til 28. mars.

Í Obregón er safn um Álvaro Obregón og annað um sögu Yaqui-indíánana. Styttu af dansandi indíána með eftirlíkingu af dádýrshöfði á höfðinu stendur á aðalgötunni. Einu sinni á ári er haldin danshátíð Yaqui-indíána en því miður ekki meðan við vorum þar. Þá er gróðrarstöð hér rétt hjá þar sem sjá

má ýmsar eyðimerkurplöntur og fleira merkilegt. Þegar maður fer út að ganga er eins gott að líta vel í kringum sig því víða eru gangstéttar ójafnar og svo er verið að vinna að gatnagerð hér og þar. Fólki er ákaflega brosmilt og vingjarnlegt. Nokkuð er um fólki á reiðhjólum en enga hef ég séð með hjálma. Ef maður ekur í fjóra tíma í norður er maður kominn til Bandaríkjanna; tíu tímar í suður færa mann til Mexíkóborgar. Þetta er víst kallaður Pan American Highway.

Við Lindsay snæddum kvöldverð undir pálmatrjám með nokkrum hveitikörlum. Þar voru þrír Ástralir, einn Englendingur, þrír Bandaríkjamenn, einn Mexíkani og ein kerling frá Íslandi. Flestir fengu sér New York-risasteikur, tveir borðuðu risarækjur og kerlingin frá Íslandi fékk sér ljómandi góðan fisk. Við kvöddum snemma en karlarnir stefndu á að fá sér margarítur á góðum stað til þess að tala meira um hveitirækt ásamt öllu því sem henni tilheyrir.

Stytta af dr. Norman Borlaug

Við gengum að styttni af dr. Norman Borlaug. Þar stendur hann á akrinum með hveitiplöntur í höndunum og geislar sólarinnar, meitlaðir í stein, skína að eilífu að baki hans. Frægur mexíkanskur arkitekt hafði teiknað og útfært. Einnig hefur hluta af ösku Borlaugs verið komið þarna fyrir í stóru kerri með fallegri áletrun frá fjölskyldunni. Við skoðuðum líka margs konar innlenda kaktusa, suma risastóra. Ætli ég fari ekki að rækta bara kaktusa heima í garði í Narrabri fyrst það rignir svona sjaldan. Hér er úrkoman um það bil 200 mm yfir árið.

Eyðimerkursólin skein enn glatt á miðvikudagsmorgni þann 26. mars 2014 þegar við tókum rútuna kl. átta beint upp í háskóla, Universidad La Salle Noroeste, Ciudad Obregón. Ég var full eftirvæntingar því ég var búin að fá áhuga á persónunni og vísindamanninum dr. Norman Borlaug, Nóbelsverðlaunahafa. Mikið stóð til þennan dag.

Þetta er einkaháskóli, byggður af forríkum fjölskyldum fyrir u.þ.b. fimm árum og það kostar sitt að stunda þarna nám. Ráðstefnusalurinn var til dæmis byggður af ríkum kjúklingabændum. Einkar glæsilegur salur með öllum hugsanlegum tækniútbúnaði og rúmar vel alla gestina í sæti. Allt umhverfið utan dyra minnir á freistandi auglýsingar af sumarleyfisstöðum víða um heim; gosbrunnar og rennandi vatn, pálmatré og gróður. Salurinn fyllist af fólki og þriggja daga dagskrá er þar með hafin. Forstjóri CIMMYT setur ráðstefnuna og rektor háskólans biður fólki velkomið. Fyrsta daginn er fjallað um Grænu byltinguna þar sem ævi og starf Borlaugs er miðpunkturinn, á morgun verður rætt um: Hvers vegna hveiti skipti máli fyrir heiminn og síðasta daginn verður: Litið fram á veginn. Sendiherrar Indlands og Ástralíu eru viðstaddir setninguna.

Við hlýddum á Jeanie, dóttur Borlaugs, flytja endurminningar úr æsku sinni á myndbandi. Hún sagði skemmtilega frá föður sínum og þeim systkinunum sem ólust upp við tvo menningarheima, þann mexíkóska og þann spænska. Hún kvað föður sinn aldrei hafa hætt að kenna og það mikilvægasta sem hún lærði af honum var að menntun er hið veigamesta í lífinu.

„Það sem þú lærir getur enginn tekið frá þér; þú getur misst allar þínar eigur en menntunin „blívur“ í höfðinu þínu“. Einnig flutti indverskur samstarfsmaður Borlaugs ræðu af myndbandi, en hann var orðinn of gamall til að ferðast. Þeir Borlaug höfðu hist árið 1954 og var sá indverski þá að vinna við kartöflurækt. Um svipað leyti dóu um tíu milljónir manna á Indlandi úr hungri. Sýndar voru



Dr. Jesse Dubin, dr. Perry Gustafson og dr. John Snape.



Universidad La Salle Noreste.



Setið til borðs í einni skemmunni á CIMMYT.

á tjaldinu gamlar ljósmyndir af Borlaug að starfi en þetta tjald var óspart notað alla dagana af öllum fyrirlesurum.

Þá hlýddum við á ræðu dr. Sanjaya Rajaram, sem er góður vinur okkar hjóna og býr í Mexíkó. Raj, eins og hann er kallaður, hefur ræktað yfir 400 tegundir af hveiti og er mjög frægur. Raj hefur afar þægilega rödd og talar skýrt. Hann sagði skemmtilega frá enda vann hann með Borlaug í mörg ár eða frá 1972. Hann lýsti hvernig Borlaug gat starfað með öllum, háum sem lágum; hann ofmetnaðist ekki af verðlaunum sínum sem voru fjölmörg heldur hvatti til þess að aðrir fengu verðlaun líka. Borlaug bar með sér sigurvissu og sjarma; svo fullur af orku en gleymdi heldur aldrei að tala við unga fólkið. Raj sagði líka að það væri ótrúlegt hve mikið af tequila Borlaug hefði getað drukkið, borðað stórar steikur að kveldi og samt verið á fullu í vinnunni næsta dag! Borlaug hefði haft gaman af að segja klúra brandara úti á akrinum og svo flautaði hann með fuglunum. Styttur af Borlaug eru víða um heim og hann hefur kveikt áhuga á kynbótum korns hjá fjölmörgum vísindamönnum. Borlaug hafði upplifað kreppuna miklu í Bandaríkjunum sem ungur maður og barðist síðan eins og fimm stjörnu herforingi gegn hungri í heiminum! Lauk Raj ræðu sinni á að segja frá því hvernig Borlaug breytti klæðnaði vísindamannanna úr því að vera í jakkafötum og með

bindi úti á akrinum í það að vera í gallabuxum og bol. Tölu Rajarams var ákaft fagnað.

Seinna um daginn var m.a. flutt ræða um „Hvers vegna næsta byrlint verður brún“ og fjallaði hún um moldina, hvernig best sé að varðveita náttúrulega eiginleika hennar og vernda hana.

Ég hlustaði á dr. Tony Fischer og heyrði um nýja bók hans og tveggja annarra vísindamanna þar sem á rúmlega 600 blaðsíðum er samankominn mikill fróðleikur. Heitir ritið „Crop yields and global food security: will yield increases continue to feed the world?“ eftir Tony Fischer, Derek Byerlee og Greg Edmeades.

Á fimmtudagskvöldinu var glæsilegur kvöldverður á svæðinu fyrir framan háskólann. Þá voru hvítúkuð borð úti við, nóg af vatni, gosi, bjór og rauðvíni, nægur matur og frábær þjónusta fyrir gestina. Hér virðast karlmenn vera yfirgnæfandi í þjónustuhlutverkinu. Á undan matnum var skemmtileg menningardagskrá. Dansar og söngvar frá hinum ýmsu héröðum Mexíkó; með spænskum áhrifum. Búningarnir voru framúrskarandi litskrúðugir og fallegir. Einn dansinn var dans með sverðum, menn sem „börðust“ með stuttum sverðum, og annar þar sem pörin dönsuðu með bakka með glösum á höfðinu. Engin stórslys urðu við þetta.

Skemmtilegasta og síðasta kvöldið okkar var föstudagskvöld þar sem dr. Perry Gustafson og fjölskylda, við

Lindsay, dr. Tony Fischer, Derek Byerlee (báðir frá Ástralíu), Mark frá New York, dr. Jesse Dubin frá USA, þrjár konur sem ég þekkti ekki og dr. David Bonnett fylltum litlu veitingastofuna þangað sem við höfðum vanið komur okkar. Þar eru engar tvær gardínur eins, allur borðbúnaður úr plasti og engir dúkar. Maður fær plastgaffal ef maður biður um hann, eins þarf að biðja um glös og koma þau þá kæld, sem er ljómandi gott í hitanum. Ljósmyndir af gestum staðarins gegnum tíðina þekja veggina ásamt fánum Mexíkó og Bandaríkjunum. Við borðum hveititortillas (ekki maís) með höndunum, en það besta við þær er avókadómaukið sem fylgir. Auk þess fylgja súrsaðar gulrætur, ferskar agúrkur, laukur, sterkt tómatamauk og eitthvað óþekkt. Við höfum öll sloppið við magapest. Úti í horni sat þéttvaxinn maður með gítarinn sinn, lék og söng af hjartans lyst. Eftir matinn dönsuðum við Jesse við fögnuð viðstaddra enda eina parið á gólfinu sem í besta lagi hefði tekið þrjú pör. Jesse er örugglega hátt á áttarðisaldri, fullur af lífi og fjöri, fróðleik og áhuga. Mark lítur út eins og hann sé ættaður úr Breiðholtinu; kvæntur með tvo uppkomna syni sem báðir eru líffræðingar. Vinnur annar þeirra við rannsóknir á Alzheimer og Parkinsons sjúkdómunum. Að öðru leyti snerust umræðurnar um hveiti eins og við var að búast. Úti fyrir brunaði umferðin með hávaða og látum enda liggur líf manns við í hvert sinn er maður fer yfir götu.

Við morgunverðarborðið síðasta daginn voru hjartnæm kveðjuaugnablik því margt af fólkinu er orðið mjög fullorðið og enginn veit hvenær lífsins göngu lýkur.

Heimferðin gekk snurðulaust þótt við hefðum áhyggjur af því að mexíkönsku vélarnar væru yfirbókaðar en nokkuð hafði borið á því. Sjálf heimkoman var dásamleg. Rígt hafði eina 170 mm í norðvesturhluta New South Wales meðan við vorum í burtu og jörðin var tekin að grænka og blómstra. Nú þyrftu kýrnar ekki að vera svangar lengur.

Sólveig Kr. Einarsdóttir og dr. Lindsay O'Brien.



Starfsmaður við hestabú Háskólans á Hólum

Háskólinn á Hólum óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf við hestabú skólans. Starfið felst meðal annars í daglegri umhirðu hesta, viðhaldsvinnu í hesthúsum, almennum bústörfum og samskiptum við nemendur skólans.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af vinnu við hesta. Hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæði í vinnubrögðum og samstarfsvilji eru mikilvæg. Menntun í hestafræðum eða á sviði landbúnaðar er kostur. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags við ríkið.

Umsóknarfrestur er til 30. maí, 2014. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Eysteinn Steingrímsson bústjóri í síma 898 6648 eða Sveinn Ragnarsson deildarstjóri hestafræðideildar í síma 455 6300. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá til Háskólans á Hólum, 551 Sauðárkrókur eða á netfangið umsóknir@holar.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Þeir bjóða hryssurnar velkomnar!

Gaumur
Aðaleinkunn: **8,69**
Bygging: **8,13**
Hæfileikar: **9,05**

Frá Auðsholtshjáleigu
IS2001187053
Mynd: Þórunn Eyvindsdóttir

Gári
Aðaleinkunn: **8,63**
Bygging: **8,87**
Hæfileikar: **8,47**

Frá Auðsholtshjáleigu
IS1998187054
Mynd: Gabriela Boisselle

Gígjar
Aðaleinkunn: **8,46**
Bygging: **7,98**
Hæfileikar: **8,78**

Frá Auðsholtshjáleigu
IS2000187051

Hrafnar
Aðaleinkunn: **8,46**
Bygging: **8,08**
Hæfileikar: **8,72**

Frá Auðsholtshjáleigu
IS2007187017

Kristall
Aðaleinkunn: **8,31**
Bygging: **8,40**
Hæfileikar: **8,24**

Frá Auðsholtshjáleigu
IS2001187053
Mynd: Kristbjörg Eyvindsdóttir

Sproti
Aðaleinkunn: **8,26**
Bygging: **8,43**
Hæfileikar: **8,15**

Frá Enni
IS2008159455
Mynd: Jens Einarsson

Sveinn-Hervar
Aðaleinkunn: **8,25**
Bygging: **8,06**
Hæfileikar: **8,38**

Frá Þóru
IS1994184533

Toppur
Aðaleinkunn: **8,49**
Bygging: **8,48**
Hæfileikar: **8,50**

Frá Auðsholtshjáleigu
IS2007187018
Mynd: Kristbjörg Eyvindsdóttir

Vals
Aðaleinkunn: **7,93**
Bygging: **8,14**
Hæfileikar: **7,78**

Frá Auðsholtshjáleigu
IS2009187015
Mynd: Kristbjörg Eyvindsdóttir

Stóðhestarnir okkar eru farnir að taka á móti hryssum!

Frábærir stóðhestar sem margir hverjir hafa sannað sig sem úrvals ræktunargripir.

Notkun Grænhóll/Auðsholtshjáleiga

Toppur eftir LM: Hrossaræktarfélag Hrunamanna.
Sigurður Haukur Jónsson • 894 3059 • skollagrof@skollagrof.is

Sveinn-Hervar Hrossaræktarfélag Austur Landeyja Efri Úlfstöðum.
Birgir Æ. Kristjánsson • 693 1264 • hvolsdekk@gmail.com
Sigurður Jónsson • 893 7970 • hesteyri@hotmail.com

Hrafnar Þingeyri, Húnavatnssýslu.
Magnús Jónsson, Steinnesi • 897 3486

Gígjar Skagafjörður.
Sigurgeir Þorsteinsson • 453 8182 • 895 8182 • sigurg@krokur.is

Nánari upplýsingar um notkun þeirra má nálgast á **www.horseexport.is**, í síma **8920344 / 5573788** eða e-mail: **gunnara@simnet.is**



GUNNAR ARNARSON EHF
HROSSARÆKT - SALA - ÚTFLUTNINGUR

www.horseexport.is • gunnara@simnet.is • Sími: 8920344 / 5573788

Sveitarfélög og svæðisbundin fjölmiðlun

Svæðisfjölmiðlun er mikilvæg fyrir samskipti íbúa, þróun lýðræðis og sköpun sjálfsmyndar. Aðgangur að upplýsingum um samfélagið og möguleiki til þátttöku í umræðum um þróun þess hafa sérstaklega verið tilgreind meðal mikilvægra þátta í lífsgæðum í dreifðari byggðum. Það skiptir máli að hafa „eigin rödd“ sem ber á borð málefni samfélagsins og skapar samtal um mál sem kannski hafa litla þýðingu á landsvísu – og koma ekki til umræðu á þeim vettvangi – en geta skipt íbúa í ákveðnum byggðarlögum eða landshlutum miklu máli.

Styrkur „eigin raddar“ felst ekki aðeins í fjölda svæðismiðla heldur ekki síður í gerð þeirra. Ljósvakamiðlar hafa í þessu tilliti ákveðið forskot yfir prent- og netmiðla. Þjónusta starfandi ljósvakamiðla við landsbyggðina í samtímanum er hins vegar mjög takmörkuð. Þeir sinna upplýsingahlutverki að vissu marki en litlu sem engu aðhalds- og umræðuhlutverki og hafa því lítið vægi fyrir svæðisbundið lýðræði.

Lýðræðishlutverk fjölmiðla

Það er óumdeilt að fjölmiðlar þjóna hlutverki í lýðræðislegri umræðu. Hvernig það hlutverk er skilgreint og hvernig því er best sinnt er hins vegar umdeildara. Eigi almenningur að geta myndað sér upplýstar skoðanir á samfélagsmálum þarf hann að hafa aðgang að sem gleggstum upplýsingum um þá valkosti og þau sjónarmið sem tengjast hverju viðfangsefni. Í þeim efnum spila hefðbundnir fjölmiðlar veigamikið hlutverk, bæði svokallaðir landsmiðlar (sem leitast við að þjóna landinu öllu, t.d. RÚV, Morgunblaðið og DV) en einnig svæðismiðlar. Þeir skapa opið rými fyrir upplýsingadreifingu og umræðu sem er miðlægari en umræða á samskiptavefjum.



Hrafnkell Lárusson

Síðastliðið ár hef ég (á vegum Háskóla Íslands) stundað rannsókn á svæðisbundinni fjölmiðlun, þróun hennar og hlutverki. Sú rannsókn dregur skýrt fram mikilvægi svæðisfjölmiðla fyrir þróun lýðræðis í nærsamfélagi, ekki síst opinna umræðu um sveitarstjórnarmál á landsbyggðinni. Lýðræði byggist á virkri þátttöku íbúanna (einkum íbúalýðræði) og að þeir geti með upplýstum hætti tekið þátt í að móta tillögur um mál er varða þá og nærumhverfi þeirra. Svæðisfjölmiðlun er þó ekki bundin við dreifbýli, slíka fjölmiðlun má einnig finna í þéttbýli og eru bæjar- og hverfisblöð dæmi um slíkt.

Fjölmiðlar þjóna þremur meginhlutverkum; aðhalds-, upplýsinga- og umræðuhlutverkum. Öll skipta þau máli fyrir þróun og viðhald lýðræðis.

Með nokkurri einföldun má lýsa muninum á svæðismiðlum og landsmiðlum með eftirfarandi hætti: Þeir svæðisbundnu dreifa upplýsingum innan svæðis og skapa þar umræðu. Landsmiðlar segja þeim sem búa utan viðkomandi svæðis hvað er að gerast þar. Það

hlutverk er vissulega mikilvægt en gerir lítið fyrir lýðræðislegt samtal á svæðinu. Þessi skipting er þó ekki alltaf skýr því hér á landi starfa landsmiðlar í raun sem svæðismiðlar fyrir sitt nánasta umhverfi.

Frá almannaðjónustu til afþreyingar

Samfelld og skipuleg dreifing upplýsinga, aðhald gagnvart valdi og opin lýðræðisleg umræða er nauðsynleg fyrir öll samfélög – fjölmenn sem fámenn. Hlutverk fjölmiðla er þar fyrst og síðast að veita upplýsingar um frambjóðendur og málefni og vera vettvangur umræðu. Meðan starfsstöðvar RÚV á landsbyggðinni stóðu fyrir svæðisbundnum útsendingum sinntu þær þessum hlutverkum fyrir sín svæði. Á vettvangi þeirra var stofnað til samtals og skoðanaskipta um ýmis málefni, t.d. skipulags- og skólamál einstakra byggðarlaga eða umhverfis- og atvinnumál heils landsvæðis. Þar skapaðist á tíðum öflug umræða um samfélagsmál viðkomandi svæðis, sem hafði mikla þýðingu fyrir íbúana en takmarkaða skírskotun út fyrir svæðið.

Þróun í fjölmiðlun hér á landi og í nágrannalöndunum dregur dóm af aukinni markaðsvæðingu þar sem skemmtun og afþreying er að ryðja fræðslu og upplýsingagjöf til hliðar. Haldi þessi þróun áfram í sömu átt mun það leiða til einsleitar efnistaka, þar sem umfjöllun um málefni sem ekki þykja „skemmtileg“ eða „söluleg“ – t.d. sveitarstjórnarmál, félagsleg mál og heilbrigðismál – lætur undan síga fyrir léttara og sölulegra efni, þ.m.t. ýmiss konar vöru- og þjónustukynningar eða „lífsstílsumfjallanir“.

Þingsályktunartillaga

Það er ekki algildur mælikvarði á mikilvægi málefna hvort það sé mat rittstjórna eða einstakra

frétta- og dagskrárgerðarmanna hvort efnið eigi erindi til allra landsmanna eður ei. Málefni með þrönga skírskotun geta haft mikið gildi fyrir samfélög, en mál með víða haft litla. Það er því brýn þörf að skapa sterka vettvanga um allt land fyrir lýðræðislega umræðu, fréttamiðlun og upplýsingadreifingu í nærsamfélagi. Ef fólk hefur ekki greinargóðar fréttir af heimasvæði sínu veikir það samfélagin.

Veturinn 2004-2005 var lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga þess efnis að kannað yrði með hvaða hætti (beinum eða óbeinum) ríkisvaldið gæti stutt við svæðisbundna fjölmiðla svo þeir gætu eftl lýðræðislega umræðu á sínu svæði.

Þrjú meginrök komu fram í umræðunni til stuðnings tillögunni. Í fyrsta lagi að svæðisbundnir miðlar væru mikilvægir fyrir innri umræðu í samfélögum. Í öðru lagi að styrkja ætti miðla sem mættu ákveðnum ritstjórnarlegum kröfum. Og í þriðja lagi væri svæðisfjölmiðla þörf sem vettvangs skoðanaskipta og upplýsingadreifingar vegna fyrirsjáanlegrar sameiningar sveitarfélaga og hættu á að með fleiri íbúum í nýju sveitarfélögunum ykist frjálgðin milli íbúa og stjórnsýslu.

Þingsályktunin fór í gegnum fyrstu umræðu og var að henni lokinni samþykkt með 46 samhljóða atkvæðum. Seinni umræðan náði ekki að fara fram fyrir þinglok og málið dagaði uppi.

Sveitarfélög og fjölmiðlar

En hvað geta sveitarfélögin gert til að efla fjölmiðlun og lýðræðislega umræðu á sínu svæði?

Þau geta ákveðið að styðja markvisst við svæðisbundna fjölmiðlun. Í því skyni er mikilvægt að sveitarfélög komi sér upp fjölmiðlastefnu. Hún þarf ekki að vera flókin eða langorð. Gæti t.d. miðast við tvö meginatriði. Annað

væri almennar siðareglur fyrir kjörna fulltrúa og embættismenn sveitarfélaga varðandi umgengni við fjölmiðla, þar sem leitast væri við að bæta flæði upplýsinga og girða fyrir óeðlileg afskipti af fréttum og umfjöllun. Hitt væri að sveitarfélög styrki upplýsingadreifingu og umræðu á sínu svæði með því að beina auglýsingum (t.d. um framkvæmdir, reglu- eða þjónustubreytingar) í fjölmiðla sem innihalda ritstjórnarefni. Í dag rata slíkar auglýsingar oftast en ekki í landsmiðla, sem sinna viðkomandi sveitarfélagi kannski tilviljunarkennt eða lítið, eða þær birtast í vikulegum auglýsingabæklingum sem innihalda ekkert ritstjórnarefni en hafa góða dreifingu.

Með fjölmiðlastefnu myndu sveitarfélögin efla fjölmiðlun á sínu svæði og uppskera vonandi öflugri samfélagsumræðu og þátttöku. Slíkt mætti líka nota til að þrýsta á ríkið að gefa nærfjölmiðlun meiri gaum. Það er undarleg staða að stofnanir ríkisins, t.d. ráðuneyti eða sýslumannsembætti, styrki ákveðna landsmiðla með því að beina flestum sínum auglýsingum til þeirra. Einkum verður þetta sérkennilegt varðandi auglýsingar sem eiga við svæði á landsbyggðinni þar sem svæðisfjölmiðlar hafa mun meiri útbreiðslu og lestur.

Sú þróun sem hér er lýst (og varað er við) gerist hægt en ekki í stökkum. Vandamálið við slíka þróun er að oft varar fólk sig ekki á henni fyrr en hún hefur gengið svo langt að ekki er aftur snúið. Standa þarf gegn því að markaðsvædd afþreying taki yfir fjölmiðlana meir en orðið er og ryðji burt umfjöllun og umræðu um mikilvæg samfélagsmál. Þetta er stórt hagsmunamál fyrir íslenskt samfélag.

Hrafnkell Lárusson
sagnfræðingur og verkefnisstjóri hjá Háskóla Íslands.

Hvernig drepast plöntur í svellkali og hvers vegna berst lykt frá svellunum?

Kalskemmdir hafa á síðustu áratugum að mestu verið bundnar við tún bænda, aðallega á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Nú hafa hins vegar kalskemmdir orðið talsverðar á grasflötum ípróttavalla á höfuðborgarsvæðinu. Þetta tengist svellalögum sem hafa verið meiri en venjulega á túnun og ípróttavöllum. Menn, bæði til sjávar og sveita hafa fundið sérkennilega lykt stíga upp þegar svellin bráðna. Hafa sumir nefnt þetta rotnunarlykt en ég hef kallað ilminn kal-lykt. Íslenskar rannsóknir hafa sýnt hvað gerist þegar grös drepast undir svellum og gefur útbreiðsla svellkals í ár tilefni til að kynna feril svellkals.

Plöntur verða fyrir margs konar álagi yfir veturinn. Tré verða helst fyrir frostkali en grös og annar lággróður skemmist helst af svellkali. Svellkal hefur verið algengara í túnun á Íslandi en víðast annars staðar og skapast það aðallega af sveiflukennndri veðráttu. Snjór bráðnar í vetrarhlákum og krapinn frýs síðan í svell þegar hlákurinn lýkur. Fjölærar plöntur, eins og flest túngrös, þurfa að anda yfir veturinn, en öndunin er hæg vegna lágs hitastigs. Engu að síður anda þau og öndunin gengur

út á það að þau nota súrefni til að brenna kolvetnum, orkuforðanum, sem þau söfnuðu við hörðnun að hausti og brjóta þennan forða niður í koltvísýring og vatn. Þetta er líkt og flestar lífverur, þar á meðal við, gera við öndun.

Þegar gegnheil svell leggjast yfir plönturnar gerist þrennt afdrifaríkt. Í fyrsta lagi nota plönturnar upp allt súrefni í svellfrosnu umhverfi sínu. Í öðru lagi verða grösín í súrefnissnauðu umhverfinu að breyta hefðbundinni öndun í svonefnda loftfirrða öndun, en þá myndast ekki lengur bara koltvísýringur og vatn heldur einnig etanól og ýmsar lífrænar sýrur, svo sem mjólkursýra. Í þriðja lagi getur plantan ekki losað sig við þessi öndunarefni og sum þeirra safnast upp í umhverfi plöntunar allt að eitrunarmörkum. Uppsöfnunin verður meiri eftir því sem svellin liggja lengur. Það getur endað með því að frumuhimnur í vaxtarsprotanum skemmist, frumurnar drepast sem leiðir til þess að plantan drepst. Efnin sem myndast við þessa loftfirrðu öndun, efnin sem mynda svonefnda kal-lykt, eru meðal annars etanól, mjólkursýra, eplasýra, maurusýra, ediksyra og smjörsýra. Það er athyglisvert að þetta eru sömu efni og mælast í rúlluböggum, enda eru grösín þar



Svell á túni.

pökkuð í loftþétt plast. Þau anda og fljótlega fara þau líka í loftfirrða öndun og gefa frá sé súrsætan ilm, sambærilega við kal-lyktina.

Skemmdir geta orðið mismiklar vegna þess að svellin eru misþétt. Þol plantna gegn svellþoli er mjög mismunandi og hefur þumalfingurreglan verið sú að íslensk túngrös þoli allt að þriggja mánaða svell. Hins vegar þola grös í ípróttavöllum styttri svellatíma, kannski bara 1,5-2 mánuði, meðal annars vegna þess að þau eru veikluð eftir traðk, síslátt og mikla áburðarnotkun.

Segja má að skemmdir af völdum svellkals séu eins konar

náttúruhamfarir, sem geta valdið tjóni á stóru svæði. Menn geta lítið gert, en þó hafa menn reynt að rjúfa langæ svell með sérstökum svellbrjótum eða þungavinnuvélum. Oftast nægir að rjúfa langvarandi svell einu sinni til að hleypa súrefnisríku loftinu að og hleypa öndunarefnunum út. Það verður auðvitað að gera áður en plönturnar fara að drepast. Vetrarhlýnun loftslagsbreytinganna ætti að gefa vonir um að svellkal á láglendi á Íslandi verði fátíðara eða hverfi í framtíðinni.

Það er sameiginlegt hagsmunamál bænda og ípróttavallastarfmanna að auka svellþol grasanna sem þeir nota. Því miður hafa kynbætur á

grösum hérlandis í átt að auknu svellþoli litlu skilað.

Bjarni E. Guðleifsson.

Heimildir:

Bjarni E. Guðleifsson, 1997. *Öndun grasa undir svellum. Ráðunautafundur 1997, 143-151.*
Bjarni E. Guðleifsson 1994. *Metabolite accumulation during ice encasement of timothy grass (Phleum pratense L.). Proceedings of the Royal Society of Edinburgh 102B 373-380.*
Þóroddur Sveinsson og Bjarni E. Guðleifsson. *Gerjun í rúlluhevi. Ráðunautafundur 1996, 143-156.*

Heimalningar – böll eða blessun?

Því miður eru til nokkrar hjartalausar manneskjur sem telja heimalninga enga sérstaka blessun og nenna ekki að leggja mikið á sig til að þeim geti liðið sem allra best. Jafnvel fyrirfinnst fólk sem telur eðlilegt og sjálfsagt að heimalningarnir séu með drullu sumarlengt. Þessari grein er fyrst og fremst beint til þeirra sem ekki eru þannig gerðir en mig langar að kynna fyrir því fólk nokkur ráð sem ég hef reynt til hagsbóta fyrir mína heimalninga.

EKKI gefa heimalningunum úr túttufötu. Það getur virst fljótlegt og þægilegt þegar lömbin eru mörg en þessi aðferð er afar óhentug þegar betur er að gáð. Lömbin drekka mjög mis hratt. Með því að gefa úr fötu fá sum of lítið og þrífast illa. Önnur drekka of mikið og geta fengið drullu eða hreinlega drepist. Þegar lambið drekkur meira en kemst í vinstrina, fer mjólkinn yfir í hina magahlutana með þessum afleiðingum. Líklega er þó óhætt að gefa úr túttufötu ef fóðrað er með súrmjólk og aðgangur er frjál.

Ármann á Svínafelli sagði mér þetta með túttufötuna. Hann hafði það eftir Ragnheiði grannkonu sinni og það sem sú kona hefur að segja um sauðfjárrækt er satt. Ég hef drepíð heimalning með túttufötu og það ætla ég ekki að gera aftur. Hæfilegur mjólkurskammtur fyrir lamb er ekki meira en 300 ml í mál, þó að það stálpist. Gott er að gefa þrisvar eða fjórum sinnum á dag fyrst í stað (minni skammt að sjálfsögu ef lambið er lítið og torgar ekki fullum pela) en kvölds og morgna dugar þegar kemur fram á sumar. Mjólkinn má ekki vera köld.

Hægur vandi er að hafa mátulega heita, góða mjólk handa heimalningunum eftir að mjólkurduft fyrir lömb fór að fást. Gætið þess að fylgja leiðbeiningum um blöndun drukksins. EKKI reikna út hvað þetta kostar. Kúabændur geta notað kúamjólk en hún má ekki vera hálfkalt eða vatnsþynnt sull.

Mér finnst best að gefa lömbunum úr pela ætluðum ungbörnum, stærri gerðinni. Þeir eru hæfilega stórir og heimalningarnir eru mjög hrifnir af að vera gefið þannig. Vesalings móðurleysingjarnir þurfa líka á ást og umhyggju að halda, ekki bara mjólk. Svöltil stund með lömbunum eftir að þeim er gefið er tími sem enginn ætti að sjá eftir.

Ef þú þolir ekki að lesa meira, ert þú örugglega einn af þessum hjartalausum, en næsta ráð ætti samt að henta þér.

Heimalningar eru frægir fyrir að hanga heima við bæ og elta fólk í tíma og ótíma, jarmandi og rellandi. Til að lömbin venjist ekki á að sækja í mannsrödd hringi ég bjöllu þegar ég kem að gefa þeim. Þetta þarf að gera í nokkra daga áður en þeim er leyft að vera lausum úti. Þegar hópurinn er kominn út, nægir að hringja bjöllunni

til að kalla þau til sín. Sé þetta alltaf gert áður en heimalningunum er gefið, sækja þeir mikið síður í að elta fólk utan gjafatíma og skipta sér ekki af því þó að mannsrödd heyrir í grenndinni. Engu ætti að skipta hvaða hljóð er notað, annað en mannsrödd, ef það er greinilegt og einkennandi og alltaf það sama.

Auðvitað fara heimalningar allt sem þeir komast, ekki síður en aðrir. Svo það er ekki þeim að kenna þó að þeir komist þangað sem þú hefur ekki girt.

Bestu kveðjur.
Sigríður Jónsdóttir
Arnarholti.



Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti.

Rúlluplast, bindigarn og net FORSALA 2014

Plast, garn og net Verðlisti - FORSALA 2014

		Staðgreiðsla	Greiðslufrestur
		Verð án VSK	Verð án VSK
VISQUEEN rúlluplast 75 cm	Hvitt / Grænt / Svart	11.100,-	11.600,-
VISQUEEN rúlluplast 75 cm	Hvitt - án hlífðarpakkningar	10.950,-	11.445,-
VISQUEEN rúlluplast 50 cm	Hvitt / Grænt	8.900,-	9.400,-
Piippo MagicBlue net	1,23 m x 3100 m	22.100,-	23.430,-
Piippo MagicBlue net	1,30 m x 3100 m	21.500,-	22.790,-
Piippo HYBRID net	1,23 m x 4000 m	27.300,-	28.940,-
Piippo rúllubindigarn	1000 m/kg (5 kg hnota)	2.020,-	2.140,-
Piippo baggabindigarn	400 m/kg (5 kg hnota)	2.020,-	2.140,-
Piippo ferbaggagarn	130 m/kg (9 kg hnota)	3.470,-	3.680,-
KRONE ferbaggagarn	110 m/kg (10 kg hnota)	4.400,-	4.665,-

GREIÐSLUSKILMÁLAR ef pantað er fyrir 1. maí:

STAÐGREIÐSLA: Staðgreiðsla eða greiðsla við móttöku greiðsluseðils.

GREIÐSLUFRESTUR: 2 gjald dagar - 15. júlí og 15. október 2014.

50% greiðist 15. júlí 2014 og eftirstöðvar greiðast 15. október 2014.



PIIPPO



Finnska PIIPPO bagganetið og bindigarnið þekkja Íslenskir bændur af yfir þriggja áratuga frábærri reynslu. PIIPPO er leiðandi framleiðandi á sínu sviði og net og garn frá PIIPPO hefur ávallt verið í hæsta gæðaflokki.

VISQUEEN POLIWRAP

VISQUEEN 5-laga rúlluplast í hæsta gæðaflokki, framleitt í Bretlandi eftir ströngustu kröfum úr besta fánlega hráefni. VISQUEEN rúlluplast hefur verið notað af íslenskum bændum í mörg ár með frábærum árangri. Hentar jafnt á rúllur sem stórbagga. Eitt vandaðasta plastið sem völ er á í dag.



ELGO Rafmagnsfjallahjól

Verð kr. 188.900,-
ELGO Grænn fararmáli framtíðar.

ELGO RAFMAGNSFJALLAHJÓLIN VINSELU TIL AFGREIÐSLU STRAX

SUZUKI UMBODIÐ EHF

SKEIFAN 17 5-565-1725 SUZUKI@SUZUKI.IS SUZUKISPORT.IS

Lesendabás

„Project Henry“

Á vormánuðum 2013 heyrði ég af manni á Ísafirði, Henry, sem sótti um leyfi til síns bæjarfélags að taka að sér, í sjálfboðavinnu, spildu í nágrenni við heimili hans. Spilda þessi var í örækt en bauð upp á annað. Hann fékk leyfið, hreinsaði til, setti upp bekk og borð, gróðursetti og nú er þetta „áningarstaður“ gangandi vegfarenda.

Ég fór þá að hugsa hvort ég gæti gert það sama fyrir Lækinn í Hafnarfirði og fuglalífið þar en ég er faðir fjögurra barna og hef iðulega í gegnum árin farið þangað með börnin. Sendi erindi á Framkvæmdasvið bæjarins og fékk leyfið. Verkefnið fékk vinnuheitið, og facebookarsíðuna, Project Henry. Ég leitaði til nokkurra aðila eftir styrk vegna efniskaupa og Byko og Lífland brugðust vel við þeirri beiðni. Ég byrjaði á því að fara út í hólmana sem eru milli Hörðuvalla og Austurgötu, hreinsaði þar til, sáði grasfræjum og setti áburð. Rak niður staura og strengdi grænt girmi á milli til að mynda „loftvörn“ og sett nýtt hey í húsin. Fylgdist ég svo með og sá að girmið var að virka því mávurinn var ekki að setjast í hólmana, heyið féll í grýttan jarðveg því það leið ekki nema dagur þá voru þær búnar að moka því út úr húsunum. Svo tók við bið. Maí og júní. Fljótlega áttuðum við okkur á því að „stíflur“ sem stýra vatnhæðinni, ofan við Hverfisgötu og svo Austurgötu voru þröskuldar fyrir unga sem væru komnir niður fyrir. Settum við því steina við þær til að mynda þrep þannig að ungarnir kæmst til baka og sáum að það virkaði. Ef ungi fór niður fyrir þessar stíflur, áður en þrepin komu, þá gerðist það að öndin og hinir ungarnir fóru á eftir. Eftir að þrepin komu þá snéru ungarnir aftur upp á Læk.

Ég kom að jafnaði við tvisvar á dag til að fylgjast með og var farinn að veita máví athygli sem settist á stóra hólmann, með trénu, og gekk inn á hann miðjan. Sá var að þessu í nokkra daga. Ég hafði nokkrum sinnum farið út í hólmana til að kíkja inn í húsin og skoða hvort einhver myndi verpa þar. 8. júní fann ég eggjaskurn við stóra hólmann og er ljóst að gæs hefur verpt inn í einu húsinu en mávurinn hefur eyðilagt það fyrir henni. Þá setti ég mig í samband við Framkvæmdasviðið til að kanna með meindýraeyði og í framhaldi var ég í sambandi við hann Konráð hjá Firringu og áttum við gott samstarf það sem eftir lifið sumars. Þó var ekki um að ræða að verið væri að eyða „vargfugli“ í stórum stíl heldur fylgdumst við með og fundum út þá sem voru atkvæðamestir og lögðum áherslu á að þeir myndu ekki ná að kenna öðrum þá list. Það er þannig með vargfuglinn að hann er klár og svo er hann ekki vargur í allra augum heldur nær hann að skemmta sumum þeim sem koma á þetta svæði.

Þann 18. júní var ég vakinn með símtali frá áhyggjufullum íbúa Norðurbæjar sem hafði séð önd með 10 unga á leið frá Viðistaðatúni. Þetta var hún Elín Sigurðardóttir sundkona. Hún sagði að ég yrði að bregðast skjótt við því hún var sjálf tímabundin. Ég brást skjótt við og fann hana og fuglana á Langeyarvegi. Öndin hafði þá farið með ungana í gegnum garða og meðfram húsum. Elín hafði þurft að hafa sig alla við að halda köttum frá sem einnig sýndu þessu ferðalagi áhuga. Ég fylgdi öndinni síðan niður Vesturbrautina, beint yfir Vesturgötuna og meðfram Norðurbakkablokkunum. Öndin fór rakleiðis að hafnarbakkanum

og stökk í sjóinn en ungarnir stóðu á bakkanum og vissu ekki hvað þeir ættu að gera. Öndin kallaði og kallaði á þá úr sjónum og varð ég að vera með „sýnikennslu“ fyrir þá. Allir komust þeir í sjóinn og er ekki ólíklegt að innan klukkutíma hafi einhverjir þeirra verið orðnir fæða fyrir einhvern. En svona er bara náttúran.

Þann 19. júní frétti ég síðan af önd með unga niður undir Strandgötu og fór ég strax að leita. Þegar ég kom að Lækjargötunni þá horfði ég á eftir ketti með unga í kjaftinum fara í átt að Austurgötunni og á læknum þar, niður undir Strandgötu, var önd með 1 unga en ég hafði séð mynd frá því fyrr um daginn þar sem hún var með þá nokkra.

Það var síðan ekki fyrr en 23. Júlí að það fór að bera á ungum í einhverju magni á Læknum og voru flestir þeirra ofan við Reykdalsstíflu og upp í gegnum Setbergshverfið. Það virðist vera að endurnar skiptast í 2 flokka. Þær sem fara sem fyrst til sjávar og svo hinar sem halda til á Læknum. Eftir einhverja daga áttuðum við okkur á því að þær sem fóru beint til sjávar, þ.e. niður Lækinn að Strandgötu, voru ekki að skila sér í sjóinn með ungana. Eftir smá rannsóknarvinnu kom í ljós að ungar og því miður í tugatali voru að fara í ræsið við Strandgötu og þaðan áttu þeir ekki möguleika að komast lifandi. Hæðarmunurinn er rúmur metri og því vonlaust fyrir þá að komast til baka og því drukkuðu þeir þar. Settum við því planku með hæl þar niður. Þarna gætir vel sjávarfalla og vatnsborðið því breytilegt. Plankinn virkar sem „neyðarútgangur“ fyrir ungana en að öllum líkindum áttuðum við okkur á þessu of seint en þetta er þó eitthvað sem kemur að gagni í framtíðinni. Framkvæmdasviðið ætlar að skoða betri útfærslu á þessu fyrir komandi sumur.

Þegar líða fór að hausti fór ég í það að telja og voru ungarnir sem halda til á Læknum á bilinu 12-18 stykki og voru þeir komnir það vel á legg að þeir hafa átt möguleika að lifa af. Nokkrir þeirra héldu til að tjörninni við Reykdalsstíflu, á bak við Frímúarahúsið. Þar fór að bera á vængbrotnum fuglum og eftir að hafa orðið vitni að árás kattar á fuglana þar þá kom skýringin. Þegar verið var að gefa fuglinum á bakkanum þá laumaðist kötturinn aftan að og stökk á fullvaxna fugla.

Þar sem þetta tókst með ágætum þá leitaði ég eftir því að fá áframhaldandi leyfi til að sinna þessu verkefni og er það komið frá Framkvæmdasviði bæjarins. Ég sótti einnig um að fá að sjá um tjörnina og hólmann á Viðistaðatúni og var orðið við því. Þar mun ég einnig setja niður staura og band en það verður þó ekki hærra en fótstallur listaverksins sem er í hólmanum. Ég mun einnig lækka staurana í hólmunum á Læknum. Einnig mun ég í samstarfi við Vatnsveituna skoða uppsetningu á hreiðrum út á Læknum en það skýrist betur á næstu vikum. Fyrir framan Lækjargötu 32-34 er eyri sem væri gaman að laga til og bæta aðstöðu varpfugls. Eitt af því sem þarf að gera þar er að hindra aðgang katta. Það mál er einnig í skoðun.

Ég hef sinnt þessu ásamt 11 ára dóttur minni og höfum við haft mikla ánægju af. Ef þið hafið ábendingar til okkar eða aðfinnslu þá er velkomið að senda tölvupóst á fylkisson@islandia.is

Guðmundur Fylkisson,
Vaktavinnandi lögreglumaður,
ættaður frá Ísafirði en búsettur í Hafnarfirði frá 1998.



Litrófið í íslenskum landbúnaði er mjög fábreytt. Við erum með vistvænan landbúnað, þar sem lítið er notað af lyfjum, tilbúinn áburður er notaður mjög lítið miðað við önnur lönd og Matis fylgist með búunum.

Náttúruleg stærð markaða

Ég hef tvisvar sinnum verið á fundum með erlendum aðilum undanfarnir ár þar sem ég hef verið spurður þessarar spurningar; Hver er náttúruleg stærð þessa markaðar? Í fyrsta skipti sem ég fékk þessa spurningu stóð ég á gati, ég vissi ekki hvað þessi erlendi viðskiptamaður átti við.

Náttúruleg stærð markaða er áætluð stærð markaðs sem er tilbúinn að kaupa tiltekna vöru. Erlendis er búið fyrir lögnu að kortleggja hversu margir hafa efni á að kaupa dýran bíl út frá sölutölum síðustu ár og mat á breytingum á efnahagsástandi. Markaðurinn með dýrar vörur breytist lítið milli ára nema í kreppum, þannig að ef fyrirtæki ætlar að koma með nýjar vörur markaðinn þá áætlar viðkomandi eftir rannsóknir hversu margir kaupa bíl að þessum verðflokki með tilteknum gæðum. Viðkomandi þarf síðan að finna leiðir til að markaðssetja sig, finna dreifileiðir áður en hann byrjar að gera rekstraráætlanir um hvort það borgar sig að fara inn á markaðinn. Ef Excel-líkanið skilar ekki réttiri niðurstöðu er engin ástæða til að fara lengra.

Í báðum þessum tilfellum eftir að ég var búinn að leggja í vinnu við að greina markaðinn, meta kostnað af því að fara inn á markaðinn og gera grófa arðsemisútreikningana, misstu viðkomandi aðilar áhugann. Annar vegna þess að markaðurinn fyrir vörurnar var að hans mati of lítill til að borgaði sig að halda áfram vinnunni. Í hinu tilfallinu taldi viðkomandi að markaðurinn væri nægilega stór en fyrirtækið sem ég var að vinna fyrir var of lítið.

Ástæðan fyrir þessari vangaveltum er mikill áhugi Bændasamtakanna á að vera með lífræna ræktun. Það er mikill áhugi á lífrænni ræktun í Evrópu og í Bandaríkjunum og hann er að byrja hér. Við eigum eitt gott fyrirtæki sem er í mjólkuriðnaði sem sinnir þessum hluta markaðarins og þessum markaði þarf að sinna. Í garðyrkju eru nokkrir aðilar og sama í lambakjöti.

Litrófið í íslenskum landbúnaði er mjög fábreytt. Við erum með vistvænan landbúnað, þar sem lítið er notað af lyfjum, tilbúinn áburður er notaður mjög lítið miðað við önnur lönd og Matis fylgist með búunum. Tún ehf. fylgist með lífrænum landbúnaði þar sem ekki má nota lyf, enginn tilbúinn áburður né fóðurbætur.

Venjulegur Landbúnaður sem er stundaður hér er mun heilbrigðari en víðast hvar í veröldinni. Því er munurinn á þessum vöruflokkum í

raun afar lítill miðað við breiddina í framleiðslunni víða erlendis. Vísa ég á heimildarmyndir eins og Food. Inc sem er ömurleg lýsing á bandarískum landbúnaði. Forsaga myndarinnar er sú að leikstjóri myndarinnar missti stálpað barn sitt vegna eitrunar í kjöti.

Neytandi sem ætlar að velja sér vörur velur eftir gæðum og verði. Hér á landi er gæðamunurinn afar lítill, sem dæmi hafa Íslendingar verið að selja lambakjöt inn á verslanakeðjur í Bandaríkjunum þar sem vörurnar eru svo heilbrigðar. Ég fann engar tölur í fljótu bragði um hversu stór þessi lífræni markaður er erlendis, en líklega er hann ekki meiri en 1-3% af heildarmarkaðnum.

Verðin á lífrænum vörum úti eru há enda dýrt að framleiða vörur sem eru lífrænar. Tæknin við að framleiða mjólk, kjöt og aðrar landbúnaðarvörur er orðinn það mikill að framleiðslukostnaður lakkar sífellt en gæðin sömuleiðis. Hægt er að færa rök fyrir því að kostnaðinum við framleiðsluna sé kominn yfir í aðra þætti samfélagsins eins og kostnað við heilbrigðisþjónustu. Fyrir þetta eru sumir neytendur tilbúir að greiða en ekki allir. Flestir neytendur hafa ekki áhuga á þessu, aðrir fá ekki réttar upplýsingar eða þá hitt hafa ekki efni á að kaupa þessar vörur.

Þetta lögmál er líka hér á landi. Það er borgað umfram fyrir mjólk sem er lífræn en kostnaðurinn og er það eiginlega skilyrði fyrir því að þessi framleiðsla sé við líði. Miðað við umfjöllun um lífrænan markað sem ég fann er lífrænn landbúnaður um það bil 1% af heildarmarkaði með landbúnaðarvörur. Þar af er lífræn mjólk og kjötvara um það bil 0,5% af heildar framleiðsluverðmæti íslensk landbúnaðar. Það verður einhver vöxtur í þessum markaði en ekki mikill og mun minna í magni en í hefðbundnum landbúnaði. Aðkoma inn á markaðinn er líka erfið, þar sem salan er svo lítill vilja stórmarkaðir ekki vera með mikla áherslu á lífrænar vörur. Neytendur á Íslandi sjá ekki mikinn mun á lífrænum vörum og öðrum enda erfitt að halda því fram að íslenskar landbúnaðarvörur séu framleiddar með lágum gæðum. Ímynd landbúnaðar eru líka að varan sé hrein sem hún er. Gott dæmi um þetta er verðbil á milli íslenskra og erlendrar grænmetis í verslunum. Íslensku vörurnar eru alltaf töluvert dýrari.

Það sem mér finnst merkilegt er að Bændasamtökin eru að leggja nú um stundir mikla áherslu á lífræna ræktun sem mun aldrei vera annað en pínulítill hluti af markaði með

landbúnaðarvörum. Í viðtali við í hádegisfréttum Bylgjuna hinn 14. apríl sagði Eiríkur Blöndal að markaður með lífræna vörur væri vaxandi og hann hvatti bændur til að snúa sér að framleiðslu á lífrænum afurðum. Ég spyr; til hvers?

Hver er náttúruleg stærð þessa markaðar? Er meiri arðsemi í því að framleiða lífræna mjólk eða kjötvörur? Mig grunar að þessar tölur séu ekki til, og með þessari umræðu eru Bændasamtökin að búa til einhverja draumsýn hjá einhverjum um að lífrænar afurðir geti bætt afkomu þeirra. Ég tel líklegt að ávinningurinn af lífrænni framleiðslu sé minni en hefðbundinni framleiðslu.

Markaður með lífærnar landbúnaðarvörur verður alltaf mun minni hlutfallslega hér en í Bandaríkjunum og víðar í Evrópu. Ástæðan er sú að okkar landbúnaður nota mun minna af lyfjum, áburði og öðru því sem fólk sem sækist eftir lífrænum vörum vill forðast og sérstæða lífræns vara minni.

Hliðaráhrif á þessu brólti Bændasamtakanna eru að smám saman fara neytendur að bera kosti lífræns landbúnaðar saman við hefðbundinn landbúnað. Þetta er sérstaklega hættulegt þar sem munurinn er í raun ekki mikill miðað við aðrar þjóðir. Neytendur gætu með tímanum farið að bera saman lífrænar vörur hér og erlendis og að sama skapi hefðbundinn landbúnað hérlendis og erlendis sem notar mun meira af áburði, lyfjum og er orðinn mun meiri iðnaðarframleiðsla. Þá myndu falla niður ein rök í umræðunni um innflutning á landbúnaðarvörum.

En út frá augum rekstrar er ekki hægt að ná upp mikilli hagkvæmni í lífrænni ræktun, einfaldlega vegna þess að afkastageta verður eitthvað minni og eins að það er ekki pláss fyrir marga framleiðendur. Ef Bændasamtökin telja að þetta sé hagkvæmt er eðlilegt að sýna fram á hagkvæmni þess.

En umfram allt, við eigum að vera stolt af þeim sem framleiða lífrænar vörur. Lítil hluti markaðarins kallar eftir þeim en Bændasamtökin verða að stíga varlega til jarðar í umfjöllun sinni til að skemma ekki fyrir hefðbundnum landbúnaði. Hefðbundinn landbúnaður með sínar venjulegu dreifileiðir er það sem Bændasamtökin eiga að leggja höfuðáherslu á.

Þessi grein fer á bloggið burekstur.blog.is hjá mér þar sem hægt er að gera athugasemdir. Ég er líka búinn að bæta við greinum um skatta og búrekstur.

Jón Þór Helgason



Skosku hálöndin - Strandafjöll - Orkneyjar - Tallinn

Gæðaferðir á góðu verði - staðkunnugir íslenskir fararstjórar.
Ferðumst í rólegheitum, stoppum víða og skoðum margt.

**Saga
Menning
Náttúra**

www.Þemaferðir.is

Sími 451 3384.

Netfang: themaferdir@themaferdir.is



Scroll fyrir mjólkurróbóta

Nú er kominn tími til að endurnýja loftpressuna fyrir mjaltþjóninn



Líftími loftpressunnar í mjaltþjóninum er takmarkaður eins og flest annað í þessum heimi. Til að tryggja rekstraröryggi er kominn tími til að huga að endurnýjun pressunnar í mörgum mjaltþjónum sem teknir voru í notkun á síðasta áratug.

Iðnvélar bjóða upp á afar hagkvæmar lausnir í endurnýjun á pressueiningum og bjóða jafnframt upp á loftpressur til að eiga til vara.

Hafðu samband - við skoðum málið með þér

IÐNVÉLAR

IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



SKIPTITILBOÐ

TÖKUM NOTAÐA TURBOCHEF C3 OG TORNADO OFNA UPP Í NÝJA TURBOCHEF i-OFNA



i3™ i5™

Hámarka afköst og fjölhæfni með eldun í gastrólátum úr málmí.



Sparar starfsþjálfun: Nýir starfsmenn læra fljótt á ofninn og gæði í eldun alltaf jafn góð

Sparar rekstrarkostnað: Notar lítið rafmagn, tekur lítið pláss og kemur í staðin fyrir mörg eyðslufrek tæki

Sparar stofnkostnað: Þarf ekki orkufrekt loftræstikerfi með loftræstiháf og útblásturslögnum



Meiri afköst, minna pláss, einfaldur í notkun og ódýr í rekstri



i1™ Söta™

Ofninn, sem beðið var eftir fyrir kaffihús og minni veitingastaði.

Nánari upplýsingar á www.pmt.is.

Plast, miðar og tæki ehf. | S. 567 8888


Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | www.pmt.is



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Vertu til er vorið kallar

Með hækkanði sól þarf að tryggja sér réttu sáðvöruna í akra og nýræktir



Kynntu þér breitt sáðvöruúrval Líflands.
Nýr og efnismikill sáðvöruútlis á www.lifland.is

Söluráðgjafar Líflands eru við símann og ráða þér heilt um val á sáðvörunni

Áratuga reynsla, skilvirk dreifing og örugg afhending

Pantanir hjá sölumönnum Líflands í síma 540-1138 eða á sadvara@lifland.is

Lifland skrifstofur | Brúarvogi 1-3, Reykjavík | Lónsbakka, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi
540 1100 | www.lifland.is | 540 1150 | 540 1155

LÍFLAND



Eigum á lager drifsköft og íhluti fyrir vinnuvélar



KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Fróðleiksbásinn

Vilmundur Hansen þjóðfræðingur og garðyrkjufræðingur



Síðsumar og haustblómstrandi laukar

Vorlaukar og hnýði eru settir niður á vorin og blómstra á sumrin og fram á haust. Plöntur, sem við köllum vorlauka, þurfa ekki endilega að vera lauk- eða hnýðisjurtir því sumar þeirra hafa einfaldlega gildar forðarætur.

Fæstir vorlaukar eða hnýði lifa veturinn af úti hér á landi og verður því að forrækta þau inni áður en þau eru sett út. Erlendis eru vorlaukar yfirleitt kallaðir sumarlaukar vegna þess að þeir blómstra fyrr en hér.

Forræktun

Þegar vorlaukahnýði og forðarætur eru forræktaðar inni. Því stærri sem þessar rætur eru, því fyrr þarf að setja þær niður. Bestur árangur næst með því að láta plöntuna standa í sama pottinum allan vaxtartímann.

Halda skal moldinni rakri allan vaxtartímann en gæta vel að frárænnslu í pottinum því laukar, hnýði og forðarætur fúna standi þær í blautum jarðvegi. Séu hnýðin mjög hörð er reyndar gott að mýkja þau í vatni í 2 til 3 klukkustundir áður en þau eru sett í mold.

Setja skal vorlauka og hnýði niður sem nemur tvisvar til þrisvar sinnum þykkt þeirra og þjappa moldinni lauslega í kring.

Eftir að laukarnir eru komnir í pott á að setja hann á bjartan stað. Þegar fyrstu blöðin koma í ljós á að flytja pottinn á svalari stað en gæta þess að birta sé nóg. Gott er að gefa áburð þegar vöxturinn er kominn vel af stað og plantan hefur náð vænum 10 sentímetrum á hæð.

Seinni hluta maí eða í byrjun júní er kominn tími til að herða jurtirnar með því að setja pottinn út á svalir eða tröppur í 2 til 3 klukkutíma á dag. Útiverutíminn er svo lengdur smám saman þar til hætta á næturfrosti er liðin hjá. Eftir það er óhætt að hafa plönturnar úti allan sólarhringinn.

Umhirða

Vorlaukar, hnýði og forðarætur þurfa bjartan og skjólgóðan stað í garðinum svo að blómin fái notið sín. Jurtir í pottum er auðvelt að flytja í skjól, gerist þess þörf. Það auðveldar þeim lífið og eykur blómgunina. Klípa skal burt visnuð blóm sem búin eru að blómstra. Það kemur í veg fyrir tilraunir til fræmyndunar og eykur blómgun.

Fæstar þessara plantna lifa veturinn af úti en þeir sem vilja rækta þær áfram eiga að láta blöðin sölna að fullu og taka svo pottinn inn fyrir fyrsta frost. Geyma skal pottinn með forðarótinni eða rótina sjálfa á þurrum og svölum stað yfir veturinn.

Næsta vor er forðarótin sett aftur í pott með góðri mold og þegar búið er að vökva vaknar jurtin af dvala sínum.

Asíusóley (*Ranunculus asiaticus*). Vex af forðarót og getur orðið um 40 sentímetra há við góð skilyrði. Asíusóley er til í fjölda lita, hvít, gul, bleik, appelsínugul, rauð og blönduð. Gott að bleyta upp í rótinni í nokkra tíma áður en hún er sett niður. Á rótinni eru eins konar klær sem eiga að vísa niður í moldinni.

Heimkynni eru í Litlu-Asíu. Viðkvæm, þarf allra besta staðinn í garðinum, skjól og sól. Rótin geymist best á þurrum stað við 10 til 13 °C.

Begónía/skáblað (*Begonia*). Vex af hnýði og getur orðið 40 sentímetra



Strútalilja verður 50 til 100 sentímetra há og er upprunnin í Afríku.



Gladiólur eru viðkvæmar fyrir kulda og þola ekkert nema besta staðinn í garðinum.

há. *Begonia* × *tuberhybrida* sem er ræktað sem vorlaukur er ekki til sem villt tegund í náttúrunni heldur búin til af ræktunarmönnum. Skáblað er til í mörgum litum, rautt, hvítt, bleikt, appelsínugult og marglitt. Hnýðin kúpt á þeirri hlið sem snúa á niður. Leggja skal hnýðin í mold og þrýsta þeim niður en ekki hylja alveg. Þegar sprotarnir hafa náð 3 til 4 sentímetra hæð skal hylja hnýðin.

Hnýðin geymast best á þurrum stað við 2 til 5 °C.

Bóndarós (*Paeonia*). Fyrirferðarmiklar og fallegar plöntur með gildar forðarætur. Algeng hæð er 50 til 70 sentímetrar. Blá- og blómfallegar. Blómin stór, fyllt eða

einföld, rauð, gul, bleik og hvít. Best er að láta bóndarósir standa lengi á sama stað þar sem þær hafa sæmlegt rými. Þrífast best í skjóli í djúpum og frjósömum jarðvegi. Sólelskar og þola hálfskugga. Gæta skal þess að setja ræturnar ekki of djúpt og brumin mega ekki fara dýpra en 5 sentímetra niður. Plantan er yfirleitt ár að jafna sig eftir niðurstæðingum áður en hún fer að blómstra.

Brúska/Austurlandalilja (*Hosta*). Harðgerð, fjölær jurt sem vex upp af stuttum jarðstöngli. Kemur seint upp og nær 35 til 40 sentímetra hæð. Ræktað vegna breiðra blaðanna sem eru græn eða



Bolta- eða hnattdalíur hafa kúptar eða hnöttóttar körfur.

Flokkun dalía

Dalíur geta náð allt að 1,5 metra á hæð og blómin verði yfir 30 sentímetrar í þvermál. Þegar dalíur eru merktar með tölum, til dæmis 10/110, segir fyrri talan til um þvermál blómsins en sú seinni hæð plöntunnar. Flokkun dalía er með þrennum hætti: Hæð, þvermáli blómsins eða lögun blómsins, sem er algengasta flokkunaraðferðin.

Þvermál blóma:

Rísi: Yfir 25 sentímetra.
Stór: 20 til 25 sentímetrar.
Millistærð: 15 til 20 sentímetrar.
Lítil: 10 til 15 sentímetrar.
Dvergur: Minni en 10 sentímetrar.

Hæð stönguls:

Há: 120 sentímetrar og hærri.
Millihæð: 90 til 120 sentímetrar.
Lág: 60 til 90 sentímetrar.
Dvergaxin: Lægri en 30 sentímetrar.

Beð dalía: 30 til 60 sentímetrar.

Lögun blómsins:

1. Einkrýnd. Lögun eins og hjá upprunalegum dalíum.
2. Anemónu-löguð. Langar pípukrónur sem mynda hnapp.
3. Kragakrýnd. Tungukrónurnar minnka þegar innar dregur og mynda stóra körfu.
4. Hálfokrýndar. Tungukrónurnar í tveimur eða fleiri röðum. Lítillega bylgaðar.
5. Skrautdalíur. Ofkrýnd og stór blóm, allt að 30 sentímetrar í þvermál.
6. Boltadalíur eða hnattdalíur. Kúptar eða hnöttóttar körfur.
7. Kúlu- eða hnattdalíur. Lítlar kúptar eða hnöttóttar körfur.
8. Kaktusdalíur. Tungukrónan löng og þarf mikið vatn en gerir annars litlar kröfur. Kís að standa lengi á sama stað. Góð í ker. Brúskur eru ætar og kallast „urui“ í Japan þar sem þær eru eftirsóttar í ýmsa rétti.
9. Hálfkaktusdalíur. Millistig milli kaktus- og skrautdalíu.
10. Blandaðar dalíur. Gerðir sem falla ekki að hinum flokkunum.
11. Dvergadalíur. Smávaxnar og með smáum körfum.

blágræn með gulum eða hvítum lit, slétt, bylgiótt eða hrukkótt. Blómin lítil, ljósbleik og ljósblá, í hangandi klösum á löngum blómstöngli. Þrífst best í hálfskugga, í rökum jarðvegi og þarf mikið vatn en gerir annars litlar kröfur. Kís að standa lengi á sama stað. Góð í ker. Brúskur eru ætar og kallast „urui“ í Japan þar sem þær eru eftirsóttar í ýmsa rétti.

Heimkynni í Japan og Norðaustur-Asíu.

Dalía (*Dahlia* × *pinnata*). Dalíur eru að öllum líkindum vinsælustu jurtir í heimi sem ræktaðar eru sem vorlaukar. Þær eru gullfalleg blóm og til í fjölda afbrigða. Blómlögun

og blómlitir eru fjölbreyttir. Upprunalega koma dalíur frá Mexíkó þar sem þær vaxa villtar. Dalíur urðu snemma vinsælar til ræktunar og mikið um kynbætur og blöndun innan tegunda

Rótarhálslinn á að standa upp úr moldinni og þess þarf að gæta að moldin sé rök en ekki of blaut. Yfirleitt þarf að binda stærri dalíur upp eftir að þær eru settar út.

Rótarhnýðin þola ekki frost og geymast best í þurrum sandi við 2 til 7 °C.

Freysililja/fresía (*Freesia*). Þrátt fyrir að fresíur séu best þekktar sem afskorin blóm eru þær vinsælar sem vorlaukar erlendis. Fresíur eru upprunnar í Suður-Afríku og hér henta þær ágætlega sem garðskálaplöntur og spariblóm sem tekið er út á verönd í allra bestu veðrum. Freysililjur verða allt að 50 sentímetrar á hæð og blómin í mörgum litum, hvít, gul, kremuð, blá, rauð, bleik og appelsínugul.

Laukana á að geyma á þurrum stað við 25 til 30 °C. Þeir geymast þó yfirleitt illa og því ráðlegt að kaupa nýja á hverju vori.

Gladióla (*Gladiolus*). Gladiólur eru upprunnar í Suður-Afríku en tegundir í ræktun eru nær eingöngu blendingar og henta best sem garðskálaplöntur og spariblóm í garðinn. Gladiólur eru yfirleitt um metri á hæð og þurfa stuðning. Blómin í klasa og til í mörgum litum.

Vökvíð sparlega þar til plantan er komin upp en eftir það á moldin að vera rök. Það tekur að minnsta kosti þrjá og hálfan mánuð fyrir plöntuna að blómstra. Gladiólur eru viðkvæmar fyrir kulda og þola ekkert nema besta staðinn í garðinum.

Hnýðin geymast best í þurrum bréfpoka á svölum stað við 6 til 10 °C.

Lilja (*Lilium*). Upprunnar í Asíu og Norður-Ameríku. Yfirleitt um metri á hæð og geta þurft stuðning. Ræktunarafríðgi skipta þúsundum og þegar vel tekst til blómstra liljur stórum og litríkum blómum. Dafna best í frjósamri mold með góðu frárænnslu, enda rotta laukarnir ef þeir standa í bleytu.

Snotra/anemóna/skógarsóley (*Anemone*). Vex af hnýði og getur orðið 20 til 40 sentímetra há. Snotrur eru fáanlegar í nokkrum litum, bláar, rauðar, hvítar og gular. Gott er að leggja hnýðin í bleyti í 2 til 3 tíma áður en þau eru sett í mold. Gætið þess að brumin snúi upp þegar hnýðið er sett í moldina.

Heimkynni snotra eru í Evrópu og Kína. Þær eru viðkvæmar en dafna best í rökum og frjósömum jarðvegi. Hnýðin geymast best á þurrum stað við 10 til 13 °C.

Strútalilja (*Crocus*). Hnýðisplanta sem verður 50 til 100 sentímetra há og er upprunnin í Afríku. Blómin eru gul, rauð og tvílit, stílklaus en standa þétt saman og oft tugur saman á grein. Strútalilja er viðkvæm og þarf besta staðinn í garðinum, sól, skjól og næringarríkum moldarjarðvegi. Hentar í ker eða gróðurskála.

Sóllilja (*Alstroemeria*). Upprunnin í Suður-Ameríku. Til er fjöldi afbrigða sem eru frá nokkrum sentímetrum upp í einn og hálfan metra á hæð. Myndar jarðstöngul. Blómin stór og til í mörgum litum og yfirleitt marglit. Þrífast best í skjóli og næringarríkum moldarjarðvegi. Henta vel í ker og geta lifað veturinn af á góðum stað.

Er jólatrjáaræktun á ökrum raunhæf á Íslandi?

Ræktun jólatrjáa á ökrum er ræktunaraðferð sem hefur verið reynd á Íslandi í gegn tíðinni með frekar lélegum árangri. Víða í Evrópu og Bandaríkjunum er akurræktun hins vega algeng ræktunaraðferð, þar sem barrtré (greni, fura og þinur) eru framleidd og seld í miklu magni. 2012 voru framleidd í Danmörk um 11 milljónir jólatrjáa, í Þýskalandi um 24 og í Bandaríkjunum um 24,5 milljónir jólatrjáa.

Akurræktun getur verið skilvirk og hagstæð ræktunaraðferð en hún krefst þekkingar, kunnáttu og ekki síst vélvæðingar með sérhönnuðum tækjum og tólum (1. mynd). Markmið akurræktunar er að ná hámarks nýtingarhlutfalli á hvern hektara með lágmarkskostnaði. Með vönduðu skipulagi, tækninotkun, markvissri notkun á áburði ásamt plöntu- og skordýraeitrun er hægt að framleiða 5-7000 tré á ha á 8-10 árum.

Í akurræktun er alengt að forma og snyrta trén. Til dæmis eru trén klippt inn í „þríhyrningaform“, (2. mynd) neðstu greinarnar eru klipptar af og toppurinn lagaður ef hann er ekki beinn og finn, eða ef tréð hefur myndað fleiri toppa. Síðan eru trén snyrt og meðhöndluð á mismunandi hátt á hverju ári fram til lokahögg. Jarðvegs- og barrsýni eru tekin reglulega til að kanna hvort trén hafi orðið fyrir næringarskort og auka áburði bætt við ef þess þarf. Næringarskortur hjá barrtré getur leitt til vaxtarstöðvunar, mislitunar og lélegrar barrheldni.

Mikið er í húfi og því er mikið kapp lagð á að bæta hvert einasta tré og þannig framleiða eins mörg gæðatré og hægt er. Söluverðið og tekjurnar hækkar með auknum gæðum, lit og hæð trésins.

Akurræktun er áhugaverð ræktunaraðferð hérlendis og vaxandi áhugi er hjá skógarbændum og skógræktarfélögum á að auka íslenska framleiðsla. Akurræktun getur verið áhugaverð tækifæri/valmöguleiki fyrir skógarbændur og aðra áhugamenn sem sjá sér hag í að rækta jólatré fyrir heimamarkað. Mikilvægt er að hafa í huga að akurræktun er sérgrein eins og aðrar búgreinar og nauðsynlegt er að kynna sér ræktunarferlið, lesa sér til og afla sér þekkingar áður en lagð er af stað í stærra fjárfestingar.

Á Íslandi eru framleidd og selt um 10.000 jólatré árlega sem ekki er nægjanleg til að fullnægja eftirspurn landans eftir jólatrjám og því eru um 40.000 jólatré (norðmannspínur) flutt inn frá Danmörku. Framleiðsla jólatrjáa fer aðallega fram hjá skógræktarfélögum og Skógrækt ríkisins þar sem ræktunarsvæðið er oftast útjörð eða á skógræktarland sem ekki er hægt að nota í túnrækt. Skógarbændur víða um land eru hins vegar farnir að sjá möguleika sem erum fólgnir í akurræktun og eru að undirbúa sig undir að hefja ræktun. Landssamtök skógareigenda (LSE) komu af stað átaksverkefni tengdu jólatrjáaræktun á ökrum 2011. Í verkefninu eru skráðir um 40 bændur og áhugamenn sem flestir huga að jólatrjáaræktun. Markmið verkefnisins er að afla sameiginlegrar reynslu og þekkingar um jólatrjáaræktun á Íslandi, til dæmis varðandi tegundanoftkun og ræktunaraðferðir. Eitt stærsta viðfangsefnið er að finna ásætlanlega leið til að hamla óhóflegum samkeppnisvexti á ræktunarsvæðinu. Mikill samkeppnisgróður dregur úr lifun og vexti unglantna, lengir ræktunartímann og getur skemmt útlit trjáa. Annað mikilvægt atriði er að finna rétta tegund og rétt kvæmi fyrir hvert ræktunarsvæði. Sumar tegundir þrífast til dæmis vel nálægt sjó en aðra þrífast bara inn til landsins. Almenn þrífast flest barrtré best í hæfilega rökum og næringarríkum jarðvegi. Átaksverkefnið hjá LSE á að varpa ljósi á margar spurningar sem eftir er að svara varðandi jólatrjáaræktun.



Mynd 1. Sérhannað tæki notað í jólatrjáaræktun á ökrum.



Mynd 2. Viðgerðir á toppum. Ef toppurinn er ónýttur er hægt að búa til nýjan topp við að beygja upp hliðargrein.

Við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri hófst rannsóknarverkefni um akurræktun jólatrjáa 2009 sem síðan var stækkað 2011. Markmið verkefnisins var að kanna hvernig þrjár mismunandi barrtegundir (rauðgreni, blágreni og stafafura) henta við akurræktun, hvernig mismunandi áburðar- og eitrunarmæðferðir hafa áhrif á lifun og vöxt trjáa. En fremur voru skjóláhrif könnuð og hvort munur væri á lifun og vexti milli landshluta (Hvanneyri, Skagafjörður [á bænum



Mynd 3. Tilraunasvæðið á Krithóli í Skagafirði september 2013.

Krithóli] og Kirkjubæjarklaustri [á bænum Prestsbakkakoti]). Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í BS- og MS-ritgerðum greinarhöfundar. Niðurstöðurnar voru að mestu vísindaleg staðfesting á reynslu sem hefur verið aflað á Íslandi við jólatrjáaræktun í gegnum árin. Þær sýndu þó skýrt að mikilvægt er að velja tegundir sem henta fyrir ákveðin svæði, að fara varlega eða jafnvel að bíða með áburðargjöf fyrstu árin eftir gróðursetningu og að passa mjög vel að samkeppnisgróðurinn taki ekki völdin á ræktunarsvæðinu. Skjól skiptir miklu máli fyrir lifun og vöxt unglantna og staðsetning er líka atriði sem hefur áhrif. Bestur árangur í rannsóknatilraunin fyrstu árin eftir

gróðursetning, hvað varða lifun og vöxt var í Krithóli, sem nýtur þess ótvíræða (fyrir jólatrjáaræktun) kostar að vera langt frá sjónum.

Rannsóknarverkefninu verðar fylgt eftir fram til lokahögg og mun vonandi bæta þekkingu á ræktunaraðferðum við ræktun jólatrjáa á ökrum við íslenskar aðstæður (3. mynd).

Ýmsir aðilar fylgjast af áhuga með rannsókninni hjá LBHÍ og átaksverkefninu hjá LSE. Verkefnið í heild hefur fengið styrki frá Landshlutaverkefninum, plöntuframleiðendum og einnig umtalsverðan fjárhagslegan stuðning frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

Else Möller, skógfræðingur

Víðilækur, Fljótsdalshéraði




Ríflega 1.100 ha jörð í um 30 km fjarlægð frá Egilsstöðum. Víðilækur er í dag skógræktarjörð en væri líka tilvalinn fyrir hestamennsku o.fl. Gott íbúðarhús (189,5 m²), vélageymsla, verkstæði og geymsla (samtals 247,5 m²), fjárhús (459,2 m² að hluta til hesthús), hlaða (126 m²). Virkilega fallegt umhverfi og tilheyrir m.a. ein af perlum Fljótsdalshéraðs jörðinni að hluta. Gæsa- og rjúpnaveiði er á jörðinni og örlitil silungsveiði í Múlaá. Verð aðeins 48 milljónir!

Nánari upplýsingar hjá INNI fasteignasölu s. 580 7905 eða á www.inni.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is



Hringas ehf.

limtrevirnet.is



Yleiningar fyrir íslenska veðráttu

Hjá Límtré Vírnet færðu léttar stálsamlökueiningar með polyúrepan- eða steinullareinangrun á milli.

Henta í útveggi og þök, milliveggi og loft, kæli- og frystiklefa, fyrir heimili og fyrirtæki. Raka- og vindþéttar, einangra vel, auðþrífarnar, illtendranlegar, gæðaprófaðar, léttar, fljótuppsettar, þaulreyndar og hagkvæmar.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.

**Límtré Vírnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluveild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Fræðsluefni

Enn eykst hlutfall mjaltapjónamjólkur hér á landi

Nú liggur fyrir uppgjör ársins 2013 um mjólkurframleiðslu kúabúa með mjaltapjóna. Alls voru um áramótin 109 kúabú með mjaltapjóna en árið 2011 voru þau 101 og árið 2012 105. Er þetta aukning um 3,8% frá árinu 2012 og áþekkt aukningunni sem varð á milli árunna 2011 til 2012. Þrátt fyrir að kúabúum með mjaltapjóna hafi fjölgað um 4 á síðasta ári, þá fjölgaði mjaltapjónum á landinu um 6 og fór fjöldi þeirra úr 123 í 129 sem er aukning um 4,9% á milli ára. Nýtt met var sett á árinu í innvigtun mjólkur frá mjaltapjónabúum en hlutfallið fór úr 29,7% árið 2012 í 31,1% árið 2013 og er þetta hlutfall með því allra hæsta sem þekktist í heiminum. Á árinu bættust ekki við nýjar tegundir mjaltapjóna á Íslandi og enn sem komið er eru einungis Lely og DeLaval mjaltapjónar í notkun hér á landi.

31,1% mjólkurinnar


Árið 2011 settu íslensk kúabú heimsmet þegar hlutfall mjólkur frá mjaltapjónabúum nam alls 28,2% af heildarinnvigtun til afurðastöðva á landinu öllu. Það ár nam innvigtun mjólkur frá mjaltapjónabúum 35,2 milljónum lítra en árið 2012 jókst þetta magn í 37,2 milljónir lítra og hlutfall þeirrar mjólkur af heildarinnvigtun nam 29,7%. Sama ár fóru lögðu sænsk mjaltapjónabú inn rúm 30% mjólkurinnar þar í landi og náðu því heimsmetinu það ár. Síðasta ár nam innvigtun mjólkur hér á landi frá mjaltapjónabúum alls 38,3 milljónum lítra af 122,9 milljón lítrum eða 31,1% og jókst hlutfall mjaltapjónamjólkurinnar um 4,9% á milli ára. Hvort 31,1% er nýtt heimsmet er ekki hægt að segja til um fyrr en uppgjör liggur fyrir frá hinum Norðurlöndunum en á aðalfundi NMSM, sem haldinn verður í Hamra í Svíþjóð í júní, verður uppgjórið birt. Fullyrða má að engin önnur lönd í heiminum komist á nánd við Norðurlöndin þegar horft er til hlutfallslegrar notkunar mjaltapjóna.

Með 351 þúsund lítra að jafnaði

Að jafnaði er hvert bú að leggja inn 351 þúsund lítra og til samanburðar má geta þess að önnur bú á landinu lögðu inn að jafnaði 158 þúsund lítra. Þar sem hvert bú er með að meðaltali 1,19 mjaltapjóna (19 bú með fleiri en 1 mjaltapjón) nemur innvigtunin 297 þúsund lítrum frá hverjum mjaltapjóni. Afar mikill munur er á milli búanna og nam t.d. mesta innvigtunin 450.888 lítrum frá hverjum mjaltapjóni og minnst var hún 171.896 lítrar. Samanborið við fyrra ár er innvigtun á hvern mjaltapjón nú heldur minni en hún var árið 2012, en það ár var hún að jafnaði 302 þúsund lítrar. Að sama



Lely-Astronaut-A4-Robotic-Milking-System-1.



DeLaval-AMR.

skapi er mesta innvigtunin alllangt frá því sem mest hefur verið en árið 2011 var mesta innvigtun eftir einn mjaltapjón 470 þúsund lítrar. Alls voru 8 kúabú hér á landi með meira en 400 þúsund lítra innlagða eftir hvern mjaltapjón árið 2013 en árið 2012 voru 10 bú með meira en 400 þúsund lítra. Þá voru 11 bú með minna en 200 þúsund innlagða lítra

eftir hvern mjaltapjón árið 2013 en árið 2012 voru 8 bú í þessum hópi.

Má stórauka nýtinguna

Ef horft er til hámarksframleiðslugetu (miðað við innlagða mjólk) árið 2013 mætti auka framleiðslu mjaltapjónabúanna í 58,2 milljónir lítra án a.m.k. nýfjárfestinga í

mjaltatækninni sem slíkri, en vissulega þyrftu aðrar aðstæður einnig að vera til staðar. Í raun svarar þetta til þess að nýting mjaltatækjanna í dag nemi um 65,8% sé horft til þess tækis sem mestu skilar á landinu öllu. Sé horft út fyrir landsins steina og rýnt í innvigtunartölur afurðahæstu búanna með mjaltapjóna erlendis þá er algengt að meðal innvigtun sé í kringum 700-750 þúsund innvegnir lítrar og allt upp í 1 milljón lítra, sem þó er fremur sjaldséð framleiðslugeta.

Ekki nema 90,8% innvigtunarhlutfall

Þegar skoðaðar eru niðurstöður skýrsluhalds Bændasamtakanna og þær bornar saman við skráningar búa með mjaltapjóna kemur í ljós að af þessum 109 búum taka 104 þeirra þátt í skýrsluhaldinu eða 95,4% sem er góð aukning frá árinu 2012 þegar 93,3% búanna voru með í skýrsluhaldi. Meðalnýtingarhlutfall þessara búa, þ.e. innvegið mjólkurmagn miðað við reiknaða skýrsluhaldsnyt, er

90,8% sem er örlítil lækkun frá árinu 2012 þegar þetta hlutfall var 91,0% en töluverð lækkun frá árinu 2011 þegar hlutfallið var 92,8%.

Rangar mælingar?

Erfitt er að skýra þennan mun á milli ára en ætla má að þegar innvigtunarhlutfallið er svona lágt þá sé líklegt að um mæliskekkju sé að ræða enda skýra heimanot að jafnaði ekki svona mikinn mun. Erlendis er miðað við að skoða sérstaklega þau tilfelli þegar veruleg frávik verða frá innvigtun miðað við reiknaða framleiðslu og er þá oft horft til þess hvort hlutfallið sé herra en 98% eða lægra en 90%. Árið 2013 voru alls 27 mjaltapjónabú með meiri innvigtun en 98% skýrsluhaldsmjólkurinnar og þar af lögðu 10 bú inn meira en alla þá mjólk sem skýrsluhaldið sagði að búið hefði framleitt! Hér er augljóst að mjaltapjónarnir mæla nyt kúnna ekki rétt. Að sama skapi er afurðasemin ofmetin á öðrum búum og á 42 mjaltapjónabúum skilaði sér minna en 90% skýrsluhaldsmjólkurinnar í afurðastöð, þar af lögðu 18 bú inn minna en 85% skýrsluhaldsmjólkurinnar. Alls eru 69 kúabú utan 90-98% markanna sem telst í flestum löndum til hreinna undantekninga og bendir þessi mikli fjöldi sterklega til þess að skoða þurfi stillingar á afurðamælum. Þetta er sérlega brýnt þar sem kjarnfóðurgjöf er miðuð við afurðasemi kúnna og séu afurðirnar ranglega metnar, verður kjarnfóðurskömmtnun einnig kolröng.

28,2% árskúa landsins

Svo unnt væri að áætla heildar árskúafjölda allra mjaltapjónabúa var nauðsynlegt við þetta uppgjör að setja inn áætlun um fjölda kúa á þeim búum sem ekki taka þátt í skýrsluhaldinu. Var það gert út frá upplýsingum um heildar innvigtun búanna í afurðastöð og svo reiknað meðalnýtingarhlutfall allra búa á þessi umræddu bú. Svo var miðað við að þau væru öll með „meðalkýr“ annarra mjaltapjónabúa. Með þessum hætti var hægt að áætla heildarfjölda árskúa í mjaltapjónum árið 2013 en ætla má að fjöldi þeirra hafi verið 6.983 en árið 2012 var þessi fjöldi 6.785. Sé miðað við að árskúafjöldinn á Íslandi sé áþekkur því sem hann var árið 2012, þ.e. 24.779 kýr (nýrri upplýsingar ekki aðgengilegar enn) er hlutfall kúa

Háprýstipvottadælur

Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com Aflgjafar: Rafmagn / Honda bensín / Yanmar dísil / Aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bör.



Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefsíða: www.hak.is

Í mjaltþjónafjósum því 28,2% árið en árið 2012 var þetta hlutfall 26,4%. Meðalfjöldi árskúa á hverju mjaltþjónabúi var 64,3 árið 2013 eða sem svarar til 54,1 árskú á hvern mjaltþjón. Önnur bú hér á landi voru að jafnaði með 33,7 árskúr árið 2013.

6.035 kg að meðaltali

Líkt og vænta má er meðalnyt kúabúa með mjaltþjóna nokkuð hærri en annarra búa en skýringin felst m.a. í tíðari mjöltum og virkara framleiðslustýringarkerfi. Samkvæmt skýrsluhaldinu var meðalnytinn árið 2013 á landinu öllu 5.621 kg en þegar búið er að draga skýrsluhaldsafurðir kúa mjaltþjónabúa frá kúm í öðrum búum er meðalnyt kúa annarra búa 5.446 kg en meðalnyt kúa mjaltþjónabúanna 6.035 kg. Munar þarna 10,8% á milli þessara ólíku fjósgerða sem skýra má sem fyrr segir með bæði tíðari mjöltum og góðri bústjórn.



DeLaval-VMS.

Snorri Sigurðsson
Nautgriparæktarsviði
Þekkingarsetri landbúnaðarins
í Danmörku

Samantekt þessi byggir á upp-
lýsingum frá Fóðurlöndunni,
VB landbúnaði, Bændasamtökum
Íslands, Landssambandi

kúabænda, Auðhumlu,
Mjólkurafurðastöð KS, Samtökum
afurðastöðva í mjólkuriðnaði og
Matvælastofnun.

ULTRAQUA

Útfjólublá geislatæki sem sóttreinsa vatn og hafa sannað gildi sitt á Íslandi. Ódýr lausn sem er mjög einföld í uppsetningu.

WWW.KARL.IS

FYRIR UPPSETNINGU

Mat sýnis
Stenst ekki gæðakröfur skv. reglugerð 536/2001
Vegna heildargerðarhlöðna við 22°C, kóligerla og E.coli.

EFTIR UPPSETNINGU

Mat sýnis
Stenst gæðakröfur skv. reglugerð 536/2001

KARL

Grandagarði 16—101 Reykjavík— Sími 696 0008—info@karl.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Kverneland

FYRIR KRÖFUHARÐA!

“vertu til að leggja hönd á plóg”

VIÐ FÖGNUM VORINU
Vara- og slithlutir í Kverneland
plóga og jarðvinnsluvélar
í miklu úrvali.
Hafið samband í síma 580 8200

VÉLFANG

- ALLT Í GANGI HJÁ VÉLFANGI

Vélfang ehf. - Gylfaflöt 32 - 112 Reykjavík - Sími: 580 8200 - www.velfang.is

Sortimo

**Innréttingar
Hillu- og skúffukerfi**

Fyrir allar gerðir bíla

- Þrautreynt kerfi
- Öryggisprófað
- Tryggir þig gegntjóni

RAFVER

FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Thermia / Danfoss varmadælur - Gæði og þjónusta

Thermia eru mest seldu jarðvarmadælnar á Íslandi, yfir 30 ára reynsla!



SWEP varmaskiptar í öllum stærðum á frábæru verði. Hægt að fá þá með eða án einangrunar.

Grundfos UPS hringrásadælur 25/60 og 32/80 á lager.

Hitatúpur með hringrásadælu, veðurstýringu og þenslukeri. Sjálfvirk loft og lágsþennuvörn tryggir endingu. 3 ára ábyrgð

- Hafðu samband og við reiknum út fyrir þig mögulegan orkusparnað þér að kostnaðarlausu.
- Höldum kynningar fyrir sveitafélög, sumarbústaðarfélag og aðra sem þess óska.

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum!

VARMADÆLUR - VARMASKIPTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR - HITAKÚTAR - INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNBÚNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR - JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

SWEP

DAIKIN

GRUNDFOS

Smíðjuvegur 70 - 200 Kópavogur www.verklagnir.is - info@verklagnir.is

* Samkvæmt prófunum á vegum Sænsku Orkustofnunarinnar

Ertu með kynbótaáætlun?

Hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er boðið upp á gerð kynbótaáætlana og hafa fleiri og fleiri kúabændur áttað sig á gagnsemi þess að láta gera slíka áætlun fyrir sig.

Þessi þjónusta RML er tvíþætt og er annars vegar greining á hjörðinni og hins vegar þörunaráætlun. Þegar þessar áætlanir eru gerðar er tekið tillit til skyldleika og passað í hverju og einu tilfelli upp á að velja ekki naut sem eru mikið skyld viðkomandi grip, horft er á kynbóttagildi, bæði hjá nautinu og kúnni (eða kvígunni) s.s. hvar hennar helstu kostir liggja,

hverjar afurðirnar eru og hvernig útlitsdómur hennar er. Nautavalið er síðan byggt á þessari greiningu þannig að reynt er að ná sem hæstri kynbótaspá mögulegra afkvæma án þess að nota einstök naut of mikið.

Áður en hafist er handa við að vinna kynbótaáætlun er grípalisti sendur til bóndans og honum gefinn kostur á að skrá athugasemdir við gripina, s.s. ef einhverjar kýr reynast glæsigrípír eða gallagrípír, þó svo að kynbóttagildið segi ekki endilega til um það. Tekið verður tillit til þessara athugasemda þegar áætlunin er unnin, og með því að skrá slíkar athugasemdir fær

bóndinn nákvæmari kynbótaáætlun. Þegar gerð áætlunarinnar er lokið, er hún send til bóndans, en í áætluninni er einnig gerð greining á stöðu búans og kynbóttagildi hjarðarinnar. Þannig fær bóndinn góða mynd af því hvernig búið stendur í samanburði við önnur bú. Einnig er gerð greining á útliti gripanna og hverjir séu helstu kostir og gallar hjarðarinnar.

Þörunaráætlunin gildir í hálf til eitt ár í senn, þá þarf að uppfæra þörunarlistann, en mælt er með að láta gera greiningu á hjörðinni á 1-2 ára fresti.

Í þörunaráætluninni koma fram

tillögur að nautavali, þannig er mælt með einu „aðalnauti“ og síðan eru tvö naut valinn til vara í hverju tilfelli. Einnig kemur fram hvert kynbóttagildi væntanlegs afkvæmis verði, sé kýrin sædd með sæði úr „aðalnautinu“. Miðað er við að nota óreynd naut í um helmingi tilfella, eins og mælt er með að bændur geri.

Auðveldast er að panta kynbótaáætlun á heimasíðu RML. Þar er valin „Búfjárrækt“ efst í stikunni á forsíðunni, þá kemur upp listi þar sem á að velja „Nautgriparækt“ og þar undir „Kynbótaáætlanir“. Þá kemur upp útskýring á því í hverju slík

**Elin Nolsöe
Grethardsdóttir**
Ráðunautur í naut-
griparækt hjá RML



kynbótaáætlun felst og neðst hægra megin er svo hægt að ýta á „Panta kynbótaáætlun“. Síðan á að skrifa inn helstu upplýsingar og haka við það sem óskað er sérstaklega eftir að lögð verði áhersla á og skiptir mestu máli fyrir hjörðina á búinu. Einnig er hægt að hafa samband beint við ráðunaut í síma 516-5000.


Vert er að geta þess að bændum mun einnig standa til boða í einum pakka kynbótaáætlun og greining á frjósemi búans innan tíðar. Upplýsingar um þann pakka má nálgast inn á heimasíðu RML eða í gegnum síma 516 5000 innan skamms.

Söfnun á háliðagrasi

Háliðagras (*Alopecurus pratensis*) var töluvert notað í sáðblöndur hér á landi fyrir 40-80 árum. Það hefur hins vegar ekki verið mikið notað í seinni tíð, m.a. vegna þess að framboð af góðum yrkjum hefur verið takmarkað og fræið frekar dýrt. Með aukinni endurræktun á síðustu 20 árum hefur þessum gömlu háliðagrastúnun fækkað mikið. Háliðagras getur lifað mjög lengi ef aðstæður eru því hagfelldar. Það þarf hins vegar að gæta þess að það spretti ekki úr sér því þá fellur fóðurgildið hratt. Það þarf því að slá það á undan öðrum grastegundum.

Háliðagrasfræið sem notað var í sáðblöndurnar á sínum tíma var alltaf innflutt. Það kom m.a. frá Finnlandi og Kanada. Yfirleitt voru þetta ekki kynbætt yrki heldur fræ sem safnað var af villtum grösom. Á þessum áratugum sem það hefur verið í túnunum hefur átt sér stað úrval meðal grasanna. Plöntur sem ekki hafa þolað tíðarfarið, sláttinn eða beitina hafa drepist en hinar breytt úr sér. Þess vegna eru verðmæti fólgin í þessum grösom sem mikilvægt er að glattist ekki.

Síðsumars 2012 og 2013 var fræi safnað úr háliðagrastúnunum á 24 bæjum víðs vegar um landið.



Túnin voru á mismunandi jarðvegi og í mismunandi hæð yfir sjó. Aldur túnanna var oftast á bilinu 40-80

ár en sum voru enn eldri. Haft var samband við flesta bændurna um vorið og þeir beðnir að halda eftir

óslegnum blettum í túnunum svo fræið gæti þroskast. Söfnunin gekk vel og fræið var yfirleitt vel þroskað.



Háliðagras. Mynd / Guðni Þorvaldsson

Fræið er nú varðveitt í Norræna genabankanum (NordGen) og þar verður því viðhaldið.

Áður höfum við safnað fræi af öðrum grastegundum úr gömlum túnunum og er það varðveitt á sama stað. Ef við viljum nýta okkur fræið síðar er hægt að nálgast það þar. Ég þakka öllum bændunum fyrir hjálpina við þetta verk.

Guðni Þorvaldsson
Landbúnaðarháskóla Íslands

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Skyndihjálparnámskeið:

Ég læri fyrir þig og þú fyrir mig

Á síðasta ári þegar starfshópur um velferð og öryggismál á vegum BÍ fundaði kom m.a. til tals að reyna að koma á námskeiðum í skyndihjálparfyrir fólk á landsbyggðinni. Stundum verður fólk að taka af skarið og drífa í hlutunum með því að koma hlutunum í gang og er þá ágætt að vitna til orðalags sem ég heyrði einhvern tímann: „Ef þú gerir það ekki, gerir það enginn.“

Ég mæti fyrir þig og þú mætir fyrir mig

Sjálfur fer ég eins oft og ég mögulega get á skyndihjálparnámskeið og ég get, en ég er félagi í Ferða- og útivistafélaginu Slóðavinum sem heldur árlega skyndihjálparnámskeið fyrir félagsmenn sína og boðsgesti undir formerkjunum: Ég mæti fyrir þig og þú mætir fyrir mig. Á síðasta námskeiði nú í apríl kenndi Þórir Kristjánsson sjúkraflutningamaður á Selfossi okkur og í stuttu spjalli við Þóri í kaffihléinu sagði hann mér



það ekkert mál að setja upp og laga námskeiðin að vissum hópum eins

og í þessu námskeiði. Það væri því ekkert mál að setja upp námskeið

fyrir búnaðarfélög eða nánast hvaða hóp sem er. Auðvelt er að nálgast Skyndihjálparskólann, en hann er m.a. með síðu á samskiptavefnum Facebook.

**Skyndihjálparnámskeið
vanmetin**

Í grunnskóla voru oft einhverjir tveir látnir kjósa í lið til leikja og var þá oftast byrjað að kjósa þann besta eða vinsælasta. Sé verið að velja til hópstarfs þeirra sem eru 35+ ætti því skyndihjálparmaðurinn að veljast fyrstur sé rökrétt hugsun við valið. Persónulega met ég mikils þetta litla nám í skyndihjálpar og væri óskandi að fleiri gerðu það því að dæmin sýna einfaldlega að ótrúlega oft var það sá sem veitti fyrstu hjálpina sem bjargaði mestu. Þegar skipt er í vinnuhópa ætti að byrja á að setja skyndihjálparmenn í sinn hvorn hópinn og passa upp á að allir skyndihjálparmenn veljist ekki í einn hóp. Sá sem lokið hefur skyndihjálparnámskeiði er ekki á námskeiðinu fyrir sjálfan sig og því

er hann verðmætasti félagi sem þú færð.

**Allir hafa hag af
skyndihjálparnámskeiðum**

Stjórnendur, svo sem flokksstjórnar, kennarar, gangnamannaforingjar, og fleiri, ættu að mínu mati að vera skyldugir að fara annað til þriðja hvert ár á skyndihjálparnámskeið. Það virðist vera sama hvað maður fer á mörg námskeið, alltaf lærist eitthvað nýtt í hvert sinn. Á síðasta námskeiði sem ég sat var farið m.a. yfir æðakerfi líkamans, grunnkennslu í spelkun, ofnæmisviðbrögð og algenga undirliggjandi sjúkdóma (t.d. sykursýki, flog og hjartaáfall). Endað var svo á námskeiðinu í endurlífingun og nemendum boðið að prófa að hnoða dúkkur. Persónulega tel ég að félagasamtök, skólafyrirvöld, sveitastjórnir, kvenfélög, búnaðarfélög og fleiri ættu að gera meira af því að stuðla að og skipuleggja skyndihjálparnámskeið fyrir samfélagið allt.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Eyþór Einarsson
Ábyrgðarmaður
í sauðfjárrækt hjá RML
ee@rml.is



Verðlaunareglur og nýr úrvalslisti í sauðfjárrækt

Tilgangurinn með verðlaunaveitingum og birtingu úrvalslista yfir þá sem skara fram úr er að efla menn til dáða, skapa viðmið og eitthvað til að stefna að. Mikilvægt er að slíkar verðlaunaveitingar séu í takt við stefnuna í sauðfjárræktinni hverju sinni og sem einfaldastar í framkvæmd.

Oft er leitað til ráðunauta með að finna besta gripinn eða bú innan ákveðins svæðis. Ekki hafa verið til neinar samræmdar reglur um slíkt. Er þetta gert með ýmsum hætti í dag enda hverjum félagsskap í sjálfsvald sett hvernig því er hagað.

Fagræð hefur nýlega samþykkt reglur um val á kynbótahrútum og úrvalsbúum sem lagðar voru fram af faghópi RML í sauðfjárrækt. Þar með eru til samræmdar reglur sem allir (til dæmis fjárræktarfélög og önnur félög um sauðfjárrækt) geta nýtt sér. Reglurnar eiga að vera nokkuð einfaldar í framkvæmd og falla að þeim markmiðum sem unnið er eftir í sauðfjárræktinni. Hér á eftir fer kynning á þessum reglum en lagt er upp með að endurskoða þær árlega.

Lambafaðirinn

Valið byggir á kynbótamatseinkunn fyrir skrokkgæði (skrokkgæði er notað hér í stað kjötgæða) þar sem einkunnir fyrir holdfyllingu (gerð) og fitu vega jafnt. Skilyrðin sem hrúturinn þarf að standast eru:

- Hafa 95 stig eða hærra fyrir frjósemi og mjólkurlagni samkvæmt kynbótamati
- Hafa að lágmarki 110 stig bæði fyrir gerð og fitu samkvæmt kynbótamati
- Hafa 105 eða hærra í einkunn fyrir fallþunga samkvæmt hrútaskýrslu
- Að kjötmatsupplýsingar byggi á 30 afkvæmum eða fleiri
- Að hrúturinn beri ekki sköpulagsgalla (hafi ekki fengið 7 eða lægra fyrir nokkurn dómsþátt sem einstaklingur) og ekki sé vitað til þess að hann beri þekkta erfðagalla.

Með þessum hætti er lögð áhersla á að verðlauna hrúta sem sameina góða gerð og hóflega fitu og gefa vænleika yfir búsméðaltali. Þegar heildareinkunn fyrir skrokkgæði er reiknuð er sett hámark á fitueinkunnina við 125 stig. Með þessum hætti er heldur dregið úr vægi almestu fituleysishrútanna. Lágmark fyrir dætraeiginleika tryggja að ekki sé verið að verðlauna hrúta sem útlit er fyrir að séu óálitlegir alhliða kynbótahrútar



Ás frá Skriðu er besti lambahrúturinn 2014.



Kjarkur frá Ytri-Skógum er mesti alhliða kynbótahrútur landsins árið 2014 samkvæmt mati sauðfjársæðingastöðvanna.

en samt gefið ákveðið svigrúm þar sem þessi verðlaun eru hugsuð fyrir hrúta sem eru óreyndir eða lítið reyndir sem ærfeður.

Alhliða kynbótahrúturinn

Valið byggir á kynbótamatseinkunn þar sem jafnt vægi er sett á skrokk-gæði, frjósemi og mjólkurlagni.

Skilyrðin sem hrúturinn þarf að standast eru:

- Hafa 105 stig eða hærra fyrir gerð og mjólkurlagni samkvæmt kynbótamati
- Hafa 100 stig eða hærra fyrir fitu og frjósemi samkvæmt kynbótamati
- Kynbótamat dætraeiginleika byggi á 10 dætrum eða fleirum
- Að hrúturinn beri ekki sköpulagsgalla (hafi ekki fengið 7 eða lægra fyrir nokkurn dómsþátt sem einstaklingur) og ekki sé vitað til þess að hann beri þekkta erfðagalla.

Með þessum hætti koma eingöngu til greina hrútar sem eru yfir meðallagi fyrir alla eiginleika í kynbótamatinu. Meiri kröfur eru gerðar til eiginleika sem eru betri eftir því sem mat þeirra er hærra (gerð og mjólkurlagni) en til eiginleika sem eru æskilegir á ákveðnu bili (fita og frjósemi). Sett er þak á einkunn fyrir fitu og frjósemi við 125 stig. Þannig eru aðeins minnkuð áhrif mestu fituleysishrútanna og „ofurfrjósemishrúta“ (hrúta sem bera stórvirka frjósemiserfðavisa). Eins og í reglum fyrir lambaföðurinn skal ekki verðlauna

Kynbótamat – BLUP	Lágmark
Gerð	100 stig
Fita	100 stig
Mjólkurlagni	100 stig
Frjósemi	100 stig

Kröfur um afurðir:	
Fædd lömb – ær	1,9
Lágmarks afurðir eftir hverja á	27 kg
Fædd lömb – veturgamlar ær	0,9
Lágmarkseinkunn fyrir gerð	9,2
Hámarkseinkunn fyrir fitu	7,6
Lágmarkseinkunn fyrir fitu	5,4
Lágmarks hlutfall gerðar og fitu	1,3

hrúta sem hafa sköpulagsgalla eða vitað sé að beri erfðagalla.

Besta fjárræktarbúið

Valið byggir á heildareinkunn kynbótamats þar sem vegið er saman meðal kynbótamat fyrir skrokkgæði, frjósemi og mjólkurlagni þar sem þessir þrír þættir hafa jafnt vægi. Notast er við meðal kynbótamatseinkunn fullorðinna áa búsin.

Búin þurfa að standast kröfur sem sjá má í töflunni um kynbótamat hér að ofan.

Bú sem eru verðlaunuð þurfa að standast kröfur gæðastyringar í sauðfjárrækt án athugasemda. Þá er lagt til að sama búið sé ekki verðlaunað nema á 5 ára fresti.

Skilyrðin sem hér eru sett eru í takt við ræktunarmarkmiðin fyrir frjósemi og skrokkgæði. En markmiðið er að ærin skili tveimur lömbum og veturgömlu ærnar einu. Varðandi skrokkgæði er markmiðið að nánast öll framleiðslan fari í holdfyllingarflokk R eða hærra og þar af 40% í U og E. Flokkun þar sem 60% færi í R og 40% í U skilar 9,2 í einkunn fyrir gerð. Í fitunni er stefnan sett á fituflokka 2 og 3. Afurðir í kílóum kjöts eftir hverja á miðar við landsmeðaltal hverju sinni, hér mætti líka nota héraðsmeðaltal ef verið er að verðlauna á héraðsvísu. Með því að gera ekki meiri kröfur um kíló eftir ánnu er reynt að koma til móts við þá sem lóga snemma og/ eða búa við „léttari“ afréttarlönd. Í framtíðinni mætti hugsanlega taka vaxtarhraða inn sem eitt af skilyrðum um afurðir.

Þær reglur sem hér eru kynntar eru hugsaðar til að marka leiðina og nota til viðmiðunar, þó í sumum tilfellum gæti þurft að slaka aðeins á kröfum eða gera útfærslubreytingar þannig að þær henti fyrir minni félög.

Listi yfir úrvalsbú

Bú sem standast kröfur um afurðir samkvæmt reglum um „besta fjárræktarbúið“ ættu að vera öflug alhliða bú. Hefur því verið ákveðið að birta árlega lista yfir þau bú landsins sem standast þessar kröfur og ætti það að vera góð viðbót við þá úrvalslista sem þegar eru biritir í Fjárvís. is og á heimasíðu RML fyrir einstaka eiginleika. Þar verður miðað við bú sem hafa 100 fullorðnar ær eða fleiri á skýrslum. Listinn yfir búin er birtur í stafrófsröð innan héraða og er í heild sinni aðgengilegur inn á heimssíðunni www.rml.is.

Úrvalsbú í sauðfjárrækt

Bær	Nafn	Sýsla
Eystra-Súlunes, Melasveit	Helgi Bergþórsson	Borg.
Tilraunabúið Hesti, Andakil		Borg.
Oddstaðir, Lundarreykjardal	Guðbjörg og Sigurður Oddur	Borg.
Bakkakot, Stafholtstungum	Sindri og Kristín	Mýr.
Dýrastaðir, Norðurárdal	Anja og Hlynur	Mýr.
Leirulækur, Mýrum	Guðrún og Sigurbjörn	Mýr.
Traðir, Mýrum	Gunnar Þorkelsson	Mýr.
Dalsmynni, Eyja- og Mikholtshrepp	Dalsmynni sf.	Snæf.
Gaul, Staðarsveit	Heiða Helgadóttir	Snæf.
Hjarðarfell, Eyja- og Mikholtshrepp	Hjarðarfellsbúið	Snæf.
Mýrar, Eyrarsveit	Ólafur Ingi Jónsson	Snæf.
Ásgarður, Hvammssveit	Bjarni Ásgeirsson	Dal.
Bær 1, Miðdölum	Birgir Baldursson	Dal.
Geirmundarstaðir, Skarðsströnd	Bryndís Karlsdóttir	Dal.
Kjarlaksvellir, Saurbæ	Vallarfé sf.	Dal.
Birkihlíð, Súgandifirði	Svavar og Svala	V-Ís.
Bær, Árneshrepp	Gunnar og Pálína	Strand.
Heydalsá, Tungusveit	Guðjón H Sigurgeirsson	Strand.
Heydalsá, Tungusveit	Ragnar og Sigríður	Strand.
Litla-Ávík, Árneshrepp	Sigursteinn Sveinbjörnsson	Strand.
Miðdalsgröf, Tungusveit	Reynir Björnsson	Strand.
Skálholtsvík, Hrutafirði	Guðmundur Waage	Strand.
Valdasteinsstaðir, Hrutafirði	Áslaug Helga Ólafsdóttir	Strand.
Bergsstaðir, Vatnsnesi	Benedikt Guðni Benediktsson	V-Hún.
Bergsstaðir, Miðfirði	Elín Anna og Ari Guðmundsson	V-Hún.
Efri-Fitjar, Fitjárdal	Gunnar og Gréta	V-Hún.
Mýrar 2, Hrutafirði	Böðvar Sigvaldi og Ólöf	V-Hún.
Neðri-Torfustaðir, Miðfirði	Benedikt Björnsson	V-Hún.
Sauðadalsá, Vatnsnesi	Þormóður og Borghildur	V-Hún.
Sauðá, Vatnsnesi	Ellert Gunnlaugsson	V-Hún.
Tannstaðabakki, Hrutafirði	Skúli og Ólöf	V-Hún.
Vatnshóll, Línakradal	Halldór Líndal Jósafatsson	V-Hún.
Þóróddsstaðir, Hrutafirði	Gunnar og Matthildur	V-Hún.
Steinnes, Þingi	Magnús Jósefsson	A-Hún.
Árgerði, Sæmundarhlíð	Kristján og Linda	Skag.
Keta, Skaga	Hrefna Gunnsteinsdóttir	Skag.
Syðri-Hofdalir, Viðvíkursveit	Atli Már og Klara	Skag.
Háls, Svarfaðardal	Arnfríður Friðriksdóttir	Eyjafj.
Hólsgærði, Eyjafjarðarsveit	Sigríður og Brynjar	Eyjafj.
Staðarbakki, Hörgárdal	Guðmundur og Sigrún	Eyjafj.
Stóri-Dunhagi, Hörgárdal	Arni Arnsteinsson	Eyjafj.
Vatnsendi, Eyjafjarðarsveit	Sveinn Rúnar Sigmundsson	Eyjafj.
Villingadalur, Eyjafjarðarsveit	Félagsbúið Villingadal	Eyjafj.
Ytri-Bægisá 1, Hörgárdal	Haukur og Þorvar	Eyjafj.
Brún, Reykjadal	Félagsbúið Brún	S-Þing.
Hlíðarendi, Bárðardal	Erlingur Ingvarsson	S-Þing.
Ingjaldsstaðir, Þingeyjarsveit	Atli Sigurðsson	S-Þing.
Skarðaborg, Reykjahverfi	Sigurður og Helga	S-Þing.
Stóru-Tjarnir, Ljósavatnsskarði	Ásvaldur og Laufey	S-Þing.
Hafrafellstunga 1, Öxarfirði	Hafrafellstunga ehf.	N-Þing.
Laxárdalur, Þistilfirði	Eggert Stefánsson	N-Þing.
Reistarnes, Sléttu	Kristinn B Steinarsson	N-Þing.
Sandfellshagi 1, Öxarfirði	Urðir ehf.	N-Þing.
Snartarstaðir, Núpasveit	Helgi og Lína	N-Þing.
Ærlækur, Öxarfirði	Jón Halldór og Guðný	N-Þing.
Fremri-Hlíð, Vopnafirði	Valur Guðmundsson	N-Múl.
Fossárdalur, Berufirði	Guðný Gréta Eypórsdóttir	S-Múl.
Hali, Suðursveit	Fjölínir Torfason	A-Skaft.
Setberg, Nesjum	Sveitabýlið Setbergi	A-Skaft.
Borgarfell, Skaftártungu	Sigfús og Lilja	V-Skaft.
Úthlíð, Skaftártungu	Elín Heiða Valsdóttir	V-Skaft.
Drangshlíðardalur, Eyjafjöllum	Guðni og Lena	Rang.
Efsta-Grund, Eyjafjöllum	Sigurjón og Sigríður Lóa	Rang.
Fit, Eyjafjöllum	Félagsbúið Fit	Rang.
Skarð, Landssveit	Félagsbúið Skarði	Rang.
Skarðshlíð, Eyjafjöllum	Vilborg Hjördis Ólafsdóttir	Rang.
Teigur, Fljótshlíð	Jens Jóhannsson	Rang.
Ytri-Skógar, Eyjafjöllum	Félagsbúið Ytri-Skógum	Rang.
Brúnastaðir, Flóa	Ketill Ágústsson	Árn.
Gýgjarhólskot, Biskupstungum	Eiríkur Jónsson	Árn.

Lesendabás

Hársbreidd – pistill frá Skjaldfannarbónda við Ísafjarðardjúp

Þessi vetur er búinn að vera hreint djöfullegur. Snjólaust var þó til Þorláksmessu, en þá gerði þriggja vikna samfelldan bleytuhríðarofsá og setti niður ógnarlegar fannir í allar hliðar sem snúa móti suðri og suðvestri og hefur bætt á þær með jöfnu millibili til þessa. Kennileiti og landslag er því sokkið undir samfelldar snjópíljur, víða jafnvel meiri en snjóflóðaveturinn 1995.

Unglingur setti ég saman þessa vísu á snjóþungum vetri:

*Þessi ósköp ógna mér.
Ofar brúnum kletta,
hengjufirn við himin ber.
Hvenær leysir þetta?*

Mikinn kulda mun leggja frá öllum þessum fannbreiðum í vor, þröngt verður um í úthaga fyrir fé frameftir sumri, berjaspretta verður engin og lyng, fjalldrapi og kjarr sem ekki kemur undan fyrr en í haust eða alls ekki hlýtur að drepast á stórum svæðum eins og gerðist 1995. Á móti þessum hrellingum kemur þó að allar líkur eru á óvenjuvænum dilkum því smjör mun drjúpa af hverju strái alveg fram á síðhaust.

Á svona vetri er betra að vera eins og kötturinn með níu líf og þau ekki öll útrunnin. Í ísingarveðrum um hátíðarnar safnaðist – mér að óvörum – klakaklumpur við útljós í burstakverk yfir dyrum og hrapaði svo niður þegar ég á útleið skellti hurðinni á eftir mér. Sleikti köggullinn á mér hnakkann og vinstri öxl og skall svo í sveilið við hælana á mér. Úr honum kvarnaðist nokkuð, en ekki meira en svo, að hann á fjárvog reyndist rösk 18 kg.

Bjargráðasjóður?

En ógnirnar hér eru margskonar. Mikið af girðingum verða í klessu vegna ísingar og snjóþunga. Snjóflóð hafa skaðað þær líka. Öll tún fóru undir þykka svellahellu strax um jól og eru þar að stærstum hluta enn og þriðja kalvorið í röð blasir við. 2012 var mikið kal og hefyngur helmingur þess sem eðlilegt telst í meðalári. Samt náðum við ekki upp í skakkafallaþak Bjargráðasjóðs. Sama sagan á síðasta vori, tveir valinkunnir ráðunautar mátu kal 70–80% á sumum spildum, varla nokkrar



Það er óhætt að segja að bærinn Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp standi undir nafni. Mikil snjóalög voru enn fyrir ofan og við bæinn þegar þessar myndir voru teknar þann 13. apríl síðastliðinn.

Myndir / Jón Heimir Hreinsson

óskemmdar. Veruleg fjárfækkun bæði árin. Nú kom Bjargráðasjóður til skjalanna í vetur með heilar 60.000.-. Sú stétt er nú aldeilis ekki á flæðiskeri stödd sem á sér slíkan bakhjarl þegar í harðbakkann slær.

Ríkisrefir

Í skoðanakönnun vantroysta 86–90% aðspurðra þingmönnum og virðing Alþingis er í takt við það. Titlatog eins og „háttvirtur“ og „hæstvirtur“ valda aulahrulli hjá öllu venjulegu fólki. Innflutningur þeirra „hæstvirtu“ á mink um 1930 olli óbætanlegu tjóni á lífríkinu

og verndun vargs í þjóðgörðum, miðhálandinu og friðlöndum er af sama toga heimsku og skammsýni. Að tala um friðland í þessu samhengi er öfugmæli, því slíkt getur ekkert það svæði kallast ef vargi sem fjölgar sér óheft þar vegna nægs landrýmis og fæðuframboðs fær svigrúm til að

gjöreyða öllu öðru sem lífsandann dregur.

Þann 1. júlí næstkomandi eru 20 ár liðin síðan refurinn á Hornströndum var friðaður, án nokkurra áður gerðra rannsókna á dýra- og fuglalífi svæðisins, eða þess hvaða áhrif nokkurra hundraða refa viðbót árlega gæti haft á lífríki þessa 580 ferkílómetra útskaga og aðliggjandi byggðir. Helsti ráðgjafi ríkisvaldsins í aðdraganda þessa umhverfisslyss, Páll Hersteinsson prófessor, vildi meina að rebbi væri það áttagabundinn að útrás hans yrði lítil sem enginn. En við sem næst bjuggum urðum fljótt vör við norðanrefinn sem flæddi yfir okkur strax á haustnóttum og hreinsaði upp alla rjúpu eða flæmdi hana burt. Spruttu af þessu ritdeilur þar sem ég og fleiri véfengdu heimaþúfuspeki Páls og töldum okkur nú líka vita sitthvað um refi.

Þótti Páli sinn vísindamannsheiður liggja undir skemmdum og fékk því ríkisstyrk 1998 til grenjatalningar, tófurannsókna og merkinga á yrðlingum nyrðra. Af því tilefni setti ég saman brag sem ég læt fljóta hér með:

*Refatryggð við heimahaga
höfðu bændur rægt til бага.
Vísindin því vildu sanna
vit og gildi kenninganna.
Spekinganna flokkur fríður
ferðar ekki lengi bíður,
og í blöðum séð ég hef,
söttist vel að merkja ref.
Haustið kom með hríðar argar.
Heldur varð þá fátt til bjargar.
Ef friðland ekki fæðu gefur,
til ferðar býr sig soltinn refur.
Austur og suður heldur hjörðin.
Hverfa að baki Drangaskörðin.
Yfir jökul aðrir blína,
ekki spara fætur sína.*

*Djúpsins byggðir heilla hugann.
Hér er fjölmörg matarsmugan.
Lyftast vonglöð loðin stýri,
litu við á Rauðamyri.
Fjórir þeirra feigir hittu
fantagóða refaskyttu.
Svo í pósti sendir vini
sjálfum Páli Hersteinssyni.
„Vísindanna“ vöskum smíð
var þá heldur illa við.
Skynsemi fyrir skaut því loku.
„Skammirnar hafa villst í þoku.“*

Heimaþúfukenningin hrakin

Guðmundur Jakobsson frá Reykjarfirði nyrðri, nú búsettur í Bolungarvík var þungavigtarmaður í rannsóknarhópi Páls, þaukunnugur á Hornströndum og grenstæðum þar og hefur glímt við rebbu frá blautu barnsbeini. Ekki var þó pláss fyrir nafn hans á titilsíðu rannsóknarskýrslunnar, enda maðurinn án háskólamenntunar. Guðmundur lét mér í té helstu niðurstöður skýrslunnar sem fara hér á eftir.

Heildarfjöldi þekktra grenstæða 170–180 eða 0,3 á hvern ferkílómetra. Setin greni 43–49. Meðalfjöldi yrðlinga á hverju greni 3,9–4,0. Fullorðin grendýr 86 – 96. Fjöldi gelddýra óljós. Ágískaður fjöldi yrðinga 172–192. Fyrsti merkti refurinn var skotinn við Rauðamyri í nóvember um haustið, í mars náði ég radióref og þeir voru einnig skotnir í Árneshreppi og allt vestur í Dýrafirði. Síðan sáuð bæði merktir refir hér á Langadalssströnd og heyrðist í sendum þeirra sem voru með þeim útbúnaði. Að þeim upplýsingum fengnum var það niðurstaða skýrsluhöfundar að 62 – 156 ungrefir færu árlega burt. Heimaþúfukenning Páls var því orðin að rústum einum. Síðan fyrrnefnd rannsókn var gerð



Indriða bóndi með refi og minka sem hann hefur skotið undanfarnar þrjár vikur.



hefur refurinn lagt undir sig stór svæði í fuglabjörgunum og tímgastr þar eflaust vel. Grenjavinnslu er hætt á sunnanverðum Jökulfjörðum og á Snæfjallaströnd og sömu sögu er að segja austur að Ófeigsfirði nema varist er af sumarfólki í Reykjarfirði og kringum Dranga.



Þó að allt hafi verið á kafi í snjó í og við Skjaldfannardal austan við Ísafjarðardjúp var marautt í Svansvík vestan við Djúpið.

Orðrétt segir „Lambadráp hafarna heyrir því til algerra undantekninga, hér á landi sem annars staðar.“ Ekki er að sjá að mikið hafi verið lagt í heimildaöflun til að undirbyggja þessa staðhæfingu. Þó eru, bara hér frá Djúpi, tvær alþekktar

svæði sem er hátt í 2% af flatarmáli Íslands er refurinn búinn að geryða nánast öllum fugli, nema þeim sem hann kemst ekki að í björgum. Slíkt getur varla kallast annað en stórkostlegt umhverfisslys og er mál til komið að stjórnvöld gangist við fyrri afglöpum og loki þegar í stað þessari vargauppsprettu sinni. Að koma til móts við refaást ferðapjónustu má gera að skaðlitlu með því að friða fáein greni við helstu gönguleiðir.

Líffræðingavandamálið

Síðan fyrsti veiðistjóri Sveinn Einarsson féll frá 1985 hefur látlaust sigið á ógæfuhliðina hvað varðar að halda refum í skefjum. Síðari tíma veiðistjóranefnur hafa verið aðhlátursefni veiðimanna, enda refastofninn margfaldast. Líffræðimenntun sem skilyrði til veiðistjóraembættis frá og með Páli Hersteinssyni var enda ávísun á vernd en ekki veiði.

Betra er að vera af guði ger greindur bóndastauli, en að hittast hvar sem er hámenntaður auli.

Sannleikurinn í þessari gömlu visu hefur því miður kristallast hjá embætti veiðistjóra, sem loksins sofnaði útaf og varð fáum harmdauði. Umhverfisverndarbatteríð hefur algerlega brugðist þeirri skyldu sinni að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra og fugla, en gerðist í þess stað verndari þeirra. Umhverfisráðherrar breyttust í vargaverndarráðherra og drógu úr, eða felldu niður endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna kostnaðar þeirra við grenjavinnslu. Sumar sveitarstjórnir guggnuðu líka fyrir refum og er þar nærtækast mér að benda á þó fáfræði og skammsýni í þessu efni sem sveitarstjórn Súðavíkurhrepps er ófagurt dæmi um. Þar gætu þó sauðfjár- og hlunnindabændur farið að sjá aftur til sólar eftir kosningar í vor, þar sem helstu refavinirnir hverfa þá úr sveitarstjórn.

Í Mbl. 05.02.14 segir Snorri Jóhannesson á Augastöðum, formaður Bjarnalands, félags atvinnumannna í veiðum á ref og mink, um niðurstöður starfshóps umhverfisráðherra um bætt skipulag og framkvæmd vargaeyðingar: „Mér finnst skína í gegn, að það þurfi einhverja veiðistjórn. Hún þarf að byggjast á reynslu og þekkingu á verkefninu sem verið er að skipuleggja.“ Þetta er mergurinn málsins. Höfuðlaus her verður sjaldan sigursæll. En þá þarf líka að breyta hæfnisskilyrðum til veiðistjóraembættis svo líffræðingar

sjáist ekki lengur þar innan dýra.

En það er eins með líffræðingana og refinn. Í báðum tegundum hefur orðið mikil fjölgun og sótt er fast á ríkisjötuna og allar buddur sem hringlar í sér til framfæris. Þannig fékk Ester Rut Unnsteinsdóttir, Melrakkasetrinu í Súðavík og arftaki Páls Hersteinssonar sem talsmaður refa, 4,3 milljónir úr veiðikortasjóði 2013 til að rannsaka hvað refirnir séu að éta. Mikið er nú ánægjulegt og gagnlegt fyrir okkur fáfróða veiðimenn að fá loksins eitthvað að vita um það hvað refurinn leggur sér til munns. Í ár ætlaði svo Ester Rut að sækja sér peninga í Veiðikortasjóð til að rannsaka „afrán refa í sauðfé“, en umsókninni var hafnað af stjórn sjóðsins sem þar með hefur fengið á sig þann stimpil að hatast við æðri menntun og vera enn stödd í myrkum miðöldum.

Atvinnulausum líffræðingum dettur ýmislegt í hug til að rannsaka, svo sem að færa sönnur á að ærnar séu á vorin miklu alvarlegri ógn við eðlilegt fuglalíf en refir, því þær leiti upp hreiður og sleiki úr eggjunum. Nú hagar svo til að á mínu snarrótartúnum eru kjörin hreiðuraðstæður milli hnjúskanna fyrir stelka, lóur, spóa kríur, endur, hrossagauka og lóupræla og tefur stundum áburðardreifingu að ekki sé nú minnst á alla ungana, þegar farið er að slá mánuði síðar. Þessi sömu tún eru þéttsetin lambám fram undir Jónsmessu og engir sjáanlegir árekstrar á milli þeirra og fuglanna.

Varg-fuglaverndunarfélag Íslands

Nýlega fékk ég sent ritið Haförninn frá Fuglaverndunarfélagi Íslands. Sjálf sagt er að friða örninn og vernda og ber að þakka þeim sem að því hafa unnið. En mér hefur lengi fundist að forsvarsmenn fuglaverndar mismuni fuglum gróflega eftir tegundum og sakna þess að hafa ekki orðið var við umhyggjusemi í garð rjúpunnar, anda, æðarfugla, mófugla og atfylgni í stríðinu við ref og mink. Og ekki minnst ég þess að hafa heyrt hljóð úr horni fuglaverndarmanna þegar mávarnir yfirtaka Reykjavíkurtjörn á hverju sumri og éta þar alla andar- og æðarunga.

Hins vegar stekkur Jóhann Óli Hilmarsson strax til er við bændur viljum nauðbeygðir reka af túnnum okkar og ökrum álfta- og gæsaplágu sem veldur stórfelldu tjóni og telur slíkt ógeðfellda hernaðarhyggju. Svo aftur sé vikið að ofangreindu arnarriti finnst mér töluverðrar viðleitni gæta þar til að fegra ímynd arna og fullyrt er að sögusagnir um að ernir taki lömb a.m.k. eftir 1960 séu á veikum forsendum byggðar.

traustar heimildir um lambatöku arna. Gísli Kristinsson frá Hafnamesi í Reyðarfirði, af mörgum kallaður Gísli minkur, var viðurloða hér um slóðir upp úr 1960. Hann var annálaður veiðimaður og sinni grenjavinnslu og minkaveiðum, var fengsæl rjúpnaskytta og kallaði unnvörpum til sín lágfóturnar á fengitíma þeirra, útáliðið vetrar. Hann sá eitt sinn örn taka stálpað lamb inni í Ísafjarðarbotni og fljúga með það áleiðis til hreiðurstæðis síns. Eigandi lambsins bað Gísla að fyrir koma erninum og bauð góð skotlaun, en Gísli hafnaði því.

Vorið 2002 eða 2003 var Jóhanna Kristjánsdóttir bóndi í Svansvík á ferðinni í Ísafirði og varð þá sjónarvottur af því er örn hremmdi lamb sem hún átti og rigndi blóði yfir veginn rétt hjá henni. Sú frásögn kom í útvarpsfréttum.

Lesið í snjóinn

Af þessu arnatilfni má bæta við atburði sem ég var sjálfur þátttakandi í fyrir röskum áratug. Um miðja marsnótt í skafhrið sá ég grilla í hvíta tófu í útiljósjaðri. Hún hikaði við að koma í ætið og hvarf og sást til skiptis. En hika er sama og tapa og er sljákkaði örstund skafmoldina lét ég fara og það kom á hana, hún valt um hrygg en svo hvarf svo út í myrkrið og snjóíðuna og varð að biða birtu til að kanna afdrif hennar. Gott veður var komið um morguninn og eftir gegningar fór ég að rekja blóðferil sem var óglöggur og óvenjulegur að því leyti að það var eins og hver dropi hefði verið dreginn út með tuski. Rakti ég nú þessi ummerki um 100 m niður á túnið og gerðist æ svartýnni á farsælan endi. En viti menn allt í einu kem ég á mikinn vígvöll og í snjónum mátti lesa eftirfarandi atburðarás. Tófan lamaðist aftan við skotið og dróst þessa vegalengd, lagðist þar fyrir og skóf að henni. Hún hrökk svo upp í birtingu við mikinn vængjaslátt eða jafnvel hvassar arnarklær, glennir upp skoltana og hvæsir að illfyglinu sem hefur líklega ekki átt von á þessu lífsmarki hjá bráðinni. En þetta var ójafn leikur, assa reif tæfu fljótlega á hol og innnyflaköggull, m.a. hjarta og lifur, lá eftir. Svo hóf assa sig til flugs með bráðina og stefndi í hásuður til næstu fjalla. Skamma stund rigndi blóði niður í hvítan snjóinn, síðan dropar á stangli, sá síðasti á miðjum Selárisnum. Innyflin setti ég í frysti og fékk greitt fyrir þau sem skottsígildi um vorið hjá Þóri Erni Jónssyni sveitarstjóra.

Indriði Aðalsteinsson, bóndi á Skjaldfönn við Ísafjarðardjúp.

Sýklahreinsibúnaður fyrir vatn

- Einfaldur í uppsetningu
- UV lampi í kvarsumhverfi til hámröskunar sýkladreypandi áhrifa
- Kerfi sem fylgist með líftíma lampans
- Umhverfisvænir lampar



REKI EHF | Fiskislóð 57-59, 101 Reykjavík | Sími: 5622950 | netfong: bjorn@reki.is kristinn@reki.is tryggvi@reki.is



Gæðaplast á góðu verði



Greiðsludagsetning:
Triowrap, 75 cm x 1.500m
Tripwrap, 50 cm x 1.800m
Trioplus, 73cm x 2.000m
Trioplus, 75cm x 1.900m
Rúllunet, 123cm, 3000m

20.06 2014

kr. 11.400

kr. 10.100

kr. 13.300

kr. 13.600

kr. 22.100

20.10 2014

kr. 11.900

kr. 10.800

kr. 14.400

kr. 14.600

kr. 24.600

Þöntunarfrestur er til 20.06 2014
Ofangreind verð eru án virðisaukaskatts
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast



Egilsbolti 1
310 Borgarnesi, S:430-5500
Opíð 8-18 virka daga, 11-16 laugardaga

Sjá nánar:
www.kb.is

Nýkomin felliborð



Fáanleg í mörgum stærðum og viðartegundum

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Reykjavíkurvegi 66 - 220 Hafnarfjörður
Sími: 565 4100 - www.nyform.is

Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar

Við sérsmiðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smiðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli. Láttu ekki stela af þér kútnum!



Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Vélabásinn

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



ISUZU D-Max:

Öflugur pallbíll með mikla dráttargetu

Fyrir skömmu sá ég fyrir utan BL þrjá Isuzu D-Max bíla alla eins útbúna og tilbúna til afhendingar fyrir nýjan eiganda, sem er Vegagerðin. Mig langaði að prófa og sjá hversu miklar breytingar væru á bílnum á fjórum árum, en einn af fyrstu bílunum sem ég prófaði hér fyrir Bændablaðið var Isuzu D-Max og birtist sú grein 28. 1. 2010. Á þessum fjórum árum hefur D-Max breyst bæði mikið og lítið.

Sama vélin gefur visst traust

Dísilvélin er sú sama og fyrir fjórum árum, 163 hestöfl við 3.600 snúninga. Ekki gat ég annað heyrt en að hún væri svipað hávær og fyrr (ef eitthvað var heldur lágværari, en sennilega er ég bara að tapa heyrn). Bíllinn sem ég prófaði

var sjálfskiptur með fimm þrepa skiptingu (var bara fjögur þrep fyrir fjórum árum). Persónulega finnst mér fimm þrepa sjálfskipting ekkert spennandi í svona vinnubjark eftir að hafa prófað sjálfskiptan pallbíl með sjö þrepa skiptingu. Væri ég hins vegar að kaupa svona bíl fyrir mig mundi ég kjósa beinskiptan D-Max með sex gíra kassa. Uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 7,4 á beinskiptum, en 8,4 á sjálfskiptum. Eftir 150 km akstur á meðalhraðanum 39 var ég að eyða 9,7 lítrum á hundraðið á þessum sjálfskipta bíl.

Pallurinn aðeins stækkað

Uppgefin hámarkshleðsla á pallinn er 1.000 kg, sem er óvenju mikið miðað við sambærilega bíla. Fyrir vikið ætti þessi bíll að bera vel aukahluti samanber salt- og sanddreifara, pallhýsi og fleira, en þessum hleðslukosti fylgir ókostur þar sem að fjöðrunin er gerð til að bera svo mikinn þunga verður bíllinn frekar leiðinlegur tómur á malarvegum og þegar farið er yfir hraðahindranir. Þegar ég var að prófa bíllinn var hann eins og hugur manns á malbikinu, en á mól svona tómur var hann vægast sagt hundleiðinlegur. Pallurinn hefur örlítið lengst og breikkað á þessum fjórum árum, en fyrir mína parta mætti pallurinn vera um 20 cm lengri aftur. Spurningin er þá hvort það megi vegna reglna.

Mikil breyting inni í bílnum

Nýi bíllinn er allur rýmri að innan, breiðari og hærri en sá gamli. Nýtt einfalt mælaborð með meiri upplýsingar úr aksturstölvu í mælaborði. Hraðastilling (cruise control), USB- og Aux-tengi og fl. Prufubíllinn var Lux-útgáfan af D-Max, sem er með leðursætum og því mátti miðstöðin alveg vera fljótari að hita bíllinn upp að innan, ekki síst fyrir þá sem sitja í aftursætunum, en þar er ekki sætishitari eins og í framsætunum, sem kom sér vel á þessum kalda morgni sem ég prófaði bíllinn. Stillingar fyrir miðstöðina eru samt einfaldar og þægilegar í seilingarfjarlægð fyrir okumanninn. Útsýni til allra átta er gott og inni í bílnum situr maður svo hátt að það vill minna aðeins á að sitja í amerískum pallbílum eins og Ford 150 eða jafnvel stærri, en oftast en einu sinni stóð ég sjálfan mig að því að líkja þessum bíl við ameríska pallbíla í huganum á meðan ég prufuók honum.



ISUZU D-Max.

Myndir / HLJ



Ætli það sé löglegt að lengja pallinn, og hversu langt?



Ryðblettir í nýju krómi, vekur upp spurningar um endingu króms.



Það er þægilegt að þrifa svona leðursæti, en um leið eru þau leiðinlega köld á vetrum og skapa svitapolla í hita.

Þyngd:	1.950 kg
Lengd:	5.295 mm
Hæð:	1.795 mm
Breidd:	1.830 mm

Mikil dráttargeta

Vélin er sem áður sagði 163 hestöfl, ágætlega snörp og togar vel. Uppgefin dráttargeta með aftanívagn með bremsubúnaði er 3.000 kg (las á einni vefsíðu að dráttargetan væri 3.500 kg), en samkvæmt þessu ætti bíllinn vel að ráða við hestakerru með fjórum hestum, vélsleðakerru með fjórum sleðum og vera með pallhýsi í ofanálag. Það eina sem ég get sett út á bíllinn var hversu stífur hann er á mól tómur (er oftast ánægður með fjöðrun bíla á mól, en var engan veginn sáttur í þetta skiptið), einnig þegar ég labbaði hringinn í kring um bíllinn við annan mann og var að



Innihitanum er alfarið stýrt með þessum rafbúnaði.

dást af öllu króminu á bílnum benti félaginn á ryðbletti í króminu og vaknaði þá spurning hvort krómið

sé eitthvað lélegt á bílnum. Ódýrasti Isuzu D-Max er frá 6.890.000, en Lux-bíllinn er frá 7.190.000.

SUZUKI MÓTORAR OG SUZUMAR BÁTAR

Smelltu þér á Gúmmibát og Mótör. Utanborðsvelar frá 2,5hp til 300 hp. Gúmmibátar frá 2,9 til 4,20m. Nánari upplýsingar á www.suzuki.is og www.suzukisport.is

SUZUKI UMBODIÐ EHF

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

★★★★
Amerísk gæðavara

12 kg Þvottavél

- Tekur heitt vatn > sparneytin
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Þvotta og orkuklassi A
- Engin kol í mótör

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

ÓTRAUÐUR ÁFRAM
MEÐ OLÍU FRÁ COMMA **25% afsláttur***
*TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGDIR ENDAST

5 LÍTRAR

TransFlow SD 15W-40 **3.490 kr.**

TransFlow ML 10W-30 **3.490 kr.**

20 LÍTRAR

TransFlow SD 15W-40 **11.900 kr.**

TransFlow ML 10W-30 **12.900 kr.**

205 LÍTRAR

TransFlow SD 15W-40 **109.900 kr. með vsk.**

COMMA

BílaNaust
Gæði, reynsla og gott verð!

REYKJAVÍK, Bildshöfða 9
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆIR, Krossmóa 4, SELFÖSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGLISTADÍR, Lyngás 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000



ÞAKPAPPI OG RENNUR



STEINULL



BURÐARVIÐUR



VERKFÆRI



TRANEMO
workwear

VINNUFATNAÐUR



GIRÐINGAR-
STAURAR



GIRÐINGARNET
OG GADDAVÍR

BÁRUJÁRN



VERÐVERND BYKO

LÆGRA
VERÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

DAIKIN

-25°C



LOFT Í LOFT VARMADÆLUR

- Framleiddar í Evrópu
- 5 ára ábyrgð
- Þrívíddar loftflæði
- Hreyfiskynjari
- 10°C frostvörn
- GSM stýring*

* Aukahlutur

Ein sú hljóðlátasta á markaðnum -
komið og hlustið í verslun okkar!



Nánari upplýsingar:
lagnadeild@byko.is,
sími 515-4040.



www.byko.is / EXPO auglýsingastofa

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



facebook.com/BYKO.is

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Kristófer og Kristín tóku við Finnörk í Fitjárdal árið 1997 af foreldrum Kristófers, þeim Jóhannesi Kristóferssyni og Soffíu Pétursdóttur.

Býli: Finnörk í Fitjárdal.

Staðsett í sveit: Miðfirði í Húnaþingi vestra.

Ábúendur: Kristófer Jóhannesson og Kristín Arnardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum þrjú börn: Theodóra Dröfn 22 ára, Eydís Anna 19 ára sem er í Menntaskólanum í Kópavogi, Viktor Jóhannes 15 ára og fóstursonurinn Davíð Þór sem er 12 ára. Chihuahua-hundurinn Patti, border collie hundarnir Píla, Húgó og Harpa og fjárhúskötturinn Pési.

Gerð bús? Sauðfjárbú, nokkur geldneyti og hross.

Fjöldi búfjár og tegundir? Um 600 kindur, um 40 nautgripir og 15 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Byrjað á því að koma drengjunum í skólann og síðan er farið í búverkin og það sem þarf að huga að.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Allt er skemmtilegt ef vel gengur.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Með svipuðu sniði en alltaf má gera betur.
Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Við eigum



fullt af góðu fólki sem fórnar tíma sínum og kröftum fyrir bændur.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vonandi vel en alltaf má gera betur við bændur.
Hvar teljið þið að helstu

tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Tækifærin eru eflaust mörg en við verðum að muna það að innanlandsmarkaður er okkur mikilvægur og við verðum fyrst og fremst að einbeita okkur að honum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör og ostur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjötið, það stendur alltaf fyrir sínu.

Eftirminnilegasta atvikið við

bústörfin? Það er svo margt sem hefur verið eftirminnilegt að erfitt er að taka eitthvað eitt. En það má kannski segja þegar við byggðum hlöðuna árið 1999 að það gjörbreytti miklu að fá betri vinnuaðstöðu, bæði undir hey og einnig er hlaðan nýtt á sauðuburði undir fé.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Eigin kryddjurtaræktun gefur lífinu lit

Nú er sumarið komið samkvæmt dagatalinu og ekki seinna vænna að huga að sáningu matjurta. Það er fátt sem jafnast á við að rækta sitt eigið krydd eða grænmeti. Þeir sem vilja stytta sér leið geta þó alltaf farið á næsta bændamarkað eða orðið sér úti um góðgætið í næstu matvörubúð.

Einærar kryddjurtir

Fjölmörgum kryddjurtategundum er hægt að sá eða kaupa forræktaðar og hafa í potti yfir sumarið. Til dæmis þessar:

Dill Hægt er að rækta dill inni í eldhúsglugga og klippa af því eftir þörfum.

Kerfill er fallegur og er með gott anísbragð.

Fennel er gott sem grænmeti og fræið sem krydd. Er með anískeim. Blöðin eru notuð í salöt, kryddlegi, fiskisúpur og sósur.

Garðablóðberg. Garðablóðberg er t.d. notað í pottreitti, kryddolíur, ferskt í salöt.

Steinselja hentar í fjölmarga rétti, út á salat, til að strá yfir kartöflur og krydda smjör.

Kóríander er mikið notað í austurlenskri matargerð.

Rósmarín hentar vel að rækta í pottum eða kerjum.

Salvia hentar í súpur, sósur og fiskrétti. Sérstaklega góð með alifuglakjöti.

Fjölærar kryddjurtir

Graslaukur. Hægt að hafa úti í garði og klippa laukinn eftir þörfum.



Piparminta er notuð fersk eða þurrkuð. Getur orðið hálfgerið illgresi en er hægt að halda niðri með því að laga nokkra mohito-drykki sem eru með mintu og límónu sem undirstöðu. **Ætihvönn** er bragðsterkt krydd. Skera þarf ung laufblöð snemma á vorin en síðan má halda jurtinni við með því að klippa hana reglulega. Auk þess að nota blöðin fersk í salöt eða súpur. **Birki** er orðið vinsæl nytjajurt, bæði sem krydd í drykki og til reykingar á kjöti og fiski. **Blóðberg** þarf að nálgast uppi í móa eða kaupa forræktaða plöntu. **Viltur kerfill** getur orðið illgresi en sumar tegundir eru ætar, og er ein tegundin með mjög góðu anísbragði. Falleg blöð til skrauts og salatgerðar.

Salat með sýrðri olíudressingu

Fyrir fjóra

- › 2 msk. íslensk repjuolía
- › 1 límóna, safi
- › 3 msk. sítrónusafi
- › 1 tsk. hrásykur
- › 1 salathaus, u.þ.b. 150 g
- › Blandað salat
- › ½ gúrka
- › graslaukur
- › þunnt skornar gulrætur

Hellið olíunni í skál og setjið límónusafa, sítrónusafa og hrásykur saman við. Þvoið salatið vandlega í vatni og þerrið vel. Rífið blöðin niður í smærri bita og setjið í skál. Skerið gúrkuna í sneiðar og



